

HUGLEIÐINGAR UM GITA

A Brahmin F.T.S.



Eastern School Press

Some Thoughts on the Gita. - Hugleiðingar um Gita

Tólf fyrirlestrar fluttir fyrir Guðspekifélagið í Kumbhakonam

Eftir A BRAHMIN F. T. S.

*Vísið til "vegar"—hversu dimmur hann er fyrir villta vegfarendur
— eins og kvöldstjarnan er fyrir þeim sem þræða veginn í myrkri.
Rödd þagnarinnar. (Voice of the silence)*

Gefið út af: KUMBHAKONAM BRANCH THEOSOPHICAL SOCIETY
KUMBHAKONAM. 1893.

Þýðingin er úr ljósprentaðri bók sem gefin var út 1983 af:

Eastern School Press

P.O Box 684

Talent, Oregon 97540

U.S.A. ISBN 0-912181-08-07

Þessi bók var upprunalega gefin út af KUMBHAKONAM BRANCH THEOSOPHICAL SOCIETY og prentuð af Sri Vidya Press, í KUMBHAKONAM, Indlandi. Titill bókakápunar var *Thoughts on Bagavad Gita*, en á titilsíðu stóð *Some Thoughts on the Gita*, sem hefur verið sett á þessa endurútgáfu. Talsverðar tilvitnanir úr þessari bókinni undir seinni titlinum eru í *A Treatise on Cosmic Fire*, eftir Alice A. Bailey. Fjölmargir lesendur þeirrar bókar leituðu án árangurs að bókinni undir því heiti. Það var því talið heppilegra við ljósprentun þessarrar bókar (sem var orðin ófáanleg) að hafa heiti bókarinnar *Some Thoughts on the Gita*.

Nafn höfundar bókarinnar er óþekkt, en *Brahmin F.T.S* stendur fyrir Fellow of the Theosophical Society. Upprunalega bókin var merkt *Vol. I.* og ætlunin hefur væntanlega verið að önnur bók fylgdi síðar, en það varð ekki.

INNGANGUR.

Fyrirlestrarnir sem almenningi er boðið upp á , voru skrifaðir á síðasta ári og lesnir upp á tólf samfelldum sunnudögum hjá Branch Theosophical Society at Kumbakonum. Þó áheyrendur hafi verið fáir, komu þeir reglulega. Að beiðni vinar var einn fyrirlesturinn lesinn aftur á ráðstefnunni í Adyar. Eðli og framsetning efnisins vakti áhuga vina og áhugamanna svo að þeir báðu höfundinn að gefa út alla fyrirlestranna. Þannig var ákveðið að þeir birtust í "Theosophist."

Við þessa ákvörðun að fyrirlestrarnir birtust mánaðarlega í „Theosophist;" komu fram efasemdir um að samhengi efnisins, það að skilningur lesandans á nýju efni byggðist á efninu á undan hentaði illa í mánaðartímariti. Hvort það var raunverulegt eða ímyndað, var þetta ein ástæða þess að ákveðið var að gefa efnið út í bók fremur en að sjá það á síðum „Theosophist"

Enn önnur ástæða sem ýtti undir þessa ákvörðun var þessi. Ef fyrirlestrarnir gætu haft almenn áhrif til að beina hugum inn á vegi guðspekinnar, var engin ástæða að að bíða með það frekar. Enn fremur hafði margoft verið rætt, að það tímabil sem við göngum í gegnum sé eitt hið varasamasta í sögu núverandi kynstofns.

Áhersla H. P. B. á að þau áhrif sem við sköpuðum núna væru upphaf og mótun á nýrri hringrás. Því ættum við þá að bíða? Tólf fyrirlestrar sem gefnir almenningi núna í tímariti taki lesendur fram í miðjan fjórða kafla. Tákn tíunda kafla munu ein og sér gefa tilefni til annarrar bókar eins og þessarar, ef efnið höfðaði til almennings. Það stutta tímabil sem eftir var, mun verða liðið að þremur fjórðu ef efnið birtist í tímaritinu, og það voru sterk rök fyrir því að gefa efnið út í bók.

Nokkrar afsakanir þarf að færa fram fyrir því að reyna að skilja hina raunverulegu heimsspeki í Gita þegar heimurinn er fullur af frægð hennar. Þúsundir bóka og útskýringa eru því til staðfestingar. "Hvaða þörf er fyrir aðra bók sem kallast „Hugleiðingar um Gita“? En hugulsamur lesandi mun muna að það er aðeins virðing sem þvingar fram lotningu. Þar sem virðing er, eru oft sannindi undir skínandi yfirborðinu. Nægilegri virðingu er ekki hægt að sýna sannleikanum. Hann er verður alls þess sársauka sem krefst þess að uppgötva hann. Þessi viðleitni er hægt að líta á sem enn einn virðingarvottinn og staðfastir guðspekingar sem eru talsmenn samstarfs verða að fyrirgefa höfundu þessara fyrirlestra.

Auk þessa er annar mikilvægur þáttur sem þarfnast íhugunar! Bagavat Gita hefur ekki enn verið skoðuð út frá sjónarhóli elstu kenninga, sem eru kallaðar indversku Purana kenningarnar –mikið er af einhliða umfjöllun, en mjög lítið af hlutlausri umfjöllun. Eins og sumir evrópskir þýðendur Gita hafa gefið sér sem niðurstöðu að heimspeki Gita kenni mönnum að sitja aðgerðarlausir til að öðlast frelsun, án þess að átta sig á því að það vekur bros hjá Bramhins, líkt og þeirra síðastnefndu hafa einnig farið í gegnum Gita og fjallað um það í löngu máli og komist að þeirri niðurstöðu að siða og fórnarathafnir kindaslátrunar sé viðhaldið gegnum lífið með „velvilja“ drottins og það komi mönnum inná braut frelsunar og það sé tilgangur kenninga Gita. Ég þarf varla að upplýsa lesandann um að slík afstaða tilheyrir frekar Karma-Yoga skólanum í anda Kali-Yuga úrkynjunar. Það eru aðrar umfjallanir sem ritaðar hafa verið af talsmönnum annarra stefna, þar sem góðar hugmyndir eru settar fram og tengjast öðrum sannindum en eru settar fram í anda þeirra skóla. Einn heimspekingur Adwaita skólans lagði áherslu á Sanyasa sem þeytir lesendur sína með rökum um að Karma (athöfn) og Gnyana (þekking) geti ekki verið í sama manni, samkvæmt

Bagavat Gita og gefur margar tilvitnanir úr ljóðunum. Annar heimsspekingu af öndverðum skóla, Visistadwaita, heldur því fram að enginn gnyani geti verið laus við karma og mun geta bent á jafn góðar tilvitnanir úr ljóðunum sér í hag. Lesandi sem laðast að þessum mótsagnakenndu skrifum er eins og hengdur upp á þráð á milli heims og helju líkt og goðsagnakonungurinn Thrusanku, með döprum svip, eins og er á meirihluta fræðimanna eldri skólanna á Indlandi í dag.

Eina leiðin til að losna úr þessum vandræðum er að fara beint að brunninum sjálfum og skilja Gita skilningi hinna fornu Purana,-uppruna Veda — „Secret Doctrine“ H. P. B. En hinir fornu Purana skólar rituðu allt niður með táknum og *pau* verður að skilja áður en lit þeirra verða skilin. En þó tákn þeirra verði ekki að fullu náð af þeim sem eru ekki fullnuma, er hægt að skilja megin útlínur heimsspeki þeirra í því sem H. P. B hefur gefið núverandi og komandi kynslóðum.

Nemi H.P.B. sem hefur litla þekkingu á Sanskrít og lesið verk sem rituð voru á Sanskrít með hjálp rita hennar, getur að mínu mati dregið fram margar eldri hugmyndir úr hinum fornu sögnum og stutt þannig leit áhugasamra nema í Evrópu og Ameríku. En af þessu má ekki draga þá ályktun að það verk sé að þakka Bramhin. F. T. S., sem ritaði þessa fyrirlestra. Ekkert slíkt er í hans huga. Það eina sem hægt er að segja er, að þessir fyrirlestrar eru niðurstaða þakkláts hjarta — hjarta einlægs Bramhin. F. T. S. sem fæddur er í mikla fræðafjölskyldu í suður-Indlandi og getur kallað sig Bramhin, aðeins vegna H. P. B. sem kom honum til hjálpar í að eyða öllum hugsunum sem ella hefðu leitt hann í faðm prestanna.

A. BRAMHIN F. T. S. 1893



SOME THOUGHTS ON BAGVAD GITA

Hugleiðingar um BAGAVAD GITA.

1. Fyrirlestur

Kæru bræður

Eins og vel er þekkt, er Gita hluti af af hinum mikla ljóðabálki sem kallaður er Mahabharata og er, ef svo má segja, kóróna þess. Það er því nauðsynlegt að vita eitthvað um Mahabharata áður en hægt er að skilja innihald Gita. Þetta ljóð, líkt og Ramayana og nokkur önnur ljóð í Sanskrit, hafa margar hliðar og hverjum og einum er frjálst að beina rannsóknum sínum að þeim þætti sem vekur mestan áhuga. Söguleg hlið Mahabharata hefur almennt verið mest rannsökuð, þó jafnvel á því sviði hafi sumir fræðimenn gert mörg mistök. Tregða er nánast táknræn fyrir núverandi fræðimenn, bæði vestræna sem austræna, í því að virða ekki hugmyndir og hefðir Hindúa. Þeim er kastað fyrir vind í anda þeirrar kristnu stefnu að þjappar sögunni saman inn í þröngt 5000 ára tímabil. Þeim kristnu er það fyrirgefanlegt, því þeir eru fastir í skugga þess sem hinir fyrstu kristnu kirkjuféður ákváðu, en fyrir Hindúa er það aðeins fyrirgefanlegt vegna þess að á núverandi öld lýkur fyrstu 5000 árum Kali-yuga.

Hefðirnar sem ríkja nánast á öllu indverska meginlandinu, frá klettóttum hæðum í norðri til sléttanna í suðri, eru orrustusvið Mahabharata sem áttu sér stað í upphafi Kaliyuga, fyrir u.þ.b 5000 árum. Eins og Hr. Sundaramayya segir, var það karmísk refsing fyrir þann eigingjarna anda sem mótaðist á fyrri tímabilum. Samkvæmt hefðbundnum útskýringum höfðu menn orðið að Rakshashas, (djöflum) sökum hnignunar andans, Dharma. Hvert tímabil, hvort sem er 4,320,000 ár, 5000 ár,

eitt ár, eða dagur, byrjar sem Devi (engill) og endar sem Rakshasa. Fyrir um 5000 árum varð einn mesti viðsnúningur í sögu Karmabhumi (jarðarinnar). Þá voru lok mikils tímabils og byrjun á nýju, Kaliyuga, tímabil fyrirskipað af Brahma, eða lögmáli kosmískrar þróunar, til að þróa ólík einkenni. Tímarnir kröfðust birtingu sterkrar sálar, Maha-Purusha, til að aðlaga það eldra og gefa því nýja kraft til nýrra hluta. Þessi Maha-Purusha var Jagat Guru, Sri-Krishna: ekki persónulegur guð eins og einhverjir vildu, heldur jarðnesk vera um tíma á hugarsviðunum. Hann stóð fyrir geisla dökkrrar fegurðar, eins og allir yogar og fræðimenn geta staðfest, sem hvílir í mannlegum hjartalótus. Þessi líkamaði Krishna er einn þeirra andlegu vera sem dvelja á óræðum sviðum og vaka yfir og vernda svið mannglegrar þróunar.

En snúum aftur að ljóðum Mahabharata. Það er vegna mikilla hetja sem börðust til að móta byrjun Kali-yuga, og allt var þar skráð með fögrum táknum. Margir munu spyrja — hvers vegna voru atburðir skýrðir með þessum hætti en ekki venjulegu rituðu máli? Fyrir mér er svarið, og fullnægjandi fyrir þann sem hugleiðir það, fyrir hendi í fyrstu bók „Secret Doctrine“ frá H.P.B. Ég vísa þar til blaðsíðna sem lýsa „Hljóðinu“ sem er einn karmabátta mannsins. Hinir fornu heimsspekingar virðast hafa verið haft andúð á skýrum lýsingum af blóðbaði, -sem virðist höfða til manna enn í dag, eins og vinsælar sögur um draumalönd sem heilla. Það eru nægileg rök fyrir því að hinir fornu sögumenn hafi sveipað hjúpi yfir hið sanna. Hetjudáðir sem þar voru framdar eru líkari átökum á milli engla og hirða Satans en á milli manna. Margar tilvitnanir eru þar um stríð á himnum í siðlegum og andlegum lýsingum. Þar eru lýsingar á manninum og alheiminum

og tengslum þeirra á milli. Sannleikskjarninn er ávallt til staðar eins og sagan sýnir, þegar maðurinn er tilbúinn og forvitnin knýr hann áfram, mun hann finna það sem hann leitar.

Mahabharata er ein slíkra sögulegra goðsagna, full af dæmum um siðgæði og gullnáma fyrir þá sem hungra eftir vitneskju um yfirskilvitleg náttúrusvið. Ljóðið hefur mikið gildi fyrir sagnfræðinga, meira gildi fyrir siðfræðinga og enn meiri fyrir guðspekinema, því hinni miklu baráttu milli lægra og herra sjálfi manna er lýst þar í smáatriðum. Stríðið er kallað Bharata, og það með sterkum rökum. Þeir sem hafa lesið skrif guðspekinnar muna eftir því að sjöhnattakeðjan er líkt við svið mannlega þróun. Þessum sömu sjö hnöttum er lýst í Puranas (fornritum) sem hinar sjö eyjar, eða Saptadwipa-medini. Þessar sjö eyjar eða hnettir eru sagðir eiga tilvist á fjórum sviðum. Númer eitt og sjö eiga tilvist á fyrsta sviði; númer tvö og sex eiga tilvist á öðru sviði; númer þrjú og fimm eiga tilvist á þriðja sviði, fjórði hnöttur er jafnvægið á milli þess fyrsta og sjöunda og er því baráttuvöllur milli guðlegrar og efnislegrar tilvistar mannsins. Þessi fjögur svið tákna hina fjóra lægri tilvistarþætti; linga Sarira (orsakalíkamann), Nephesh eða Prana (lífsorkan), Kama (tilfinningalíkaminn) og umbreytingarþátturinn, Manas (hugarlíkaminn). Vegna þess að Manas er slíkur áhrifavaldur í ferlinu, lítur H. P. B. svo á að hann hafi í sér tvær hliðar, lægri og hærri, sú hærri sem tengill við hærri andleg svið og sú lægri, sál hinna lægri þátta, þríhyrningurinn sem myndar tilvist. Manas er því baráttuvöllur kraftanna í smáheiminum og þar af leiðandi Bharatakhanda (land þjáninga) hinna fornu sagnamanna, Pouranikas. Þróunarstaðan sem við höfum náð er raunverulegt upphaf hinnar miklu baráttu.

Hinar tvær mikilvægu persónur, Arjuna og Krishna, verðum við að kynnast áður en hægt er að skilja stóran hluta þess sem sagt er í Bhagavatgita. Á Indlandi er almennt talað um þá sem Nara og Narayana, og það er nokkuð sennilegt – Nara, eða Arjuna, er mannlegur Monad í þróuninni, í hringrás efnissviðsins á fyrsta geisla (Atma) og í faðmi Atma, eða hinni aldlegu miðju sól,- sem er kölluð Narayana í ritum okkar og hinn óbirti Logos í guðspekiritunum. Það er til almennt Sanskrit orðatiltæki sem segir „Hugur mannsins er ástæðan fyrir efnisfjötrum sem og frelsi frá þeim.“ Hugurinn er miðpunktur allrar tilveru, birting Atma og það er mannlegt egó sem hefur frelsi til að stefna á norðurpól guðanna og óheftrar tilveru, eða suðurpól djöflanna, fjötra.

Á okkar þróunarstigi er hugurinn persónubundinn í eðli sínu og ef hann leitar til norðurpólsins, eða Atma, verður hann sjálfur að vinna sig frá öllum persónubáttum. Þetta ferli sem fellst í að eigið sjálf vinni sig frá persónubáttum sínum er það sem á sér stað og lýst í fyrsta kafla Bhagavatgita. Margar ástríður rísa upp, við son og dóttur, við bræður og systur og önnur tengsl sem myndast í efnisheiminum. „Öll framtíðin getur ekki verið óþörf. En hún er döpur framtíð“ Sá sem hugsar þannig gengur aftur glaður aftur í hefta tilveru og tengsl. Hann afneitar allri baráttu ef hann fær ekki hvatningu eða leiðbeiningum frá æðri öflum. Baráttumaðurinn þarfnast þess mest sem kallað er *vivekam* (dómsgreind), eða það að skilja á milli þess sanna og ósanna, ljóss og myrkurs. Hann verður algjörlega að skilja aðstæður, lögmál alheimsins og kosmíska þróun á öllum sviðum þess. Hann verður að skilja lögmál Karma og gangast undir allar skyldur sínar í lífinu, óháð öllum andlegum og veraldlegum aðstæðum. Það mun ekki gerast, ef hann uppfyllir skyldur sínar í von um að uppskera vitundarlega uppljómun, sem kallað er Nirvana eða Moksha (uppljómun,

lausn). Von um slíkt skaðar ferlið. Fyrir þann sem vill þekkja sannleikann, óháð öllum aðstæðum, verður öll ánægja og sársauki af reynslu eða væntingum að vera sett til hliðar. Okkur verður þetta ljóst, þegar við skiljum að alheimurinn er ein heild með endalausri fjölbreytni.

Ef maðurinn vill sameinast hinu eina eða ná tilveru á hærra hugarsviði, verður hann að temja sér tilfinningu fyrir einingu eða alheims bræðralagi — sem er ástæðan fyrir átaki guðspekinnar.

Ég mun nú ljúka hugleiðingu um fyrsti kafli Gita, um kringumstæður þær þegar Sri Krishna ráðleggur Arjuna, og halda áfram hugleiðingum um seinni kafla.

2. Fyrirlestur

Kæru bræður

Ég hef þegar nefnt það viðhorf sem nemi Brahmayidya verður að hafa, sem byggist á ástúð til jarðarinnar og til andlegra þátta. Nemi verður að beita réttri dómsgreind sem skilur „fullnað þess sem virðist tóm og tómíð sem virðist fullt.“ Samræðan við Sri Krishna sem hefst í öðrum kafla ljóðsins er ætlað að vekja skilning á leyndri þekkingu, hinum sex þáttum, hinum sex heimsspekiskólum sem sagðir eru á Indlandi. Þið hafið heyrt að Veda hefur sex anga eða viðbætur og þeir sem hafa notið þess að lesa guðspekiritin (theosophical) geta skilið að Veda og angar þess mynda tvöfaldan þríhyrning með miðjupunti. Þessi miðjupunktur er að sjálfsögðu hin Leynda kenning (The Secret Doctrine), eða þráðinn, ef svo má kalla aðferð hina fornu fræðara, Pouranic eða fornu kenninga Veda ritanna. Samkvæmt þeim skilningi sem ég hef reynt að gera grein fyrir, verður sönn sundurgreining aðeins frá miðjupunkti, eða aðeins með mikilli ástundun og hugleiðingu á Secret Doctrine, meðan einungis nám í öðrum heimsspekiskólum er einhliða sýn á á einstaka þætti sannindanna. Lesandinn er beðinn um að hafa í huga í þessu sambandi, að hinir fornu heimsspekingar lýstu hinum endanlega sannleika sem er að baki fæðingu, vexti og dauða allra kosmískra kerfa sem sjötungu eldi, sem sést á þessari lýsingu:—

**भूत्वा नारायणो योगी सप्तमूर्तिर्विभावसुः ।
गभस्तिभिः प्रदीप्ताभिस्संशोषयति सागरान् ॥**

(Harivamsa-sköpun lótusins) „Narayana verður yogi, eða eldur hinna sjö forma, brennandi geislar þess slökkna í vatni hafanna.“ Ef sjö er hin endanlega tala, hlýtur hún að birtast á efnissviðunum, hvort sem er á háum sviðum Dhyan-Chohans, það er Bramha-Rishis, eða á sviði Dhyanis, eða í öllum frelsuðum verum. Við getum getið okkur til um hvaða skóla kennari okkar, H. P. B., tilheyrir, af þeirri áherslu sem hún hefur lagt á töluna sjö, sem hún hikar ekki við að setja á æðstu svið í birtingu, jafnvel þó þessi svið í Veda séu þar kynnt með tölunni einum eða fjórum.

En snúum okkur aftur að efninu. Við verðum að muna að Bhagavat-Gita er í huga allra hugsuða hin eina sanna forna kenning eða heimsspeki og verður aðeins skilin með því að setja sig í anda þeirra og án fyrirfram mótaðra hugmynda um þær, meðtaka þær með innsæis sem sannar. Við erum öll ólík í því að skilja sannindi eða sjá ljósið sem lýsir upp þekkingarsviðin og ég er því alveg eins og hver annar lesandi sem leitar sanninda. Í lýsingum mínum er ég aðeins bundinn mínum eigin hugsunum og þekkingu og ég ráðlegg öllum lesendum að meta efnið sjálfstætt, án áhrifa af hvað sagt er um Gita af nútíma túlkendum. Að reyna að skilja slík djúp verk í Sanskrit sem Bhagavat gita, er nauðsynlegt að hugsa á tungumáli bókarinnar, og ég mun útskýra nokkrar skilgreiningar í Sanskrit sem koma oft fyrir, skilningur á þeim verður að vera skýr.

Mikilvægasta skilgreiningin er eins og allir vita, Parabrahm. Það er ekkert orð í Sanskrit sem hefur um sig slíka dulúð sem Parabrahm. Þessi dulúð fær hugann til að hverfa frá því jarðneska og leita upp til upphafs alls sem er, við sjáum að hver trúargrein á Indlandi fer varlega í að fullyrða að þeirra eigin átrúnaðarguð sé Parabrahm til að útiloka aðra guði. Orðið Brahm er dregið af rótinni *brih*, að vaxa, og lýsingarorðið Brahma nær til allra

kosmískra þátta sem hafa tilhneigingu til að birta sig. Ákveðnir kosmískir kjarnar sem viðhalda sólkerfi með eigin hringrás eru kallaðir fæða eða *annam* (Brahm er fæða) í Upanishads, og er Brahmísk í eðli sínu.

Hinar fjórar Vedur samanstanda af mismunandi mantrískum hljóðsamsetningum sem tákna lífssláttinn sem kemur úr fæðuþættinum, og hefur framleitt þetta undraverða samræmi heimsins úr þáttum sínum og kallað er Brahm. Frá þessu sjónarhorni Veda, sem byggist aðallega á tónun eða framburði, er þessi heimur Veda í sköpun, og í mínum huga er þetta sjónarhorn hinna fornu heimsspekinga. En handan skilningi á orðinu Brahma, eru nokkrir aðrir kosmískir þættir. En *Það* eða *Ekki-Það*, sem er grunnur allra þessara kosmíski þátta sem eru tengdir og vaxa af, er hinn hæsti Brahm eða Parabrahm. Forskeytið *para* þýðir „ofar öllu“, *án takmarkanna*, og Parabrahm er það sem lyftir vitundinni upp, jafnvel vitund hinna hæstu yoga og er aðeins hægt að lýsa sem neikvæðri og þannig er henni lýst í Hindu Sastras. Það er kallað „Ekki-Það“ af Buddhaistum og vegna óefnislegs þáttar þess greinir Hindu heimsspekin það sem neikvæðan lýsingarþátt; og þeir hindúar sem eru andvígir orðinu „Ekki-Það“ verða fyrst að finna villuna í eigin heimsspeki. Er Parabrahm eða ekki? Þannig spyrja nútíma Vedista. Íhugum nú hvað orðið merkir þegar það er notað af jarðneskum manni. Það verður að merkja „sem slíkt“. Besta svarið við spurningunni — Er Parabrahm? Er þögn drottins Buddha við vangaveltum munksins Vachagotta. Sama svarið er við spurningunni — Er ekki Parabrahm? *Það* í Veda þýðir hvorki *er*, eða *er ekki*. Ekki-tilvera er aðeins neikvæð tegund af tilveru, og ég hvet alla mína lesendur að íhuga þá hugmynd. Það má líta svo á að Parabrahm geti því verið algjört upphaf allra birtinga, eða hin algera þögn, sem er og liggur að baki allra hljóða eða „Ekki-Orða“ sem kemur á undan og er „Orð“. Parabrahm er hvorki Prakriti

(frumefnið) eða Purusha (andinn), hvorki hlutur né þáttur, hefur hvorki vilja né vitund og er í raun ekkert það sem við getum fjallað um. Það er einungis möguleiki á öllu í eilífum kosmos og þess vegna kallað *Verund* í „Secret Doctrine“. Það má bæta við í þessu sambandi, að þessi *Verund* er punturinn í hinni dulúðlegu sameiningu Prakriti og Purusha. Í fyrirlestrum Mr, T. Subba Row, finnum við að Parabrahm er kallaður ofar Sri Krishna og sem í Gita stendur fyrir hinn óbirta Logos í guðspekinni.

Þessi óbirti Logos gengur undir mörgum nöfnum í Sanskrit ritum, en það helsta þeirra er nefnt Narayana, hið forna nafn Paramatma. Það er því algjörlega nauðsynlegt að skilja merkingu þessarar skilgreiningar. Það kann kannski að auðvelda skilning að nefna að að hinir fornu heimsspekingar hafa ritað um sólkerfið okkar og annars slagið um Alheiminn. Andi hugmyndar um eitt sólkerfi er kallaður Brahma í Sanskrit og Narayana með sama hætti í tengslum við Alheiminn. Þessi afstæði óbirti andi (Purusha) er því andi afstæðrar hugsunar og hin háa leynd er enn óafhjúpuð og ekki á færi einu sinni hinna hæstu vitsmuna. Ég segi óafhjúpuð vegna þess að leyndin að baki alheiminum er kölluð Avyaktam. Alveg eins og það sem evrópskir vísindamenn kalla *ether*, er það haf sem allur hjúpur sólkerfisins er sagður lifa í, fljóta og hreyfast í; Avyaktam er á svipaðan hátt uppruni allra efnislegra birtinga, sem þróar alheiminn og hylur leyndina frá sjónum hinna mestu sjáenda. Af þessari ástæðu er hinn óbirti Logos kallaður Avyakta Murti í Sanskrit og í því sambandi má nefna vel þekkt máltæki „það sem er handan Ayyaktam er þekkt af þeim sem þekkja Narayan.“ Þið sem hafið lesið Gita, munið að — hula Parabrahm — kemur iðulega fyrir. Adwait heimsspekingurinn, T. Subba Row, sagði að fyrir Logosinn, birtist Parabrahm sem Mulaprakriti. Sem ég hef lesið Bhagavat Gita og skilið, sé ég að Krishna kennir sig við Alsjálfr alheimsins — Narayna, og gefur fræðslu

hans. Ef skilningur minn er réttur og að Krishna sé Narayana, er hula Parabrahm algjörlega misvísandi tjáning. Engin hinna fornu heimsspekinga talaði um þennan óbirta Mukta og í raun viðurkenndu þeir algjöra fávísku

sína um þess óbirtu tilveru, Vyasa segir: न चैनं कश्चिदव्यक्तं व्यक्तं वेदितुमर्हति ।

„Engin vera getur skilið á einhvern hátt þennan óskiljanlega Purusha (anda),“ og ég held að orðatiltækið — hula Parabrahm, leiði okkur af leið. Narayana er því andi allar vitundar í alheiminum, algjör sannleikur og vísdomur eins og segir í *Sruti*. Alheimurinn er í honum, eins og hugsýnarstraumurinn er hann sjálfur. Það má lýsa honum sem *Chidahas*, eða svið ljóss eða vitsmuna, sem hefur ávallt í sér hugmyndina um þróun allra sólkerfa. Réttur skilningur hina fornu heimsspekinga Indlands sýnist mér aðallega byggjast á skilningi um merkingu þessarar miðju sem er alstaðar og birtir í sér lögmál alheimsins. Narayana er því Dharmarupi. Geisli þessa sólarmiðju er Jivatma, eða Nara, og - Ayana merkir efst. Samsett orðið Narayana merkir æðstur allra geisla, eða Paranirvana Buddhaísku heimsspekinganna.

Þetta ljósstraumshaf sem er í og myndar Narayana, má ekki líta á sem kyrrt himneskt vatn. Nær væri að hugsa sér þetta haf sem hreyfðist í samræmdum tignarleika sem fugl — svani eilífðarinnar, eða hinum mikla Hamsa. Þessi hugmynd um vatn eða haf sem hafa sína eigin tilveru eru undursamleg lögmál samræmis sem sést í birtingu og þróun sólkerfanna, virkni og gagnvirkni. Narayana er líkt við fugl eilífðarinnar eða endalausan tíma sem takmarkast af tímabilum yugas, meiri og minni hringrásur.

Það er hægt að leiða af orðinu Narayana með öðrum hætti, ef við gefum okkur að hann sé kosmískur andi sem yfirskyggi og lífgi hin kosmísku vötn. Þessi vötn eru að sjálfsögðu hinn afstæði geimur, eða „hin eilífar-duldi

strengur ummönnunar“ í fyrstu birtingu sinni. Í þessu sambandi verð ég að nefna hugmyndin um „vötn“ sem hinir fornu heimsspekingar kölluð svo. Vísindamenn brosa góðlátlega þegar orðið vatn kemur fyrir í þessu sambandi, þeir taka „vatn“ í bókstaflegum skilningi. Ég tel það óréttlætanlegt. Merking hinna fornu sagnamanna um vötnin sem sköpuð voru af hina fyrsta Brahma, var um efnið sem fyllti allt, grunnur allrar efnislegrar birtingar. Frá því sjónarhorni er alheimurinn eins og líkami fullur af vökva og hver birtur dropi hluti þessa mikla hafs, þéttist og birtir ýmsa eiginleika í hafinu. Ég fer ekki í lýsingu á þessum eiginleikum, eða guði Veda, en gott er að muna að það eru höf innan hafa og að hafið er uppruni okkar tilveru, úr hinu salta hafi. Þeir sem lesið hafa Vishnu Purana kannast eflaust við hin sjö svið sem þar er minnst á og hið salta haf er innst þeirra. Narayana er því sá sem lífgaðir hin upphaflegu vötn.

Hægt er að sjá þessa miklu andlegu miðjusól í hinni fornu heimsspeki. Sú hlið er frá hinu eilífa Yagna-Purusha. Yagna-Purusa er sá —sem ríkir yfir Yagna, eða fórnarvenjum sem lýst er í siðahluta Veda, og hann er því Purusha, andi fórnarinnar. Það er ekki ein einasta hugmynd hinna fornu, sem er eins illskiljanleg og þessi, og þar afleiðandi misskilin af núlifandi fræðimönnum sem þessi háleita hugmynd um Yagna. Þegar ég segi „háleit“, á ég ekki við að ég mæli með því hvernig Yagna er stunduð í dag. Ég er fullviss um að hin sanna Yagna hefur afbakast og hnignað eins og svo margt annað, maðurinn líka. Það má líta á allt sólkerfið sem mikið gangverk með sinni stórkostlegu aðlögun í öllum smáatriðum sem efnislega tjáning Vishnu, eða eterískt grunnefni eins og við skiljum orðið í dag. Allt samræmið sem við getum séð í hinum birta kosmos er afleiðing þeirrar samræmdu orku sem birtist þar. Plánetur, heimar, maðurinn eru aðeins hlutar líkamans, sem hver fyrir sig gengst undir lögmálum heildarinnar. Þróun,

viðhald og niðurbrot í alheiminum er því hluti þessu mikla ferli sem á sér stað í sál Yagna, eða í finni líkama náttúrunnar. Mannkynið í heild er hjarta og hugur þessarar sálar (Purusha) og því myndar karma mannkynsins, efnis,-huga og andlega, -einkenni þessa Yagníska ferli. Hinir miklu fornu Brahminar, sem gættu Aríska kynstofninn í bernsku hans, voru allir Yagníkar og lífreglurnar sem þeir fylgdu, eða var krafist af öðrum Brahminum, eru gefnar í Smritis (hindúískum textum, öðrum en Veda) og þeir sem annað hvort hafa lesið Smritis eða hugleitt vel venjulegt líf Brahmina í þorpum okkar, munu sjá hversu laust það er við persónulega þætti. Líkami manns sem lifir slíku lífi er raunverulegur *dharma-kshetram*, (heilagur staður), staður þar sem hið góða er skapað, hver athöfn framkvæmd með löngun til góðra verka og sem hluti heildar og kemur öllu til góða. Hvert talað orð er í anda hins eilífa Veda, söngurinn í takt við orku náttúru lífsins í hennar stórfenglegu göngu frá dögum til nóttu, hvers dags Brahma. Yagnískur hugur er í fullkomnum tengslum við og hluti af huga Brahma.

Sagt hefur verið af evrópskum mönnum að Hindúar geri allt í trúarlegum tilgangi,-líka éta og drekka. Yagníkur Brahmi mun svara:— „Já, ég hef engan rétt til að éta, drekka og lifa fyrir persónulegar þarfir. Persónuleiki er í raun goðsögn. Við erum öll geislar óbirtrar dýrðar, eitt með náttúru þess og sendiboðar, og því höfum við engan rétt til neins nema fyrir hönd þess. Hvað sem okkur er gefið, var okkur gefið af Brahma til þjónustu við hann og því ætti allar athafnir okkar að vera tileinkaðar honum, sem er uppruni alls“

Ég hef hvorki tíma né þekkingu til að fara í smáatriði á sérstökum Yagniferlum sem lýst er í siðahluta Veda, en ég bið lesendur að sleppa ekki neinum kafla hinna fornu Vedarita, án þess að rannsaka þá rækilega og

skilja. Ég er ekki í vafa um að það sem talið er augljóslega fáránlegt felur í sér einhvern dýpri andleg sannindi og mun að fullu ljúkast upp fyrir okkur, ef við aðeins gefum okkur tíma til að skilja það. En víkjum aftur að orðinu Yagna-Purusha, Narayana er hæsta nafn Yagna-Purusha í Puranas ritum okkar. Purusha hefur ekkert form, en er það sem eldur, vatn og Akasa, er af sprottið.

Þetta eru þau öfl sem einu sinni voru hugmyndir í uppbyggingu „Eilífðar tegundar,“ og verða vinnukraftar hið neðra. Ýmis önnur form Yagna okkar sólkerfis eru gefinn og þau verða að vera skilin með rétttri tilvísun á birtingarsviðinu. Formið *Garuda*, eða Örninn, með útbreidda vængi er eitt formið. Villigölturinn með sínar tvær vígtennur, framsettan haus og fjórar lappir, sem stendur fyrir ákveðna rúmfræðilega veru, er annað form. Ég mun ekki hafa fleiri orð um tákn Yagna, en mun halda áfram að öðrum þáttum. Hin andlega miðjusól sem ég hef rætt um, er eins og ég sagði, Bramha eða Hiranyagarba (gullegg) alheimsins. Hann er hægt að þekkja í efnisbirtingu sem guðlegt stigveldi (kosmískt niðurstig vitsmuna frá hinum hæsta) sem færir niður stigann *avyaktam* (óbirta innra eðli náttúrunnar) í *saukhyas* (efnislíkamann) þar sem *avyaktam* stendur fyrir það sem yogar kalla *Parabramham* (hæsti Bramha). Goðsagnir Purana segja okkur að þegar Maha-pralaya stendur yfir þá innbyrðir Narayana líf engla, manna og djöfla og *Lakshmi* (markmiðið) myndar líkama hans, upphaf allra birtinga. Vegna þess að hið æðsta leyndarmál er séð tvíþætt, af eilífu foreldri og eftir ósýnilegum þræði, er Parabramham svið allra möguleika, en svið sem við þekkjum ekki og því þróunarleg nauðsyn í goðsögunum. Eins og þið vitið er Parabramham æðra hvel Krishna og ég hef sagt að sé óefnisleg hugsun í anda *Advaita Vedanta* (Puruṣavāda, Hindú heimsspeki) að þekkja. Ég mun nú gefa stutta lýsingu hvernig lótusinn sem Brahma heldur á, kom í birtingu, en áður en ég fer í það mun ég lýsa allri þróun á tveim miklum þáttum,

Prabhavam og Bhavam, sem hægt er að þýða sem hin meiri og minni náttúra. Sá hluti kosmískrar þróunar sem heldur áfram í ákveðnu samræmi án árekstra við einstaklingsvilja, er birting einstaklings og hærri kosmískrar náttúru. Þegar Prakriti (frumefnið) nær Vikaram (tilfinningum) eða þróar krafta andstæða lögmálum samræmis, er sagt að lægra eðli birtist – Allt í heiminum skín, vegna andstæðna. Ekkert myrkur er, ef ekkert er ljósið. Ef þróun kosmíks kerfis gengur fram eftir fullkomnum ferlum æðri náttúru, hefði kosmísk útpensla ekkert markmið og engan þroska. Ekkert þ.e. engin geisli andlegrar sólar eða *jiva*, (lifandi vera) mun verða vísari við að vera í eintóna dauðasviði. Purana goðsagnirnar segja æðra eðlið geti ekki skinið, ef það hefur ekki lægri náttúruna andstæða sér. Þannig höfum við nú skoðað kosmíska ferla fram að því stigi, að Bramha kemur fram sem æðra birtingarstig og mun ég því byrja að lýsa því stuttlega.

Fyrsta mikla framtakið í birtingu sólkerfis í alheimshafinu er lýst í Puranas sem draumi Markandeya. Markandeya er eilífur meistari, sem hefur orðið vitni að mörgum *pralayas* (hvíldartímabilum) og ferðaðist frá einum helgum stað til þess næsta. Þetta merkir að Markandeya táknar hugsýnina um hvað heimurinn verður þegar þeir setja mark sín á hið kosmíska haf. Markandeya er andi hæstu hugsýnar sem býr í óbirta lógosnum og aðstoðar hann reglulega með orku við hugsýnarinnar til að móta helga staði í heiminum á hinum ólíku sviðum tilverunnar. Staðhæfingin um að Markandeya sé meistari eilífs lífs merkir einfaldlega að hann er tengdur lífsorku sólkerfisins þegar það sveiflast úr birtingu Bramha til þess óbirta Narayana. Ef þú skilur nöfn meistaranna í Purana sem staka einstaklinga sem gera undraverða hluti, missir allt merkingu. Þeir í flestum tilvikum standa fyrir anda þess sem vinnur á kosmískum tilvistarsviðum. Það kunna að vera þúsundir vera sem hafa náð slíkum háum sess að vera ofar því þegar

hvíldartímabil (pralaya) Bramha á sér stað. Þessar verur vinna samræmt að hinu eina lögmáli, mynda einn anda, anda hugsýnarinnar, og sá andi er Markandeya. Draumur Markandeya skiptist í tvo hluta, fyrri hlutinn er í svo djúpum draumi að meistarinn þekkir ekki sjálfan sig. Honum er hann horfinn og eilífðin er að reyna að setja mark sitt á hann, Markandeya hrekkur upp og fer til baka þaðan sem hann kom, þ.e. úr kviði Drottins Narayana. Seinna skiptið birtist hann úr munni hans, og í þetta sinn þekkir hann sjálfan sig og tilgang, snýr svo til baka í kviðinn til að styðja framtíðarbirtingu síns eigin draums.

Vötnunum er fengið mikilvægt verkefni af eldi hugsýnarinnar, og nauðsynleg verk sett af stað. Það má sjá það sem einskonar fögnuð sem berst gegnum vötnin sem að lokum getur af sér hina fimm Mahabootams, (frumöfl, skynjanir) sem ein gera allar birtingar mögulegar. Þau fimm mahabootams, mynda kosmískan lótus. Lótusinn, eins og þið vitið, táknar heimskerfi og það sem hér er fjallað um, er að sjálfsögðu sólkerfið á fyrstu stigum þess. Birting lótussins byggist á ljósi Bramha, eða lýsandi orku (Tejas) sem nefnd er Akas. Orðið Akas merkir það sem lýsir alstaðar, og líta má á sem tímabundna birtingu óhlutgerða geimsins, eða avyaktam, sýningartjald alheimsins sem hjúpar upprunann. Vitundarandi lótussins, sem birtist í Akas er kallaður Bramha, stundum nefndur Yogi lótussins. Það sem ég skrifaði um Markandeya, á einnig við um Yogi Bramha. Hér er ekki um að ræða sérstakan einstakling, heldur vitsmuni sem gefur lögmálið mörgum einstaklingum sem hafa náð þessu stigi. Eins og ég hef nefnt, þá hefur þessi Bramha logos sömu tengingu við sólkerfi okkar og Narayana hefur við allan alheiminn. Hann hefur í sér þróunarlögmál alls orðsins, og er, ef ég skil það rétt, lokaorð allra guða sem vilja komast úr hinni fölu takmörkuðu tilveru. Í Puranas, er hann sagður vera gerður úr hugum allra

tilvera (bhootas), og það er því rangt að hugsa sér að sá sem hefur góð tök á huga sínum og persónu og geymir sjálfsvitund sína gegnum allar hæðir andlegs þroska sem hann nær, muni ná stigi drottins Bramha, andlegum Yoga lókus eylandsins.

Af því að ég hef nefnt að lokastigi Bramha sé mögulegt hægt að ná, þeim sem hafa góða stjórn á huga sínum, er ekki hægt að álíta að það sé það stig sem nefnt er Bramha-lokam í Sanskrit ritum. Það er ekki svo. Bramha-lokam er staða hins óbirta logos, sem ekki er hægt að öðlast á þessu stigi, en er mögulegt í fjarlægri framtíðinni, sem ég held að ekki einu sinni fullnuminn viti hve löng er. En samræmt lögmálinu sem ræður öllum þróunarþáttum sólkerfis og fellir niður hverja huluna af annarri í tímarás, sýnir aðeins að við hvert kalpatímabil þróast sólkerfið á hærra stig, og í fullnustu tímans fellur sýningartjaldið, Avyaktam. Þá birtist hið sanna Nirvana, eða Paranirvana Buddhistanna, sem er Bramha-lokam okkar Purana heimsspekinga, þá rennur sjálfsvitund þessara einstaklinga saman í Alsjálfíð, Bramha-loka, sem ég hef nefnt og er hið hæsta svið Vishnu.

Þetta er ekki sjónarmið heimspeki Bankhyas í Indlandi. Þeir taka ekki undir að avyaktara, eða óhlutgerður geimurinn sé hula Purushottama sem þjóna Bramha í nokkrum sólkerfum. Þeir einfaldlega líta svo á að sólkerfi verða til, þroskast og deyja í lok nokkurra Kaplatímabila, hverfa í avyaktam og endurfæðast undir áhrifum eilífðar orku. Þegar það endurfæðist, endurfæðast allar verur með því frá síðustu hringrás þess af nauðsyn. Maheswara, eða orka avyaktam er lokatakmark allra vera og engin ástæða til að fara lengra. Vegna þess að það er bramhíst stig handan hulu sólkerfis, er engin ástæða til að halda að það sé sambærilegt stig handan

avyaktam, handan Parabrahmam, í hafinu þar sem heimar fæðast til að þroskast og deyja fyrir virkni hinnar eilífu orku, eða Sakti.

Aðrir heimsspeki skólar svara þessu, „já, það avyaktam sem þú telur Parabramham, er aðeins Moolaprakriti, eða aðeins það sem klæðir allt. Það verður til við að Mooia-Purusha gefur vitsmuni öllu því sem er til staðar. Vitsmunir Maheswaric sem eru allstaðar í öllum hlutum og í Avyaktam, eru aðeins skugginn á sviðinu af Purusha, eða Narayana. Prakriti og Purusha eru Asat og Sat þættirnir, nei- og jákvæðu pólar Parabramham, sem að nefna er síðra, en að nefna ekki. Það er vegur þarna á milli þessara tveggja heimsspekiskóla, sem leggur áherslu á kosmísku hugsýnina. Fyrsti skólinn sem aðhyllist Alvitundinni, eða Narayana má líta á sem Leynda skólann, eða Sankhya- Yoga skólinn. Þessi skóli í sínum upprunalega hreinleika aðhylltist Alvitundina, þó hann viki frá skilningi sínum á markmiðinu. Það má líta á þennan skóla sem Yoga skólann og endanleikinn er það sem er kallað Karya-Bramha lokam, eða svið Karya Bramha, eða háleita aflið að baki sólkerfi. Til að öðlast markmið þessa skóla, er að ná virkni í háleitri stofnun þessa sólkerfis og styðja það með orku hugsýnar. Þeir sem ná þessu markmiði má kalla óvirka yoga, þar sem þeir hafa samkennt sig við kosmíska hugsýn, bæði í góðu og illu, og synda með straumnum. Ég bið ykkur vini mína að lesa gott Sanskrit verk, eða „Secret Doctrine“, og hugleiða þetta efni. Þá mun hlutirnir aðeins verða skýrari í huga ykkar.

Orkan sem ríkir yfir Yoga og Sankhya heimsspekinni er kölluð Narayana Yoga og Kapila í Sanskrit Puranas. Sú fyrsta er kölluð Yoga Charya, hin Sankhyacharya og miklu skiptir að skilja eðli þessara tveggja krafta. Nöfn þessara þriggja, Bramha, Narayana Yoga, og Kapila standa fyrir þrjú mikil sjónarhorn sem skoða alheiminn, sá er veit, þekkingin og hið þekkt, þessi þrjú eru rekjanleg til hins óbirta logos eða Alsjálfíð, hugsýn hans, og

hlutlægu hliðarnar sem allir sjá sem neðar honum standa. Eins og ég hef nefnt, þá stendur Bramha fyrir sjálfsvitandi einstakling, og þeir sem halda fast í þann einstakling eru Sankhya Yogar, eða namar sem sjá Sankhyam og Yoga sem er einn og sama. Skólinn sem stendur fyrir Narayana Yoga leggur áherslu á hugsýnina, og þeir aðrir sem tilheyra Sankhya skólann, leggja áherslu á Avyaktam og alla kshetrams, eða líkami sem eru fæddir af avyaktam. Þessir þrír skólar eru Satwic, Rajasic og Tamasic þættir sannleikans. Í Puranas er sagt að Bramha verði Sambhoo með því að skipta sér í tvo hluta, Narayana og Kapila, og þetta eru kannski Sanskrit nöfn þeirra tveggja Bodhisatwas, sem eru kynntir í athugasemdum í „The Seven Portals“, og eru sagðir lifa í garði Amitabha og veiti ljósum sínum yfir hina þrjá heima.

3. Fyrirlestur

Kæru bræður

Í síðasta fyrirlestri mínum, nefndi ég yogann í lótusnum, drottinn Bramha, og það krefst mjög djúprar hugleiðinga að ykkar hálfu, þar sem öll ástundun nema í Bramha-Vidya, kemur fram í réttum skilningi á þessum yoga. Ég legg sérstaka áherslu á þennan fræðilega skilning á þeim persónum sem koma fyrir í Purana ritunum, því það eitt mun leiða nemann gegnum alla erfiðleika og hættur í sálarþroskanum. Það er ekkert í mannlegum athöfnum, þar sem hugmynd gengur framur verkum. Engin herstjórnandi leiðir her sinn gegnum ókunnar slóðir, án þess að hafa kannað þær vel, og engin arkitekt reisir byggingu án þess að hafa gert það áður í huga sínum. Þessari reglu þarf nemi að beita með miklum aga við ástundun við Bramha-Vidya, þar sem um er að ræða mikilvægari hluti en allt annað í mannlegu lífi. Ekkert annað er eins fjarstæðukennt eins og að ástunda Yoga, og af hverju er ekki skilið að neinu leyti. Heimsspekinga Purana segja okkur að Kaliyuga sé tímabil þar sem ljós og skuggar eru í hlutföllum einn á móti fjórum, og ljóminn því mun meiri en gullið. Mikill fjöldi falsspámana, sumir hverjir með enga hæfileika, er hægt að finna á Indlandi, og það sem þeir kenna getur valdið miklum skaða ef það er ástundað í góðri trú. Tryggt ráð gegn slíkri illsku er sundurgreining eða þekking á Atma og Ekki-Atma. Það er eins og þið vitið það fyrsta af hinum fjórum sadhanas, eða það sem þarf að yfirvinna og getið er um í Veda ritunum og er skilið af mörgum núlifandi lesendum þeirra með alveg sérstökum hætti. Þeir segja að Parabramham sé sannleikurinn, og allt annað sé tálsýn og blekking, eins og snákur í böndum.

Mjög undarleg niðurstaða verður af þessari afstöðu— hún hafnar öllum sviðum Asat og blekkinga, samþykkir aðeins Parabramham sem hinn eina sannleika, eftir er bert svið möguleika og afneitunar. Þessir Adwaitar eru því algjörir trúleysingar og afneita með fyrirlitningu allri þeirri þekkingu sem Veda, Itihasas og Puranas hafa fært okkur. Það ætti ekki að vera staða manns sem skilur fyrsta afrekið nægilega. Hann ætti að skilja verk þróunarkraftanna sem hafa skilað því frá óþekktum uppruna niður í grófa reynsluheiminn, hefur skapað breytileg lífssvið og efni sem hentar þeim, og lögmál innri og ytri þátta sem stjórna virkni þeirra vera sem eiga sér bústað í þeim. Það sem er innri skynjun á lægri sviðum, getur orðið ytri birting á hærri stigi. Reynslan á lægra sviði sem er álitin vera um tíma *hans eigin* reynsla, kann að vera atómísk hreyfing líkama þegar sá sami gengur upp til hærri sviða. Það sem er raunverulegt á einu sviði, kann að vera algjörlega léttvægt skoðað frá hærri sviði, og því er fyrsta afrekið þekking á hinum ýmsu aðstæðum sem náttúran skapar í birtingu sinni. Í raun merkir þekking á Atma og ekki-Atma þekking á eigin sjálfi, þróun heimsins og tengslunum milli þeirra.

2. Atma, merkir eins og þið vitið, sjálfið, egóið, eða vitundarmiðjuna þar sem öll reynsla heimsins í sinni tvöföldu bólstrum, sýnilegra og ósýnilegra þátta, raðar sér saman. Það er eins og einn fókus, þaðan sem skína ljósgeislar sem lýsa upp kosmísku vötnin og sameinar endurkasti ljósanna þaðan. Í guðspekiritum er það kallað hærri Manas (hærri hugurinn). Frá þessu sjónarhorni er hærri hugurinn mikilvægasti þátturinn, eða lykilatriðið í mannlegri tilveru, hin sanna sál. Það er þráðurinn sem hver verður að þræða sig eftir, sem vill þekkja sannleikann og lyfta sér upp úr þessum skilyrtu aðstæðum.

Af þessu má vera ljóst að Atma stendur fyrir 7da þáttinn í sjöskiptingu guðspekinnar og að Manas er mun lægra í þeirri skiptingu. En skýra svarið er að 7di þátturinn er endanlega stigið sem hægt sem sjálfið getur náð þegar farið er yfir haf takmarkaðrar tilveru, eða samsara (hringrás lífs og dauða). En snúum aftur að lóthus Yoga Bramha, Hann stendur fyrir uppruna alls hugarafls í náttúrunni, og þar með hjarta alls í náttúrunni. Þið munið sjá að í allri birtingu Vishnu, hvort sem er í dýri eða manni, hefur Bramha stöðu hjartans. Til að fylgja eftir verkum þessa Yoga í allri hans miklu hringrásaráætlun, er að fylgja fræðslunni um hjartað og verða hluti af Bramha, að lifa í ljósi hans, og vinna verk Yogans í þessu tímabili. Á tungutaki guðspekinnar, er það að verða Bodhisatwa (frelsari), sonur Dhyane yoga, eða í Sanskrit, Bramhin, sonur Bramha, lóthus Yogi.

3. Ég mun nú halda áfram að setja fram við ykkur lýsingu á og skýra út annan kafla Bagavat Gita, og hugtök í Sanskrit sem koma oft fyrir í ritunum, og sem krefjast fullkomins skilnings svo Secret Doctrine og Bagavat Gita skiljist á réttan hátt. Leiðbeiningarnar sem Sri-Krishna gaf Arjuna, voru gefnar eins og við vitum á vígvelli, þegar Arjuna var í ákveðnu hugarástandi. Allt sem hann elskaði á jörðu, og allt sem var þess virði að lifa fyrir í augum Arjuna, var þar á sviðinu saman komið gegn honum, ákveðið í að yfirbuga Arjuna og beygja hann í duftið. Hann fann sig í algerri örvæntingu, og lögmál hins stórkostlega lífs sem gefur manninum hamingju og Swargam (Himnaríki) í lífinu eftir dauðann, endurtók sig í huga hans og gerði hann óhæfan til nokkurrar niðurstöðu, né um hvað hann ætti að gera. Sri-Krishna sagði „Meistari syrgir hvorki lifandi né dauða“. Það er af sama meiði og gefið er í „Voice of Silence“; „Verið góðir og lífsglaðir lærisveinar; skoðið hina gullnu reglu.“ Að vera í góðum anda í öllum kringumstæðum, góðum sem slæmum, er nauðsynleg regla í lífinu fyrir nema í Bramha-Vidya, því það eitt

varðveitir jafnvægi hugans, sem samsvarar brosandí ró sáðmanns lóttussins í vatninu, sem skapast af sannfæringu um að hver og einn sé eilíf vera óskilyrt af tíma og rúmi. Hvað í raun getur hent guðlega veru sem kennir mannlega veru? Ekkert, því sú vera er af sviði eilífðarinnar. Allar breytingar sem geta gerst, og henda hann, ná aðeins til íveruhjúps hans, en ekki sálar. Hjúpur hans kann að eldast og deyja, og verða skínandi eins og devachan, en sálin breytist ekki. Sársauki og ánægja, hiti og kuldi, eru þær breytingar í hjúpnum, með öllum sínum skynjunarljósum, og það er skylda manns sem leitar visku að meðhöndla þau með afskiptaleyssi sem slíkar breytingar eiga skilið. Sá sem gerir mikið úr litlu tilefni, getur ekki náð inn í ódauðleikan, þar sem hann kysir að tengjast því lítilvæga.

4. Slík tenging við lítilvægið, er nákvæmlega það sem kallað er að kenna sig við Asat. Asat og Sat eru þau tvö mikilvægustu hugtök í fornri heimsspeki, og orð um þau eru ekki óþörf. Sat er hið varanlega og óumbreytanlega í samanburði við það tímabundna og breytilega. Hið eilífa Sat í Alheiminum er það sem hægt er að lýsa sem Narayana, og Asat er skugginn sem fylgir honum í öllum hans hugsýnum. Asat er því afsprengi Avyaktam og hefur afl sitt á sviði Prakriti (efnis), og öllum breytingum á ósýnilegum og sýnilegum sviðum þess. Til dæmis eru allar lægri hugmyndir manna sem verða til á efnissviði jarðarinnar og eru óhæfar fyrir sjálfsvitund einstaklings og hærri svið, er einn hópur Asat, en háleitar hugmyndir og draumar einstaklinga eru tengdir Sat. Þannig segir Sri-Krishna „að hætta er ekki í anda Sat, eins og þeir vita sem þekkja sannleikann.“ Sá sem lætur alla lífsorku sína í greipar Asat, verður þannig að taka á sig einkenni Asat, mun ávallt sveiflast á milli sársauka og ánægju, frá lífi til dauða og aftur til lífs.

En andlega sólin sem fyllir og lýsir öllum hinum birta alheimi breytist ekki og engin vera, þó upphafin sé, getur eytt henni. Þeir líkamar sem þessar andlegu verur klæðast, er háðir lögmáli fæðingar og dauða og fæðast þannig inn í ríki Asat meðan þessar verur eru sjálfar ódauðlegar. Eins og gömlum lörfum er hent og við klæðumst nýjum, hendir hin andlega vera af sér úr sér gengnum hjúp og tekur á sig nýjan og það er kallað dauði og fæðing.

5. Til viðbótar þessum hugleiðingum á andlegu hlið spurningarinnar, hugleiðingum sem leitast við að varpa ljósi á að allur ferill dauðans sem gerist fyrir dyggð Karmalögmáls náttúrunnar, er aðeins aðlögun að efnissviðinu og leiðir hugann að því hvort Arjuna hafi fæðst sem Kshatriya, til að taka það karma á vígvellinum. Kringumstæður sem hann hafði enga stjórn á leiddu til hins mikla stríðs sem hafði kallað Arjuna til orrustuvallarins gegn vinum og ættingjum sem óvinum, af ástæðu sem Arjuna hafði sjálfur orsakað. Þurfti Arjuna vegna réttlátrar ástæðu að hörfa af orrustuvellinum frá sigrihrósandi óvinum sínum, vegna persónulegra samskipta við stjúpbroður og sonar móðurfrænda í efnislífinu, eða átti Arjuna að kasta því til hliðar, og standa við ástæðu sína og taka hinni miklu réttlætisástæðu? Örugglega þá síðari og Sri -Krishna gaf góða ráðleggingu.

6. Ráðleggingarnar verður að skilja frá sjónarhorni dulspekings með mikla eiginleika. Við megum ekki halda að hægt sé að ná háleitu markmiði Bramha Yidya meðan maður hefur ástríðu fyrir jarðneskum hlutum. Hins vegar er ástæða til að ætla að mjög lítill þroski eigi sér stað hjá þeim sem hafna slíkum ástríðum. Þessi huglægu bönd geta ekki haldist á lífssviði þar sem mannvera verður að afneita allri sérhæfni, og viðhaldið óhemju ást á mannkyninu sem heild og til eilíðar, eins og hreint vatn sem getur þvegið

huglæg óhreinindi heimsins. Eins og ég hef áður sagt, verður að líta á þetta þroskastig þegar dulspekineminn er kallaður til að hafna öllum jarðneskum tengslum og finnur sig þess vegna í mikilli örvæntingu. Slík afneitun má ekki vera bundin því að fá slíkt ríkilega endurgoldið. Það mun spilla framförunum nemans við að ná ópersónulegri stöðu. Afneitunin verður að eiga sér stað, ella heldur orrustan áfram, ekki vegna einhvers sérstaks, heldur vegna þess að framhald slíkrar baráttu er lögmál eða æfing í einfaldri skyldu. Vinir mínir, eftirfarandi vers á skilið alla okkar athygli og íhugun.

सुखदुःखे समे कृत्वा
लाभालाभौ जयाजयौ ।
ततो युद्धाय युज्यस्व
नैवं पापं अवाप्स्यसि ॥

„Ó Arjuna, líttu sársauka og ánægju, hag eða tap, ósigur eða sigur, í sama ljósi og undirbúðu þig þannig fyrir orrustuna. Að berjast þannig, mun framkvæmd þín ekki spillast.“ Fræðarinn hélt áfram „skylda þín er að framkvæma, en ekki að líta á ávexti slíkra verka.“

Eitt var enn sem fræðarinn lagði áherslu á við Arjuna, en það var þetta — Allir erfiðleikar sem neminn þarf að yfirvinna á leið að takmarkinu, eru erfiðleikar sem hann mætir hvort eð er einhvern tímann, þar sem allur heimurinn vinnur stöðugt að því sama. Ef maður á erfitt með að líta á líkamann sem skugga, sem á ekki skilið mikla hugleiðingu, þarf hann að minnast þess að dauðinn er ákveðið markmið sem líkaminn stefnir að. Hvað gott getur falist í að tengja líkamann einhverju mikilvægi sem náttúran

ætlaði honum ekki? Líkt og kosmísk lögmál hafa verið rannsökuð af andans mönnum um ótölulegar aldir og leitt þá að þeirri niðurstöðu, að heimurinn vinni stöðugt að markmiði sem er mögulegt að ná núna, af þeim sem láta Bramha Vidya vera leiðbeiningu lífs síns. Allar fórnir sem slíkur maður þarf að færa eru allar hluti af áætlun náttúrunnar fyrir framtíðina, það er því einfaldur kjánaskapur að gráta eins og barn þessa hluti sem eru svo verðmætir jarðneskum hugum.

7. Kæru bræður, ef þið haldið áfram að lesa annan kafla Bagavat Gita vandlega munuð þið sjá að fræðarinn sjálfur gefur tvennskonar ráðleggingar, annars vegar um Sankhya og hins vegar um Yoga. Í versí 39, segir hann: „Ég hef sagt allt þetta frá sjónarhorni Sankhya, en heyrið nú af Yoga Budhi“. Það er því mikilvægt fyrir ykkur að fá skýra mynd af merkingu þessara tveggja hugtaka. Ég hef þegar gefið óljósa mynd um þá tvo skóla sem leiddir voru af Yoga Charya og Sankhya-Charya. Eins og framvindur rannsókn okkar á Bagavat Gita taka hlutirnir að skýrast í huga okkar. Sankhya er útskýrt af Sri Sankara Charya, sem er einn þeirra huga sem ávallt eru í Parabramham, og þeir hugar eru allir samstíga um Paramartha, eða endalegan sannleikann og þeir eru einhuga frá fæðingu um að Atma hvorki framkvæmir né nýtur. Yogi er skilgreindur af honum sem sá sem hefur ekki fullkomna andlega sýn, og leggur þar afleiðandi öll verk og ánægju í Atma, og leitast því við að laga sig að stórkostlegum heimi til að fullnægja sinni eigin vonum. Ég mun ekki núna fjalla frekar um þessar lýsingu, en kjarninn ætti að vera skýr fyrir ykkur. Ég hef þegar upplýst ykkur um að miðju heimsspekiskólinn má kalla Sankhya — Yoga skólann, sem hefur því tvær hliðar. Önnur hliðin er Sankhya, eða viskuhliðin. Hún fjallar um skynjun nemans á hinum eilífu sannindum í náttúrunni, sem er í mótsögn við allt sem er tímabundið og breytilegt, eða sundurgreiningu nemans á Atma og

Anatma. Hin hlið Sankhya, er Yoga hliðin, eða karmíski þátturinn sem tengist öllu sem neminn þarf að gera til að ná hærra og hærra stigi andlegs þroska. Sankhya er gnyanam (þekking) og Yogað er karma (athöfnin). Þeir sem fullkomna sig andlega, næra hugmyndina með því að hann sé einn með öllu og allt dragi andann með honum og hann dragi andann með öllu, en á sama tíma dragi sig frá karmahjóli heimsins, eru Sankhyar. Þeir sem telja sig hluta af karmahjóli heimsins, en vilja þroska sig meira og til hærra tilverustigs svo að ekki bæti á karmað, eru Yogar. Þriðji hópur fólks sem þroskar sig andlega og stefna að meiri þekkingu, en á sama tíma taka á sig karmabyrði heimsins og þannig létt karma mannkynsins, eru Sankhya Yogar eða visku Yogar. Af þessum þremur hópum, stendur fyrsti hópurinn fyrir vitsmunum, eða visku þessa sólkerfis, annar hópurinn stendur fyrir andlegu, eða hugsjónalífi, og þriðji hópurinn stendur fyrir hjartað, eða miðju allra andlegra lífa og gangverk allrar visku á meðal manna. En snúum okkur aftur að tjáningu okkar á Purana, við getum sagt að Sankhyas hafa að markmiði eystri helming kviðs hins mikla Aditi, Sankhya Yogar hafa að markmiði vestari helming kviðsins og Yogar hafa miðjuna sitt markmið, vömb Aditis merkir kosmíska lótusinn þar sem við öll eigum okkar stað.

8. Förum að versni 39 í öðrum kafla. Sin Krishna lýsir í hvaða hugarástandi Arjuna ætti að hafa verið, og það ástand var að líta niður á alla sýnilegu náttúruna sem málverk með síbreytilegum skuggaformum, málverk sem verður til í ímyndun og verkar vegna lífgefandi ljósgeisla sem streyma frá hinu eina sanna — Atma, andlegri sól heimsins. Hvers vegna ekki að styrkja öll tengsl við sýnilegu náttúruna og hverfa frá öllum tilstandi lífsins? Svar Sri Krishna er karma. Yoga sem frelsar úr böndum karma. Tillaga fræðarans er því, þetta karma Yoga, þó einfalt sé í eðli sínu, heldur mannum óttalausum. Þegar orðið karma Yoga er nefnt, er hægt að rugla því saman

við fórnarsíðum sem getið er í óræðum textum Vedas. Fræðarinn var umhugsað um að halda huga Arjuna frá röngum hugmyndum sem spruttu af fáfræði og eigingirni og fordæmdi slíka grimmd í máli. Eins og ég hef sagt, þá er kosmosinn í allri skiptingu sinni, í tjáningu Veda og Krishna bendir Arjuna á að Veda vísar til heimanna í birtingu og hvetur hann til að rísa ofar þeim, í hugarró og hreinleika hjartans. Hann bendir á að Bramhin sem býr yfir visku, finni í henni fullnægju sem yfirskyggi allt það sem þeir leita sem ekki hafa komist undan töfrum hinna þriggja efnissviða.

9. Eftir þessa aðvörun, deilir fræðarinn hugmyndum sínum um Yoga, megin atriðin sem felast í þessari setningu;

**कर्मण्येवाधिकारस्ते
मा फलेषु कदाचन ।**

„skylda þín er að framkvæma, en nær ekki til ávaxta verkanna.“ Yoga er skilgreint af honum sem hugarástand sem er tilbúið til verka, án hugsunar um hverjar afleiðingar þeirra eru. Slíkt hugarástand er kallað Budhi Yoga, sem er langtum framar venjulegu karma. Allir hugandi menn, eins og Sri Krishna segir okkur, að leita skjóls í Budhi Yoga, sem er að sjálfsgöðu ekki Yoga þeirra fáfróðu sem vinna fyrir afraksturinn. Allir miklir menn sem hafa náð ströndum Samario, hinu óbreytanlegu ástandi, eru það vegna algjörar afneitunar á ávöxtum karma. Spurningin vaknar um hvernig menn ná stigi þessa Budhi Yoga. Svarið sem gefið er, að aðeins þegar hugurinn er innblásinn af þekkingu á Atma og Anatma og hreinn af móðu fáfræði og blekkingum náms eða hugsanna, byrjar hann að greina hið sanna frá því ósanna, og lætur ekki það lítilvæga sem eru ávextir eigingjarns karma trufla

sig. Þegar hugurinn er orðinn vanur því að verða algjörlega ónæmur fyrir jarðneskum gæðum sem fást með karmískum ávöxtum, byrjar hann að dragast að hinni sönnu tilvist og þroska raunverulega finni andlega sýn. Slíkir eru þeir sem þekkja.

10. Arjuna bað fræðara sinn að segja eitthvað meira um þá menn sem vissu og þekktu, og Sri Krishna hélt áfram „Það eru þeir sem hafa móttekið hið mikilfenglega ljós sem lýsir upp alla hinu jarðnesku hluti, þeir hafa skilið að sjálf þeirra eru verur sem eiga heima í því ljósi, óbreytanlega og eilífa, og hafa þar af leiðandi afneitað öllum löngunum (lítilfjörlegar í þeirra augum) í jarðneska hluti sem leiðir til traustari tengsla milli þeirra og þeirra eigin skuggamyndar sem þeir eru fastir í. Lífsganga þeirra einkennist af algjörri hjartans ró í öllum vindsveipum sársauka eða gleði. Það getur haft áhrif á líkama þeirra, en hugur þeirra heldur ávallt himneskri rósemi. Þeir eru herrar líkama sinna, gefa orku til skynfæra sinna til að vera í sambandi við heiminn og taka sömu orku til baka þegar ekki er þörf fyrir hana. Slíkir eru þeir menn sem vita og þekkja. Þessu stigi geta allir náð, aðeins ef þeir færa alla tilverukrafta sína til herra sjálfs síns og hugur þeirra stjórna skynjunum sínum algjörlega eftir langa baráttu. Skynjanir verða þrælar hugans, og verða að vera undir stjórn síns rétta herra. „

11. Eftir þessa útskýringu fyrir Arjuna um sérkenni þeirra sem risið hafa upp yfir allar blekkingar, gefur fræðarinn ástæðu fyrir þeirri keðjuverkun fáfræði sem hefur gert mannkynið að svo aumkunarverðum þrælum blekkinganna. Þau tvö vers sem vísa er til, eru svo hnitmiðuð og merkingarfull að þau réttalæta að festast í minni ykkar allra. Rót alls ills liggur í eftirsókn í ánægju, og sífeld hugsun um það reisir múr á milli þess og lífsorku hugsuðarins.

Þegar þessi tilhneiging verður nógu sterk af næringu hugsanna, verður hugsuðurinn stöðugt órólegri við að hafa ekki þessa efnislegu ávexti og hægt og bítandi þróar hann með sér ósk í brjósti sínu. „Ó, ég vildi geta haft þetta,“ þessi lági tónn nær með tímanum hærri tóni og þá fær það ákveðnari merkingu „Ég verð að fá þetta“. Sá sem stendur í vegi mínum, mun finna fyrir styrk mínum“. Þetta er fjórði hlekkur í keðjunni, fyrsti hlekkurinn var röng hugsun, slæm tilhneying var annar hlekkurinn, og löngunin (kama) sá þriðji. Reiðin sá fjórði er hið myrka ský sem hylur Akasa ljósið. Þegar þetta ský verður nægilega þykkt, missir maður andlegt minni sitt. Hann trúir ekki á tilveru eftir dauða þessa líkama. Þetta er sjötti hlekkurinn, missi minnis, dimma skýjaþykknisins, eða skortur á aðgreiningu þess sanna og hins falska, á réttu og röngu, góðs og illa, er fimmti hlekkurinn. Missir andlegs minnis leiðir til missis Budhi, hærri vitundar, sviptir hann öllu innsæi og lokar fyrir svo ekki skíma af herra vitund nær inn í huga hans. Missir Budhi sjöunda stigið. Það þýðir andlegur dauði, maður er á því stigi gangandi lík, eins og mannleg skepna.

12. Þessi mannskepna er er í raun í hörmulegu ástandi. Hún er eins og skip sem öslar hin samsaríska (líf/dauða) sjó, án stýrist eða stöðugleika. Það hrekst fyrir veðri og vindum og fær ekkert skjól. Andstæða þessarar mannskepnu er maður sem hefur agað hugsun sína og upprætt alla illsku. Fyrir honum er hvorki ánægja né sársauki, en hann gerir ráð fyrir að þeir þættir fylgi mannlegum lífsstraumi þegar hann er í efnisbirtingu. Hinn sanni maður lifir upplýstur og gleðst í himneskum friði, sem ekkert getur truflað. Skilningsvitin eru einungis verkfæri í farteskinu og notar þau eða notar ekki, allt eftir þörfum í sjálfstæði hans. Spurning vaknar um hvað hann er að fást við þegar hann er ekki að nota skilningarvit sín. Sri -Krishna svarar okkur þessu í meðfylgjandi versi:

या निशा सर्वभूतानां तस्यां जागर्ति संयमी । यस्यां जाग्रति भूतानि सा निशा पश्यतो मुनेः॥

„Það sem er nótt fyrir öllum verum, heldur Yogi vöku sinni fyrir öllu lægra eðli, og það þegar allir vaka, er nótt fyrir sannri sýn Yogans.“ Að sjálfsgöðu er þetta vers ekki tilvísun í dag og nótt efnissviðsins. Þessi dagur og nótt er tilvísun í hugarsviðið. Þið verðið að muna kæru bræður að manas (hugurinn) er hinn mikli orrustuvöllur í þróun mannsins. Við erum menn vegna þess að við búum yfir nokkurri hugarorku, en ekki af því við höfum tiltekið form. Hugurinn er því uppruni ánauðar og frelsis. Öll þróun sálna og allar vígslur sem leiða til hærri leiða verða að byrja og enda hér. Hinu mikla ljósi lokasviðsins er varpað hingað, en það er einnig á þessum velli sem dimmir skuggar blekkinga (Maya) breiða úr sér. Ímyndum okkur hugann sem tvö hálfhvel, annað þeirra undir stjórn og uppljómun andlegs ljóss, en hin helmingurinn undir stjórn blekkingarskugga. En þar sem hugarþroski er mjög mismunandi meðal manna, verðum við að sjá fyrir okkur að herra hugarhvelið sé ekki virkt. Við skulum hins vegar bera saman tvo dæmigerða menn, venjulegan mann og andlegan mann. Andlegi maðurinn býr í landi hins sanna ljóss, en hin venjulegi maður býr í ljósi blekkinga, þar sem líf hans er í landi hins endurspeglaða ljóss, eða í skugga blekkingar, eins og ég hef kallað það. Ef við ímyndum okkur nú að þetta hugarhvol snúist daglega, til að framkalla fyrirbæri dags og nætur, eða vöku og svefns, muntu sjá að hugardagur yogans er nótt hins venjulega manns, og öfugt. Það sem eru sannindi og raunveruleiki yogans, er algjört svartnætti fyrir hinum venjulega manni, og það sem er raunveruleiki þess síðarnefnda, er

fullkomin goðsögn og lýgi fyrir yogann. Eftir að hafa leiðbeint Arjuna um hið sanna líf og skyldu Sankhya-Yoga, segir fræðarinn að lokum.

„ Ó Arjuna, þetta eru Bramha aðstæðurnar, sem náð er með sannleikanum. Ef Yogi heldur því til síðasta dags, mun hann ná inn í Bramha Nirvana.“

4. Fyrirlestur.

Kæru bræður

Efni þriðja kafla í Bagavat Gita, er það sem er kallað Karma-Yoga í Indlandi, orðið merkir Yoga sem byggt er á karma, eða athöfnum. Eins og ég hef áður sagt, þá eru nokkrir hugmyndaskólar í Indlandi, og þeir eru ólíkir hver öðrum í því að hver þeirra sérhæfir sig í einum af sjö þáttum hins eilífa, eða það sem er kallað hinn óbirti Logos. Heimsspeki Karma-Yoga skólans er efni sem er mjög mikilvægt og við verðum að læra að skilja merkingu orðsins Karma eins og það er notað í austrænni heimsspeki. Í leiðbeiningum Sri-Krishna um framtíðina, skilgreinir fræðarinn karma sem tilhneigingu skapandi byltingarkenndrar orku til að birta bhootas, eða koma tilveruþáttunum inn í birtingu. Því má líta á Karma sem það sem leiðir alheimsaflið, Sakti, sem mótar, viðheldur og eyðir heimunum á öllum sjö sviðunum. Það er viðurkennd staðreynd að það sem er gert einu sinni, hefur tilhneigingu til að endurtaka sig og staðfesta sig sem venju. Maður sem beinir hugsunum sínum í eina átt, aftur og aftur, mótar sjálfan sig á þann hátt að sömu hugsanir birtast aftur með tiltekinni hæfni, verða fullmótaðri. Sama gerist á öllum sviðum. Þessi tilhneiging sem festir sig sem venja, er það sem við köllum Karma. Tökum annað dæmi, krafturinn sem drífur pendúl frá einni endasveiflu til annarra má kalla Sakti, eða afl. Tilhneigingin sem hefur orðið í aflinu til að hreyfa pendúlinn í einni átt frekar en einhverrar annarrar er hægt að segja að sé Karma pendúlsins, eða aflsins. Ef við víkjum frá þessu dæmi til hinna miklu þátta alheimsins, þá héldu hinir fornu heimsspekingar því fram að ferli sem er röð atvika, eins og öndun, hvirflun og blómstrun, sem hver og ein hefur sína minni atvikaröð, er stjórnað samkvæmt ákveðinni röð eða tilhneigingu sem þeir

kölluðu Karma alheimsins. Karma er því lögmál athafna kosmískrar orku. Það er í raun áhrif sem eru eftir kosmískan andardrátt fyrri heimsþróunar. Þessi áhrif er ekki hægt að rekja til neins eins upphafs, það sem við getum ekki vitað hvenær kosmísk orka kom til. Þróun alheimsins er því umfangsmikil spírall sem byrjaði í óþekktu upphafi og endar í óþekktum endi. Allar vangaveltur og rannsóknir einskorðast því við takmarkaðan hluta þess spírals, hlutans sem er innan andlegrar þekkingar þessara miklu sjáenda í sólkerfi okkar. Takmörkuð sviðsmynd án upphafs og endis, er avyaktam Sankhyas, eða hlutlægur þáttur hinnar andlegu sólar sem kallast Narayana.

2. Tökum avyaktam sem sjöunda svið birtingarinnar, það eru sex svið neðan við það sjöunda og það má segja að kosmosinn hefjist á sjöunda sviði og færi síðan orku sína niður á lægri sviðin, allt niður á fyrsta sviðið, það efnislega. Orkan gengur síðan aftur upp, frá sviði til sviðs, þar til hún nær sjöunda sviði aftur. Allan þennan tíma er kosmosinn í birtingu hversu háleitt sem form þess er, svo vinir mínir, þið megið ekki halda að *pralaya* þýði algera eyðingu bæði þess hlutlægar sem óhlutlægar hliðar náttúrunnar í sólkerfi okkar. Það er ekki í anda Pourana heimsspekinga okkar. Vyasa segir:

तस्मिन्नहनि संप्राप्ते तं हंसं महदक्षरम् ।
 प्रविशन्ति महायोग हरिं नारायणं प्रभुम् ॥
 तेषां भूयः प्रविष्टानां निधनोत्पत्तिरुच्यते ।
 यथा सूर्यस्य सततमुदयास्तमयाविह ॥

"Þegar þeim Bramha degi lýkur, ganga allir þessir heimar inn í hinn mikla Yoga Narayana, hinn mikla óbreytanlega Hamsa. Dauði þeirra á sviði Narayana er okkar fæðing, dauði og fæðing er sem sólris og sólsetur hér. " Kosmosinn er því samansafn bylgja og hringhreyfinga á sjö mismunandi sviðum, þar til þau birtast á fyrsta, eða lægsta sviðinu, og vinna sig aftur upp til sjöunda sviðsins, eða norðurpól sem kallast avyaktam. Lægri helming þessarar sviða má kalla birtingasvið, og þau hærri svið ekki-birtingarsvið, frá okkar sjónarhóli, og samsvara degi og nóttu Bramha eins og það er kallað. Það má kalla hringrás dags Bramha, sem er lítil hluti aldarhringrás Bramha, þ.e. 100 árum hans. Ég mun ekki fara í samanburð á stærri og minni hringrásum og draga ykkur inn í það sem þið gætuð kallað smámunalegar vangaveltur. Hringrás Bramha dags er næg í bili og komum því að þróunarsviðinu, Bramha, sem er kallaður í Veda ritunum hinn fyrsti Jiva, lifandi efni. Allt samræmi í mismunandi orkugerðum hinna sjö grunnefna sem mynda sjö birtingar í heiminum okkar í réttri röð, er stýrt, ef svo má segja, af áunnum venjum, eða á einföldu máli, af lögmáli kosmísku karma. Þessu er lýst í Puranas í yfirlýsingu um að Bramha hafi skapað alla *bhootas* (tilvistarpætti) í samræmi við karma sem var skapað af þeim í fyrri *kalpas*. Karma er því æðsti meistarinn sem gefur lögmálið sem drífur kosmíska þróun. Þetta lögmál er tæknilega kallað Dharma í Sanskrit ritum, og sá sem fylgir kosmísku karma í þroska sínum, er sá sem gengur veg Dharma.

3. Frá þeim sjónarhóli sem ég hef rætt um Karma, sjáið þið að ekkert hinna hæstu andlegra sviða er utan áhrifa hins karmíska hjóls og þegar sagt er í Sanskrit ritum og jafnvel í Bagavat Gita, að menn fari yfir hið karmíska haf, verðum við að skoða það frá öðrum sjónarhóli. Þeir sem sagðir hafa náð að vera utan hins karmíska hjóls, hafa aðeins gert það á öðru hjóli en því sem

nú snýst. Kosmosinn snýst ekki í sama farinu alla daga Bramha, heldur gengur til hærri og hærri stiga sem það uppfyllir markmið sín.

Þeir sem hafa verið í hvíld á andlegu stigi fyrri tíma, munu á einhverjum degi í framtíðinni þurfa að stíga aftur á hið karmíska hjól, kannski sem refsing fyrir að hafa vanrækt miklar skyldur um aldir. Kannski munu einhverjir lesendur mína hafa aðra sýn á þá sem leita uppljómunar í Nirvana og aftengja sig hugsun og athöfnum frá öllu í hinum birta heimi. Hið þekkta orðatiltæki „hann snýr ekki aftur, hann snýr ekki aftur“ mun koma upp í huga þinn og þú segir við sjálfan þig „O, þessi maður talar gegn okkar *Srutis* (allar Vedurnar) og ber á borð fyrir okkur einhverja nýja hluti úr Guðspekinni“. Vinir mínir, ég spyr ykkur á móti, hvernig munið þið þekkja sannleikann, hvaðan sem hann kemur, ef hann er ekki velkominn. Okkar rit eru ónothæf ef við leyfum kreddukenningum núlifandi Adwaita og fyrirrennurum þeirra sem voru uppi fyrir nokkrum öldum, að ráða huga okkar. Enginn hina fornu heimsspekinga lét sér detta í hug að setja eðlilegum athöfnum skorður, eins og þeir í dag reyna að gera. Ef þú lest hvaða Purana rit sem er, með opnum huga og hæfilegu umburðalyndi gagnvart venjum og siðum í ritum Purana, eða þróunarheimsspeki, muntu finna að hinir ýmsu meistarar sitja á mismunandi stöðum og hugleiða hver séu tilgangur kosmosins. Þú munt einnig finna Bramha, eða þróunarlögmálin persónugerð, segja að hann viti ekki hvert sé lokamarkið og hann framkvæmi *Tapas* (hugleiðslu/sjálfsaga) til að finna það út. Í ljósi margra slíkra játninga af þessu tagi, er það einfaldlega fáránlegt að segja „þar, þar er nirvana, áfangastaður þaðan sem enginn ferðalangur snýr til baka.“ Jafnvel án þess að vitna í ritaðar heimildir um efnið, virðist mér það misstök að tala um *eilífa* hvíld í óendanlegum alheimi, andstætt gangverki lögmálum hans um virkni og óvirkni, og sem gengur frá hæstu himnum til

lægstu djúpa. Allar nirvana sem talað er um, jafnvel af mestu hugsuðum, eru aðeins skiljanlegt fyrir mér ef þau standa fyrir einu óvirku tímabili, einnar nætur af allri æfi Bramha. Eins og maður vaknar að morgni eftir nætursvefn, ætti sama að eiga við um þá sem fara í lengri hvíld á hærri sviðum, að þeir vakni endurnærðir þegar nýtt tímabil byrjar. Það herra svið getur verið á hæstu sviðum sem hinir mestu sjáendur þekkja.

4. En þú getur spurt hvort það sé ekki til það svið sem aldrei sé snúið frá, og þeir meistarar sem töluðu um slíkt svið hafi eitthvað fyrir sér. Svar mitt við því er að það er ekki mögulegt að nirvana eða Moksha í okkar Vedu sé með þessum hætti. Svífasein skjaldbaka verður einhvern daginn að sigrasvefninn; hérinn eða hver önnur vera sem sefur svefninum langa verða einhvern tíma að losa hann. Við getum hinsvegar hugsað okkur það ástand hjá veru sem hefur þroskaðist lengi með þróun kosmosins og er mun lengra kominn í þroska en venjulegur maður. Slík vera með sjálfsvitund eins og Sri-Krishna, verður samkvæmt lögmálinu að vinna fyrir hinn þjáða mann. Slíkar verur eru allir Muktats (upplýstir) í sjálfum sér, en eru Badhas (bundnar), þar sem þeir vinna á andlegu hlið Karmahjólsins og snúa því til góða fyrir manninn. Þeir eru til fyrir heildina og geta ekki slitið sig frá henni. Í raun er það markmið Sankhya-Yoga og við verðum að viðurkenna að það er ekki staður fyrir eilífðar hvíld í nirvana. Skoðum hvað H. P. B. segir — „Vitum að að straumur þekkingar ofurmanna og Deva-visku sem hefur náðst, verður að beina frá sjálfum þér eftir brautum Alaya (upplyfta) áfram til annarra. Þekktu hina leyndu leið, hið hreina vatn verður að nota til að milda salta hafsins öldu „hin mikla hafsjó sorgatára manna.“ Vinir mínir, ef þið hugleiðið hvert orð í þessari tilvitnun, munið þið skilja markmið Sankhya-Yoga— markmið sem Pourana meistararnir settu, og getur ekki orðið háleitara,

en er hins vegar ekki minnst á hjá Adwraitum í dag. Pourana heimsspekingarnir viðurkenna ekki annað en hver sannur Mukti, þjóni Yagna-Purusha og það er mjög mikilvægt að skilja hvað er átt við með Yagna-Purusha, til að skilja þýðingu Karma-Yoga, ég mun því fara nokkrum orðum um það.

5. Ég hef þegar nefnt að Yagna eða Yagna Purusha, er hin finni hlið náttúrunnar. Í þessu sambandi get ég upplýst ykkur um að okkar fornu heimsspekingar litu alltaf svo á að hinir þrír þættir náttúrunnar færu saman í birtingu og þá má kalla, efnis, orka og vitund. Evrópskir vísindamenn efnisvísinda sem vilja með aðferðum sínum skilja til fulls uppbyggingu efnisorkunnar, munu komast að því að atóm er orkumiðja. Líkami getur ekki verið til án tiltekins magns atómorku. Atómið, eða atómkjarninn eins og ég vill kalla það sem kosmosinn er byggður á, er í raun hvíldarástand miðjuaflsins í virkni sinni að öðrum enda athafnar sinnar. Orðið afl er ekki mjög merkingarfullt, ég vil frekar segja andardráttur eins og það er nefnt í Vedískum orðaforða, -að kosmísk öndun, eða Vayu, eða loft er miðjan sem allt er hengt á. Þessi öndun er lífsorkan og má hugsa sér sem sveiflu á milli tveggja póla, -þess birta og óbirta, efnis og vitundar. Vinir mínir, lítum ekki svo á að þegar andardrátturinn nær efnis-pólnum, að vitundinn hverfi, eða öfugt. Hvar sem andardrátturinn vinnur, eru allir þrír þættirnir til staðar og virkni beggja hliðanna. Eins og sagt er þar, er kosmosinn ein mikil vitund með margar aðgreiningar eins og eru í vetrarbraut hins Mikla atóms. Þannig hefur hver efniseind í alheiminum vitundarstig sem sýnir sig í dýraforminu, frá svampdýri upp í manninn, hugmyndin um að sandur hafi vitundarþátt, er ekki svo erfitt að meðtaka.

Ef þú hugsar þér að stíga niður frá þinni miklu vitund, til þeirra marka sem ég kalla autt mistur, má vera að þú sért á tilfinningasviði plantna sem er þeirra vitund, og ef þú ferð skrefi lengra, kemur þú að að ríki steinaríkisins, sem má kalla sofandi kjarna plönturíkisins. Jafnvel eðlisfræðingar sem tengja eðlisfræði við þróunarheimsspeki er tilbúnir að viðurkenna að öll náttúran búi yfir einhverskonar vitund. Það er ómögulegt fyrir ykkur að skilja ykkar eigin fornu heimsspeki ef þið aðskiljið þessa þrjá þætti hvern frá öðrum. Ef við berum þetta saman við sjö þætti, gerum við ávallt ráð fyrir allir sjö birtist sem heild. Hinir fornu líktu Samara, hina raunbirtu náttúru, við tré. Hið eina er rótin, og hin mörgu er greinar og lauf tréðsins. Ræturnar draga orkuna úr jarðveginum og skila henni í greinar og lauf, það sama á við að hver kosmísk rót hefur í sér 3, 7 eða 49 svið og undirsvið kosmískrar tilveru. Þannig hefur allt samsvörun, hið efra sem neðra. Því stærra sem mengið er í trénu, því nærri er það rótinni. Það er í þessu samhengi að svið kærleiksverka sem unnin eru öðrum til góða, eykur andlegan þroska gerandans. Ég er ekki í þessu sambandi að lofa guðspekisamfélagið þar sem þið þekkið það, jafnvel þó margir ykkar komi ekki með útrétta hönd og vinnið með okkur.

6. Ef þið samþykkið að allur kosmosinn er mikið kerfi fagurlega og haganlega niður raðað og birtist á atómíska grunni, verðum við að viðurkenna að baki sýnilega þættinum og verkinu sem heldur því gangandi, hlýtur að vera finna gangverk sem samsvarar andardrættinum og samanstendur af því sem við köllum orka-efni. Það að auki hlýtur einnig að vera vitundarþáttur kosmosins. Það efni er að sjálfsögðu okkur hulið og er lýst í Puranas, sem hið meira Tejas, eða hreinn logi. Þessir þrír þættir eru Bhoo-loka, Bhuvar-loka og Swarga-loka, sem samsvara Sthoola Sarira, Sookshma Sarira og Karana Sarira kosmosins. Hliðstæða Sookshma í

kosmosinum er það sem má kalla líkami Yagna-Purusha. Það er brunnur alls lífs og allrar orku sem kemur í birtingu á heilum degi Bramha. Þessi þríeina flokkun er ekki nægileg, Pourana heimsspekingarnir komu á sjöfaldri flokkun, og það má hafa gerst með því að deila hinum sýnilegu þáttum í þrennt og halda miðjupættinum óskertum. Miðjan sem líf hins birta kosmos sem sveiflast í átt að hinum ósýnilegu sviðum, er það sem er kallað

Kama í guðspekiritum. Þið hindúar þekkið orðið, **“प्रजापतिकामयत”** Prajapati, eða skapandi andi sem var fyrst knúin af Kama. Þetta kama, og lífið sem það þroskar, er eteríski líkaminn, líkami sem er mótaður úr lífrænu lífi og grófu formi, eða grunnur þess sem allt hvílir á, form sem guðspekin kallar hin lægri ferund. Hún er undir stjórn hærri þrenningar, eða þremur þáttum vitundar — Manas, Budhi og Atma. Samkvæmt þessari sjöskiptingu er Yagna-Purusha vitsmunirnir sem þroska hið lífræna efni kosmosins og ríkja yfir kama-líkamanum.

7 . Þið verið að muna að allur þróunarferill í náttúrunni á sér stað í líkama Yagna (sem er skapandi eldur). Öll pralayas, hvíldartímabil, eru eðlileg viðbrögð líkamans sem hann stígur upp á næsta stig eins og öll sköpun, þó það sýnist eins og ganga til baka. Þróun gengur ekki í hringi, frá einum punkti í hring til þess sama, heldur í spíral, ella yrði engin framför og þróun í náttúrunni. Vinir mínir, við verðum að muna að ekkert getur gerst á sviði afleiðinga, sem ekki hefur áður birst á svið orsaka. Þetta er mjög víðtæk yfirlýsing, og ekki við hæfi að útskýra hér og nú til fulls, sem krefjast sannanna, rökræðna og greiningar.

Fegursta lögmál samræmis sem gerir rannsakanda náttúrulegra fyrirbrigða orðlausan, er lögmál samræmis sem leiðbeinir lífsferli Yamaíska líkamans. Lögmálin sem stjórna meiri og minni hringrásum og tímaskeiðum, þar sem áherslan er á þróun ýmissa þátta í kosmosinum, þar sem hver þeirra ræður á tilteknum tímaskeiðum og aðrir þættir vinna með hinum ráðandi þætti, og minna þannig á mikið tónverk og því er talsvert til í því þegar sagt er að að náttúran syngi, þetta kæru vinir er gott að íhuga. Það er ekki einungis haft eftir grísku heimsspekingunum, heldur er að almennt orðatiltæki á Indlandi að saraswati syngi stórkostlegan söng. Við sjáum gjarnan myndir af Saraswati með Vina (strengjahljóðfæri) í annarri hendi, Vina hefur sjö strengi og Saraswati er eiginkona Bramha, eða orkan sem gætir útpensluþróun Bramha. Söngur náttúrunnar er sagður vera þekktur af Mahatmas (meisturum) sem hafa tekið á sig þá skyldu að birtast í upphafi hvers Yuga og gefa fræðslu til leiðbeiningar fyrir mannkynið.

8. Hindúa telja að það Veda sem þeir söngla, sé minni framsetning á hinum mikla söng náttúrunnar, eða hluta þess. Ég hef áður sagt ykkur að smáatriði kosmosins eru sögð í Vedunum, eins og Pourana heimsspekingarnir settu það fram. Þessar fullyrðingar verðið þið að hafa skilið nægilega vel til að skilja hin fornu rit, og ég hvet ykkur til að skoða það sem sagt hefur verið um þau hér á landi. Veda er líkami Yagna-Purusha og það sem við lærum af þeim, er mikil þekking á Yagna, eða kosmísku þróunarferli. Undanfarin ár hef ég tekið eftir fallegum skrifum um Veda, bæði frá vestrænum sem austrænum rannsakendum, en ekkert sem nálgast hugmyndir Pourana heimsspekinganna.

Þeir heimsspekingar voru uppi þúsundum árum fyrir Krist og helguðu allt sitt líf með miklum meisturum sem höfðu ekki enn hörfað til fjalla undan mengandi áru heimsins, þeir nutu því meiri þekkingar á Vedunum en nokkur núlifandi fræðimaður hefur. Enn hafa nútíma fræðimenn gefið lítið fyrir eldri sjónarhorn á Veda, en meira fyrir afbökun sem erfitt er að skilja. Tökum dæmi af þeirri staðhæfingu að Veda sé eilíf. Mér er til efa ef nokkur hindúi hafi ekki fordæmt þá yfirlýsingu nokkrum sinni um ævina, bölvað Pourana heimsspekingunum sem héldu því fram. En ef fólk áttaði sig á því hvað þeir áttu við með Veda, munu þeir átta sig á að staðhæfingin er eins óhlutdræg eins og það að efni og orka eru eilíf. Með Veda er átt við að söngur er sungin án innihalds textans, því sagt er að Swara, hljómurinn, sé líf Veda. Við sjáum hve líklegt þetta er ef við íhugum að Veda er sögð vera líkami Yagna-Purusha, (innra líf náttúrunnar) og sem slíkur byggður á samræmdri bylgju sem rís og fellur, sem vinnur í óhlutbundnum Alheimi og hefur skapað allt samræmið sem birtist manninum. Kosmísk þróun er á hverju hinna sjö sviða náttúrunnar, en hreyfingin er óumbreytanleg og færir af einu sviði til annars í samræmi við þroska þeirra. Veda er samin af mörgum möntrum, sem hver er helguð einni kosmískri meginreglu, eða undirþætti hennar, þar sem hver hljóðniður er meira eða minna öðruvísi en aðrir straumar. Því segi ég að Veda sé minni líking hinna ýmsu söngva náttúrunnar. Henni er ekki hægt að eyða, svo lengi sem hið upprunalega er til. Þegar Yuga-hvíldartímabil á sér stað og nýtt mannkyn birtist á hnettinum eftir það, verða athafnir þess á hinu kosmíska sviði í samræmi við tilgang hins nýja Yuga, hluti hins eilífa Veda þarf að vera sett fram fyrir manninn til fræðslu af Yagnum (meisturum), eða Bramhins (fræðimönnum), sem fylgja verkum Yagna-Purusha og sem hafa tekið mannkynið að sér og ekkert Pralaya, hvíldartímabil, getur eytt því.

9. Sumir ykkar kunna að spyrja hvar þessir miklu Yagni Bramhins, meistarar, séu, og svarið er gefið af Parasara í Vishnu-Purana þegar hann lýsir Loka-Loka fjöllum. Orðið loka-loka merkir hvorutveggja, þekkt og óþekkt. Það er mörkin við bhoo-loka (jörðin) og liggur langt handan þeim sjö sviðum sem náttúran hefur skipt bhoo-loka í. Á því sviði sem við getum kallað efnissvið, starfa hinir miklu Yagnika Bramhins, þeir styðja allan þróunarferil jarðarinnar, bhoo-loka, og Veda er fjársjóður þeirra. Ef þið viljið fá mjög skýra hugmynd um efnið, þá ráðlegg ég ykkur að fylgja þeim kyndli sem kveiktur var fyrir mannkynið af H. P. B. og sem hefur ein leiðbeint ákveðnum mönnum gegnum leyndardóma Pourana hugmyndafræðina. Ef þessi persóna hefði klætt sig í Bramhin klæði og talað til Indlands, hefðum við allir hópast að henni og heiðrað hana, og sökkt okkur dýpra í átrúnaðinn. Hún valdi að forðast þá dimmu afleiðingar og lagði alla áherslu á athafnir og verkin, hugsunarþráðinn í indverskum heila. Vinir mínir, ef þið reynið ekki að skilja hana, og koma verkum hennar á framfæri, vei Karma-Yoga þessa lands og öllum sem valda þessu helga landi að falla í átrúnaðinn.

10. Snúum okkur aftur að innihaldi Veda, það þarf kannski ekki að nefna það, að Vedurnar eru fjórar að tölu, - Rík, -Yagus, -Sama og -Atharva. Þessar eru sagðar úr fjórum munnum Bramha, sem heldur ráð sitt á toppi fjallsins Meru. Ég hef þegar nefnt Bramha sem lifði í lótusi, svo það er nauðsynlegt fyrir þig að vita mismuninn á hinum Bramhas, þó það sé ekki sérstaklega tekið fram í Puranas hingað til að mínu viti. Ég hef þegar upplýst ykkur að Bramha í lótusnum hefur sömu stöðu í okkar sólkerfi og Narayana í alheiminum. Hann er því hin mikla leynd þessa heims og andleg sál þess. Hann er brunnur allra sálna í þessu birtingartímabili hans, og verður ekki skilin nema með stöðugri vinnu í mörg stórtímabil, kalpas. Hann er Atma og þeir sem ná nirvana, eru þeir sem ná inn í ljós þessa Atma, eða ljós logoss

sem vinnur í kosmísku efni í sinni fyrstu birtingu. Fjórar* ásjónur Bramha er hin kosmíska ferund sem er séð sem ein, og andi hins birta sólkerfis. Hann er Yagna Purusha þátturinn í birtingu. Hann er sálræna orkan og því kallaður Karya Bramha, eða Bramha athafnanna. Tvær ásjónurnar standa einnig fyrir hærri og tvær fyrir lægri hugarþáttinn (manas) í sjöskiptingu mannsins, eða sólin og tunglið. Yagna-Purusha eða fjórar ásjónur Bramha er þróunarsviðið í náttúrunni er ætlað að skapa hinn mikla ávöxt, ópersónulega lífið, sem er markmið yogans.

11. Fáein orð í viðbót um Veda og svo held ég áfram í Karma-Yoga. Þið sjáið víða í Puranas ritum okkar nokkrar aðgreiningar milli Vedanna þegar ákveðin dulspekileg táknu eru nefnd. Þegar t.d. ákveðnir avatar eru sendir af Vishnu á skilum hinna miklu heimstímabila, lýsa heimsspekingarnir líkama Vishnu sem holdgast, en segja, að ein Veda taki sér bólfestu í hluta líkamans og önnur Veda tekur sér bólfestu í öðrum hluta líkamans og svo framvegis. Jafnvel segir Sri Krishna í 10 kafla Bagavat Gita, að hann sé Sama-Veda á meðal Vedanna, staðhæfing sem er, ef hún er misskilin, dauður bókstafur og leiðir til þess að menn fara að metast um hvaða Veda sé best. Það er því mikilvægt að við köstum dula yfir allt sem er til þess að draga Vedurnar í dilka. Í fyrsta lagi vil ég minna ykkur á að nafn Vishnu gefur næstum alltaf til kynna Yagna líkamann, eða sálarlíkama Náttúrunnar. Þar sem þróun heimsins er skipt upp í tímabil,

* Fjögur ásjónur Bramha tákna fjórar víddir kosmosins, (lengd, breidd, hæð og tíma) og jafnframt áttir, N,A,S,V.

stendur Vishnu fyrir komu avatara, sem taka á sig tiltekna líkami og koma á nauðsynlegri aðlögun heimsins, knýja Rakshasas (djöflanna) niður í Patala, eða hyldýpið, og gefa Devunum yfirráðin. Það er allt til aðlögunar sálarlíkamans, sem komið er á af órjúfanlegu kosmísku lögmáli karma.

Munum hið sanna orðatiltæki **यज्ञो वै विष्णुः** sem þýðir "Vishnu er sannarlega Yagna (hin leyndi eldur)". Í öðrum hluta Vishnu Purana, sjáum við að aflið í sólinni er sýnt sem þríhliða afl Veda, aflið sem Rik skapar, sem Yajus geymir, og sem Sama eyðir. Rik er því hin skapandi söngur Devanna í sólinni, söngur Yajus nærir og verndar, og söngur Sama er söngur Devanna í sólinni og uppbygging Devanna á tunglinu. Rik er því söngur Devanna, Sama söngur Pitrisa (feðranna), og Yajus söngurinn í milli. Virkni Vedanna er að sjálfsgöðu háð hvað við skoðum. Af Pitris, eða Sama í uppbygginga söng þeirra, og Rik sem eyðandi nóta. Hinar þrjár Vedur svara til hvernar þríundar í náttúrunni, og ég mun leita frekari upplýsinga í hinum misskildu Puranas.

5. Fyrirlestur

BAGAVAT GITA Kafli 3,

Kæru bræður mínir

Síðast reyndi ég að gefa ykkur hugmynd um merkingu orðanna Veda og Yagna eins og þau voru notuð af Pourana heimsspekingunum. Ég mun nú halda áfram og lýsa hvað fellst í orðinu Karma Yoga, en áður en ég held áfram, bið ég ykkur að taka vara á einu. Þeir ykkar sem hafið lesið skrif H. P. B. þekkið orð eins og, Nermanakaya, Dharmakaya og Sambhoga-kaya, Budha Bodhi og önnur slík. En þeir ykkar sem hafa hugsað um hvað ég hef sagt og mun segja, eru líklegir til að sökkva sér niður í að bera saman nöfnin í guðspekiritunum við nöfnin í Sanskrit, og það munu áreiðanlega valda talsverum ruglingi. Það mun koma í veg fyrir eða draga úr að miklu leyti ómetanlega kosti að lesa og skilja guðspekiritin. Þó að vandaður samanburður á mismunandi hugmyndaskólum kunni að rekast á við sumum kenningar sem nýlega hafa verið kynntar fyrir heiminum af H. P. B., er ég alveg sannfærður um að kenningarnar í okkar Purana ritum, og vil sterklega ráðleggja ykkur að fara ekki í djúpan samanburð milli þeirra. Ein mikilvæg ástæða fyrir því er þessi — engin okkar hefur skilið til fulls H. P. B., eða hina fornu fyrirrennara hennar sem koma fram í Purana ritunum. Puranas er eins og þið vitið klædd í mjög dulin klæði, og til að skilja þau að fullu, er að vita allt, og verðum því mjög rugluð þegar við þekkjum hvorki upphaf né endi þeirra. Það er sársaukafullt að heyra mistúlkun eins og að 60,000 Rishis, miklar andlegar verur, sem kallaðir eru Balakhilyas, hangi í garðstrjámi í einsetri Vasista, allir í mynd leðurblöku! Samt eru margir slíkir að gegna skyldum sínum í hinum ýmsu hlutum kosmosins, sumir giftir og

eiga mörg börn, aðrir ógiftir um alla framtíð, og enn aðrir ógiftir en munu giftast í upphafi hverrar Yuga. Sumir þeirra holdgast í reiði, aðrir sem „sæt þolinmæðin sem ekkert getur raskað.“ Fjölmörg önnur dæmi eru nefnd í Puranas. Eins og þar, svo er í Vedunum. Einn er þríleggjaður, annar einfættur, sumir í vatni, aðrir í eldi, og enn aðrir í lofti. Svo hver af þessum meisturum er hægt að kenna við, segjum Nirmana- kayas, sem minnst er á í guðspekiritunum? Sá síðastnefndi er mannvera, en Rishis í Purana og Vedum eru vitundabættir hina ýmsu afla í líkama Yagna-Purusha, og margir þeirra eru skapaðir til að ríkja yfir hinum ýmsum möntrum í Vedunum.

2. Nöfnin Nirmanakaya, Amitabha ofl. notaði H. P. B. til að útiloka nöfn úr Sanskrit af ásettu ráði. Leyndu kenninguna (The Secret Doctrine) er, eins og hún hefur sagt, ekki hægt að gefa heiminum að öllu leyti á þessu stigi, hún hefur því gefið útlínur þess á ensku og notað Sanskrits orðtök af nauðsyn. Ef hún hefði notað Sanskrit texta úr Vishnu Purana, án textans í heild hefði áhættan óhjákvæmilega verið mikil. Því þá hefði hin leynda kenningin þurft að upplýsa næstum öll smáatriði, að mínu áliti, í öllu safni hinna 18 Purana rita sem eru að öllu leyti dulfræðileg. Þeir sem gætu skilið og ferðast um allar víðáttur Purana, gætu einnig skaðað án nauðsynlegs siðferðis og stjórnunar á því afli sem liggur í þekkingu. Aðrir með minna vit myndu varanlega villast þar. Frumskógur Purana myndi fyrir þeim vera enn meiri flækja og jákvæð áhrif guðspekinnar fyrir Indland, sem enn eru lítil, myndu verða enn minni. Vegna þessarar ástæðu gaf H. P. B., það út sem hún taldi að hver og einn í heiminum gæti skilið sjálfur þær átrúnaðarhefðir sem hann væri í. Það sem H. P. B. skrifaði þarf að íhuga og skilja vel áður en þið lesið það á sama gamla mátann.

3. Ég vil ennfremur biðja ykkur að misskilja ekki orðið Bramhin sem ég hef notað. Ef þið hafið í huga ykkar eitthvað í líkingu við nútíma Bramhin sem

lifir einungis fyrir sig, eru þið að miskilja orðið. Munið gamla orðatiltækið

ब्रह्मणो लोकरक्षकः

, eða það að Bramhin er verndari alls mannkynsins, og þá skilur þú, að baki orðinu er hinn sanni Bramhin, hreinn og óeigingjarn líkamlega, sálarlega og andlega. Í raun merkir hið helga orð Bramhin, þann sem er laus við allar aðrar langanir en að þjóna mannkyninu, eða þjónn mannkynsins í andlegri leit. Mannleg þróun er eins og gróðurinn í garðinum. Garðinum er skipt niður í ýmiss fræbeð, og bestu beðin eru Bramhinarnir, en þeir sem eru kallaðir Bramhinar í dag eru fræ sem vaxa í venjulegum beðum. Hinir glæsilegu ávextir sem einu sinni voru, hafa borist með þróunarhringrásinni til annarra þjóða, og ég trúir því að hinir mörgu óeigingjörnu verkamenn guðspekinnar í Englandi og Ameríku séu bramhinar í öðrum klæðum. Ég bið ykkur því að meðtaka öll þekkt orð sem ég nota sem tilvísun í hugmyndir, en ekki eins og þau eru notuð í dag.

4. Ég hef áður sagt ykkur að merking orðsins karma næði til kosmískrar þróunar. Það á einnig við um mannlegar athafnir, og mannleg þróun er drifafl mannkynsins. Karma má skilgreina sem afl sem verður til þegar mannlegar orkustöðvar verka á ytri heiminn, og gagnvirk áhrif ytri heimsins á manninn má kalla karmísk áhrif, og sýnileg niðurstaða sem verður af þessum áhrifum við réttar aðstæður má kalla karmíska ávexti. Lögmál Karma er einfaldlega lögmál virkni og gagnvirkni, og erfiðleikar margra ykkar að skilja það, er vegna vanþekkingar á eðli kosmískra og mannlegra tilveru og tengsla þeirra tveggja. Önnur ástæða er fyrir þeim erfiðleikum, er sú að við höfum vanist því að líta á alheiminn eins og hóp einstakra eininga sem hafi lítil tengsl hver við aðra, þó staðreyndin sé sú að alheimurinn er einn í eðli sínu en margur í birtingu, stígur niður úr samræminu á hæstu sviðum til meira ósamræmis á lægri sviðunum. Ef þið losnið við þessa erfiðleika með fordómalausum hugsunum og ástundun,

neyðist þið til að viðurkenna kenninguna um Karma sem nauðsynlega lausn á ýmsum valdamálum í lífinu sem herja á okkur frá öllum hliðum. Efni Karma hefur verið gerð góð skil af ýmsum höfundum í guðspekiahreyfingunni í ætt við skrif H. P. B., þannig að ég hef lítið að bæta við þau, og mæli sterklega með að lesa það efni. Ég mun aðeins segja það sem þarf til að orðið Yagna eða Ijya skiljist, því á því byggir hugmyndin um Karma-Yoga. Í fyrsta lagi verðið þið að muna hvað ég sagði um Yagna-Purusha, eða sálarlíkama Náttúrunnar. Hinar fjórar Vedur standa fyrir Yagniska líkamann og hinum fernu kosmísku þáttum, efnislíkama, astral líkama, Prana og hugarþættinum.

5. Líkaminn er í raun ekkert annað en leið takmörkunar, sem hægt er að segja að sé ólík öðrum, en um leið sú sem allt byggir á. Hún er síðasti þátturinn í takmörkun hins kosmíska andardráttar. Takmarkanir astral líkamans, eða astral þáttarins í birtingu er kallað Bhooloka. Takmarkað afl sem færir sig á Pranasviðið, eða þegar sálin framkalla það sem nefnt er dauði, og líkami kemur fram sem þekktur er undir nafninu kama líkami, eða Sookshma — Sarira. Ég ráðlegg ykkur að forðast að nota síðara orðið Sookshpaa — Sarira, þar sem það þýðir einfaldlega finni líkami og notað í þeirri merkingu í nokkrum Sanskrit ritum. Þegar orðið er notað í tengslum við Kamíska (astral/tilfinninga) líkamann, er að sjálfsögðu átt við finna efni en efnislíkaminn og þegar við íhugum þá staðreynd að hann missir samheldni og leysist upp í kamíska þætti þegar mannleg vera kemur sér fyrir í Devachan, (svið milli jarðlífa, ýmist kallað sálarsvið, himnarík, hreina landið) er okkur sagt af guðspekinni að Sookshma — Sarira deyi í Kama-loka (langanna/tilfinningasvið) og gangi inn í swargam (himnaríkis) íklædd Karana sarira (orsakalíkamanum), indverskir Veda nemar sem hafa heyrt mikið af Sook-shma og Bhoota — Sookshma verða reiðir og fljúga í

guðspekinganna og öskra "Heyrið, hvaða bölvæða vitleysu er þessi maður predikar í nafni einshvers sem er kallað guðspeki." Árangurinn af þessu orðastríði verður að þessir Vedaistar verða óvinir kenninga guðspekinnar, en ef við nemum og íhugum, getum við sagt með hjartans gleði „sannarlega er þetta sannleikurinn sem ég hef leitað og allir ættu að vita.“ Þess vegna er áherslan á orð ekki æskileg, heldur áherslan á hugsun.

6. Ef við snúum okkur aftur að kamíska líkamanum, sem ég kallaði niðurstöðu af takmörkuðum andardrætti Prana. Ef við munum að Prana er í sínu sanna eðli, sá þáttur sem hringsnýst endalaust um hið mikla hjarta sem kallað er Narayana (hin hæsti guð), á tímabili manwantara (hringtímabil), og felur í sér hugmyndina um hið hæsta, en einnig um lífið á hrísgrjónaakri, og ég þarf varla að taka fram að Prana sem ég vísa til, er sá þáttur sem snertir langanir og tilfinningar í mönnum og viðheldur líkama þeirra, ég kalla það Prana af þeirri ástæðu að Bhavarloka, annað af *okkar* þremur sviða sem er hér til umræðu, og hver þrenning verður að hafa tilvísun í upphaflegu þrenningu, Nara, Nari Viraj, eða hugsun, hreyfingu og form, eða hugmynd, líf og líkama. Þau þrjú svið sem kölluð eru, Bhoo-, Bhavar- og Suvar-loka, eru aðeins frábrugðin í áherslu á efninu, Prana og hugmynd. Hvað varðar eðli kamíska líkamann, getum við lært mikið af bók Sinnetts „Esoteric Buddhism“, sem ég mun ekki dvelja við. Drifkraftur kamíska líkamans færast smásaman inn í andlega þátt mannsins og takmarkandi andardrátturinn fylgir því og myndar sálarveru, sem er ólík, en þó eins og aðrar sálarverur. Vinsamlega hafið í huga að eðli þess sem er kallað einsleitni, verður æ meira er við stígum ofar andlegu sviðin.

7. Það sem ég kalla andlegan þátt mannsins, er það sem er þekkt sem Swarga í Sanskrit ritunum, og verurnar sem þar eru, eru kallaðar Pitris, sem

að sjálfsögðu merkir feður. Þessir Pitris eru gjarnan tengdir sem andstæður Devas í Puranas ritunum, og það hefur orðið til þess að margir hindúar og heimsspekingar líta svo á að Pitris og Devar séu á tveimur aðskildum sviðum lífsins. En þeir eru ávallt í tilvist saman, Devarnir mynda vitundina, en Pitris mynda formið. Þessi tvö eru tengd hugtök. Ef Pitris er vatn, þá er Deva eldurinn í vatninu. Ef Pitris er eldur, er Deva loginn í eldinum. Ef Pitris er loginn, er Deva vitundarþátturinn sem stýrir loganum og gefur loganum aflið til að lýsa upp heiminn sem þátt í vitund okkar. Frá hæst til lægstu sviða lífs, mynda Pitris hina hlutlægu þætti og Devar hina óhlutlægu þætti, og lífið sjálft er straumurinn, miðjan sem rennur í gegnum þá báða. Verið svo væn að hafa í huga að engin ruglingur má verða þegar við fjöllum um þessi tvö orð í rannsókn og námi okkar. Þessi þrjú tilvistarsvið kosmosins sem við höfum rætt, er til frekari aðgreiningar skipt niður í sjö svið, við getum skipt Devas sviðunum í þrjú og Pitris sviðinu í þrjú og lífsstraumnum sem miðsviðið, og litið á það sem puntinn þar sem Deva eðlið breytist í Pitris eðlið, eða að efri sviða er gert mögulegt að stíga niður á neðri svið, það óbirta verði hið birta.

8. Í þessu sambandi er rétt að upplýsa ykkur um að Devar og Pitris eru ekki endilega mannlegar verur á hærri sviðunum, heldur eru aflmiðjur sem mynda þann grunn fyrir sviðin í sínum tvöfalda þætti. Þeir eru kallaðir öfl í guðspekiritunum, en Devas í Sanskrit; það er staðhæft í Vedunum, að ef eldhuga Bramhin hafði lokið karma sín, dæi hér, gæti hann farið beint til himnaríkis, Swarga, eftir dauða sinn og verða étinn af Pitria. Það er að sjálfsögðu ekki svo að mannlegar verur bíði í himnaríki með opinn munninn og gleypi nýkomna, heldur táknar þessi einfalda staðhæfing að þessi nýkomnu eru íklædd Pitris efni sviðsins, úr því efni sem fylgir okkar grófa sviði. Þið verðið að muna að hin þrjú svið, Bhoo, Bhuvar og Suvar, eru þríein

birting þess kosmíska grunnþáttar sem ég kallaði sálarlíkami Náttúrunnar, eða líkama Yagni. Allur lífsferill á sviðunum þremur gerist í samræmi við lífslögmálið sem á uppruna sinn úr tilveru Yagna-Purusha, með rými fyrir frjálsan vilja manns. Allur þessi vaxtarferill kosmíks lífs er einn Yagna, og sá sem leysir úr sínu karma, viljandi vits og með þekkingu fyrir lífsvöxtinn, er Yagniki. Kosmískur vöxtur vex ekki eins og lítil garður sem er háður umönnun, engin Yagniki getur sagt náttúrunni til, hann getur aðeins fylgt þeirri leið sem mörkuð er kosmísku karma. Yagniki má líta á sem ræktanda í hinum kosmíska garði, en áður en rétta ræktunaraðferðin er mynduð, er afar nauðsynlegt að muna að Pindandam, eða smáheimsmaðurinn er nákvæm eftirmynd af Bramhandam, eða náttúru stórheims. Eins og stórheimurinn er mikill **hópur lífs-iða** sem skipast um sólkerfishjarta Narayana, er allur líkami manns með öllum sínum hlutum og þáttum, grófum og fínum, **hópur lífs-iða** um hið sanna egó mannsins ---hærri hugann. Öll hærri sálarhugir; eru geislar í andlegri miðjusól og saman mynda þeir huga Yagna- Purusha. Þessir sálhugar geta verið hér eða á finni sviðum, en engu að síður eru þeir hugar Purusha. Mannkynið, myndar hugarþáttinn sem þarf til þróunar á efnissviðinu og sem slíkt myndar erfiðasta karmað.

9. Þeir ykkar sem hafa hugsað um hin miklu áhrif hugsanna á Kama (langanir), og Kama á taugakerfið, og um taugahreyfingar á efnislíkamann, munu skilja hið mikla afl sem mannleg hugsun hefur á eðlilega þróun efnisheimsins. Manninum er ekki ljóst í daglegri beitingu hugarins, hvaða hlutverk mannlegur hugarþáttur hefur í líkama Yagni. Svo lengi sem þetta afl er nýtt til að styðja eðlilegan gang náttúrunnar og karma þess, eða í átt til þess sem áhrif fyrri þróunar leiðir það, er heimurinn í samræmi. Þá er ekki um mótstöðu að ræða og gangur náttúrunnar skapar gleði og

fullnægju. Ef hins vegar Kama veldur spennu í tímans rás hjá manni, og vekur persónulegar langanir sem ekki eru í takt við einingaranda kosmískrar þróunar, byrjar ósamræmi að birta sig og náttúran setur álag á hjól hennar. Hver maður vill ákafur tína þá ávexti og éta sem hann æskir af hinu kosmíska tré. Allt sem setur álag á grein, lauf eða aðra hluta trés fær endurkast til baka. Heimurinn verður svið illsku og sorga, og menn hugsa um gott og illt án þess að hugsa um tilveru trés, þess sem ber alla mannlega ávexti. Það sem er kallað Eakshasa Bhavam, eða eigingirni, fær menn til að segja: „Hvað varðar mig um heiminn, ef ég fæ það sem ég æski.“

10. Þið þekkið öll að þetta er nákvæmlega það stig sem við öll stöndum í, hópur ótengdra eininga sem ekkert bindur sama, hver með nægar langanir fyrir sitt eigið og alveg í ósamræmi við lögmál náttúrunnar. Þessi hnignun er vegna kæfingar á fornu andlegum gjöfum Indlands, sem þekktar eru í dulspekinni, og það getur aðeins verið endurvakið, þegar hver maður á Indlandi getur hugað að vandamálum lífsins, og skilið hina fornu indversku heimsspeki og gert hana hluta af lífinu. Andi þess lífs er það sem ég kalla Yagna, og það orð er dregið af Yag,- að tilbiðja, og Yagna er tilbeiðsla til veru, eða hvert skylduverk til að þjóna tilgangi hennar. Ég held að ég hafi lesið tilvitnun í *Isis Unveiled*, um kristins öfgaprests, að Satan hafi náð sínum mesta sigri þann dag er menn neituðu tilvist hans. Ég held að við getum sagt það þannig: Satan náði sínum mesta sigri daginn sem hann fékk persónu sína og persónu óvinar síns viðurkennda af mönnum, því við sjáum að beinar afleiðingar hafa orðið af persónugervingu hins guðlega og efnisþáttunum, sérstaklega í þessu landi, Indlandi. Ég þarf ekki að dvelja við hina óhemju orkuveyðslu í landi okkar í byggingu og skreytingu mustera, í að gylla musterisþök, í gerð gull- og silfurstyttu fyrir tilbeiðslu okkar, í þeirri

staðreynd að milljónir þjást í fátækt og vanþekkingu, og það er grátleg þörf fyrir skipulag menntunnar í anda guðspekinnar í tæknilegum stofnunum. Allt þetta illa er hægt að laga, ef þið góðir menn, varpið af ykkur núverandi svefnhöfgi sem hnignun Indlands hefur sett á ykkur, og öðlist þekkingu á sálarfyllingu Arya heimsspekinnar og miðlið kjarna þess meðal fjöldans og auðugra manna. Þið verðið að hafa sem ykkar einkennisorð, einkennisorð okkar fornu Yagnika, að heimurinn er birting Bramham og til að gera gott fyrir heiminn í átt til hans rétta vegar er að þjóna Bramham, eða til létta karma Bramha.

11. Vinir mínir, það er staðreynd vegna þekkingar okkar, að við, lítill hópur guðspekinga, sem höfum notið hluta hinnar fornu heimsspeki gegnum vinnu H. P. B, höfum reynt síðustu ár að koma þekkingunni á framfæri til ykkar og gert ykkur að samstarfsmönnum í því verki. Við þekkjum það vel að til að skilja guðspekina, er að verða guðspekinemi, og því höfum við lagt okkur fram um að þið skiljið undirstöðuþætti fornu heimsspekinnar sem er kölluð Bramha-Vidya á Indlandi og guðspeki (theosophy) í Evrópu. Við höfum eytt öllum okkar frítíma til að nema verk Bramha-Vidya, allt sparifé hefur farið í útgáfu bæklinga og bækur um efnið og öll orka í að skrifa og halda fyrirlestra fyrir hindúa. Áhrifin eru, ef ég er ekki blindur, úr öllu samhengi við átakið, og mér er til efs að mús hafi nást við hreyfingu fjallsins. Ef það er einhver ástæða af hverju guðspekingar ættu að halda áfram vinnu sinni hér í þessu landi, að reyna að leiða milljónir sem hvorki vilja sjá eða heyra, sem stara á skugga sín með niðurlút höfuð, er það vonin í orðum H.P. B. í „Voice of Silence,“ „Munið ó þið, sem berjist harðast fyrir frelsi mannsins, hver misstök er árangur, og hver einlæg viðleitni fær uppskorið síðar.“ Þessi göfugu orð enduróma í eyrum okkar og gefur okkur hugrekki, sem ná sjaldan eyrum velmegnandi guðspekiáhugamönnum sem hafa ekki

gefið sér nokkrar mínútur til að íhuga velferð lands okkar. Hversu lengi á þetta að vera svona? Hversu lengi á guðspekin að vera númer fimm eða sex á listanum, með ekkert afl til að efla siðferði og hug fólks umhverfis? Hversu lengi á þetta fólk að nota lungu sín til að fá almenning til að sjá mikilvægi hinna fornu Sanskrit verka með skynsömum hætti svo það falli að núverandi vitsmunaframförum og þau skilji að siðferði og andlegt líf er ekki nauðsynlegt vegna samfélagsins, heldur vísindaleg nauðsyn fyrir framtíðarvelferð okkar og fyrir kynþáttinn sem við tilheyrum.

12. Þetta eru allt spurningar sem þið verðið að svara sjálf, ef þið segið, ekki frekari bið, þá vinsamlega gangið í lið með okkur á pallborð guðspekinnar og vinnið að mætti í að þýða Sanskrit verk, til að skilja þau með hjálp guðspekirita sem þegar eru til staðar og til að gefa út bæklinga um hin mjög áríðandi hugmyndalegu grunnþætti okkar fornu vísinda svo þessir bæklingar nái til mikils fjölda lesenda og fái þá til að hugsa um það. Þessi hugmynd er alveg raunsæ, en aðeins ef við myndum félagsskap með sterkan fjárhag, kraft og einingu, en ef þessir þættir eru veikir og félagsskapurinn veikur, er hugmyndinni ætlað að vera einungis áfram sem hugmynd og þá er uppskeran lítil, í stað vellíðunar af því að hafa vakið athygli á tímans þörfum. Höfum í huga að ég og þú erum miðjur í líkama Yagna, sem berast um þróunarbylgjurnar. Staða okkar í þeim líkama er ákvörðuð af því hvernig við þjónum hinum kosmíska Yagnam, og sá sem ekki vill virkja mátt sin fyrir framför Yagna, er í orðum hins mikla fræðara Sri-Krishna, „syndugur maður, hvers líf er hvorki uppskera, né dauðinn tap“

6. Fyrirlestur

BAGAVAT GITA Kafli VI.

1. Kæru bræður mínir

Í síðasta fyrirlestri skilgreindi ég Yagna sem átrúnað á hina æðstu veru, og benti á hræðilegar afleiðingar hafa orðið af þeirri röngu hugarsmíð að hin æðsta vera sé persóna með hugsanir og tilfinningar eins og við. Saga mannglegrar illsku og þjáninga er ekkert annað en hin ýmsu stig þessarar persónugervingar og hefur aukið niðurgöngu allra þeirra skaðlegu afleiðinga, haturs, illgirni, öfundar, átaka og annarra slíkra. Þau eru illgresi í garði mannsins og kom í veg fyrir þroska mannkynsins og göngu þess að hinu mikla markmiði, sem hin fornu vísindi bentu á sem hið sanna markmið. Þetta eru einnig Rakshasas, þeir sem með flæði holds og blóðs, menga heilagar grundir Yagnia-Purusha og skaða framgang Yagna, sem voru undirbúnar af vedískum meisturum. Þessir meistarar eru hinir kosmísku umsjónamenn garðsins, eða Yagnar eins og ég hef kallað þá, sem vaka yfir og vernda framgang þróunar mannsins í öllum hringrásum. Góðir garðyrkjumenn fjarlægja illgresið þegar nauðsyn ber, með sama hætti birtast þeir á mótum heimstímabila og framkvæma það nauðsynlega átak að hreinsa út illan ávöxt mannglegrar þróunar og skapa þær aðstæður sem gerir þróuninni mögulegt að halda áfram á réttri leið. Þessir meistarar eru kallaðir ýmsum nöfnum í Purana ritum okkar, en þekktast er Bramhin.

Slíkur Bramhin er sagður vera mannleg vera sem lifir í eilífu ljósi með ótakmörkuðu afli sem hann notar í nafni Yagna-Purusha, og hefur enga löngun í andlegt ástand sem karma hans heimilar honum. Hann er það sem kallað er á sanskrit Akinchanapadaishēe, eða sá sem ekki sækist eftir

andlegu algleymi. Versin í Purana sem lýsa slíkum Bramhinar eru svo fögur að ég freistast til að vísa hér í þau:

एतैर्विकारैस्संवृत्तैर्निरुद्धैश्च समंततः ।
 ध्रुवमैश्वर्यमासाद्य सिद्धो भवति ब्राह्मणः ॥
 शरीरादभिनिष्क्रम्य आकाशेन प्रधावति ।
 निरालम्बो निरालम्बानालम्ब्य मनसा ततः॥
 ऐश्वर्यभूतो भूतात्मा चरन्दिवि न दृश्यते ।
 चक्षुर्भिर्बहुभिर्लोकैःपुरन्दरसमैरपि ॥
 ओंकारं ये त्वधीयन्ते मनसा ब्रह्मसत्तमाः ।
 विमुक्तास्सर्वकर्मभ्यः ते तं पश्यन्ति साधवः ॥

"Þessar Prakriti (eðlis) breytingar eiga sér stað alstaðar og er afstýrt og kæfðar, Bramhinn hefur föst tök á Akasa auði sínum verður Sidha (sá sem hefur náð fullkomnun) og flýgur úr Akasa sviðinu og úr líkama sínum. Hann er handan alls, en allt er huglægt innan seilingar hans. Hann er atma (sál) allra bhootams (frumaflanna) og er óséður þegar hann flýgur í akasa dýrð sinni fyrir allra augum, jafnvel fyrir augum Indra (konungi guðanna). En þeir Bramhinar sem eiga þátt í huglægri endurtekningu hins framborna OM, og eru lausir af öllu karma þó þeir vinni fyrir aðra, munu geta séð hann." Þið sjáið af þessari tilvitnun að hinir fornu meistara Bramhina dvöldu á sviði sem kallað var Akasa. Bramhinar eru þekktir að hafa verið hinir fyrstu af fjórum stéttum þegar Indland varð til, eru manneskjur eins og við, en á öðru stað á hjóli Maya (blekkingarinnar) og eru kallaðir Bramhins, vegna þess að innra ljósið er virkt sem gerir þeim kleyft að móttaka hin miklu hreinsandi

áhrif sem stafa af frelsuðum Bramhins, eða Mahatmas, eða Nirmanakayas, allt eftir því hvað við viljum kalla þá.

2. Það segir sig sjálft að þessir einstaklingar eru hinar miklu hetjur og konungar sem sagt er að hafi verið á jörðunni á fyrri stigum núverandi hringrásar, og sagt var að allir líkamar, þar með bramhinar hafi verið valdir til þessara yfirstétta og fræddir um dulspekileg vísindi, eða hin sönnu Sankhya-Yoga rit. Þessi mikilmenni, eða Yagnar eins og ég hef nefnt þá, hafa enga dogma eða trúarbrögð og hafa ekkert að gera með fræðimenn eða fylgjendur trúarbragða, hversu hreinir eða heilagir þeir teljast vera í þessum heimi, þá eru þeir fastir í miklu neti blekkinga, sem gerir þá óhæfa til að móttaka sannleikann, hvaðan sem hann kann að koma. En trúarbrögð Bramhina eru vísindi náttúrunnar, frá hæstu sviðum til þeirra lægstu. Þeir rannsaka lögmál tilverunnar á öllum sviðum. Það sem þeir vilja er samvinna við náttúruna, eða framgangur Yagna-Purusha á rétta vega. Ef þið lesið Rig-Veda án tónunar, sjáið þið lýsingu á ýmsum kosmískum þáttum sem vinna í Yagníska líkamanum, og Veda meistarar eru vitundarþáttur ýmsa krafta sem vinna fyrir kosmíska Yagnam (innra líf náttúrunnar). Það hefur oft verið sagt að að þessir meistarar séu þeir sem fyrst sömdu mantrömunar og kenndu mönnum þær, en ég held að það sér ekki rétt og algjörlega úr í takt við Purana. Meistararnir eru fulltrúar helgivalda innra lífs náttúrunnar og hvert helgivald kann að samanstanda af þúsundum einstaklingum sem mynda hugmyndastraum þess helgivalds sem er einn kjarnaþátta kosmíska náttúruheimsins, Yagnam. Til að skýra þetta betur skulum við taka dæmi af einum þessara meistarar, Bharadwaja, eins og þið vitið, ríkti yfir mikið af möntrum í Vedunum ásamt mörgum sona sinna.

Á einum stað í Vedunum eru gefnar vísbendingar eðli nokkra þessara meistara, þar sem sagt **एष विभर्ति यदिभर्ति तस्माद्भरद्वाजः** eða Bharadwaja er fæðugjafi. Þessi staðhæfing er algjörlega fáránleg ef átt er við fæðu sem við neytum, en engu að síður taka margir indverskir vinir okkar þetta bókstaflega og dæma þessi gömlu rit eftir orðanna hljóðan. Fyrir þessum fornu meisturum var ekki aðeins átt við daglega fæðu, heldur um allt kosmískt efni sem í samsetningu og bindingu í eigin hringrás myndar allt form. Ef staðhæfing segir að blóð sé fæða, væri kjánalegt að ímynda sér það bókstaflega og gagnrýna það sem vitleysu. Vitleysan er því í heila gagnrýnandans. Fæða er næringarþáttur sem styður ytri hjúp birtingarinnar, og blóðið sem inniheldur næringuna og stuðning fyrir líkama okkar, er án efa einungis fæða fyrir hann. Á svipuðum nótum er næring kosmíska efnisins sem birtist í sýnilegri lögun. Það er þessi ferund sem ég kalla Yaníska líkamann. Ef þið hafið í huga að hver hlutur hefur þá þjá þætti sem svara til upphaflegu þrenninguna, Nara, Nari og Viraj, munt þú ekki vera í vandræðum með að þekkja Bharadwaja sem drottinn, Dhyan Chohan, sem tengist kosmíska efninu. Með sama hætti eru meistarar Yiswamitra, Vasishta og aðrir sem ríkja yfir vedískum möntrum í stigkerfi Bramha-drottna eða Dhyan chohans, og falla inn í hugsýn náttúruutilveru, lærisveinar fjögurra ásjóna Yogi Bramha. Til að skilja þessa drottna, virkni þeirra og stjórn á því sem þeir ríkja yfir, er að þekkja Veda, sem er álíka og að vera Siddha, eða fullnuma. Engin okkar getur vænst þess að skilja Veda og skýringar á því í Purana ritunum á nokkrum mánuðum, en við getum verið sátt við að vinna í anda Mahatma ef mögulegt er og láta karma um afganginn.

3. Vinir mínir, þar er tími til kominn að við skoðum hinar ýmsu vedísku hátíðir, eins og þær eru kallaðar og framkvæmdar hér á Indland, og sérstaklega í okkar hluta. Þar sem þessar hátíðir eru tengdar grimmd verðum við að afneita þeim sem algerlega fáránlegum. Við eigum ekki að læra þessa fórnarsiði af þessum grimmu Dikshitas og stunda þá, heldur að læra um kerfi Yagna eins og það var sett á fót af hinum fornu Yagnikum og hugmyndirnar sem að baki þeim eru. Í fyrsta lagi getum við skipt Yagna í tvo hluta, hin kosmíska og hinn einstaklingsbundna. Kosmíska Yagna er þróunarferill náttúrunnar í samræmi við kosmíst karma þegar mannkynið var á bernskuskeiði, og óhæft til að bjarga sér sjálft. Líta má á allar mannverur sem saklausa brjóstmylklinga í kjöltu minnar miklu móður náttúru, og hún noti alla kosmíska þjóna sína, hvern á sínu sviði, til að vernda börnin. Þessir sakleysingar hafa ekki eigin vilja og því var einn vilji— einungis vilji náttúrunnar, sem skipt var á milli nokkurra helgivalda sem vaka yfir þróunarpáttum náttúrunnar. Það má kalla það Swabhavic, (eðli innsta kjarnans) þróun einstakra kjarna hennar. Á sama hátt og blóðið frá hjartanu rennur eftir æðunum til ólíkra átta og skiptist síðan til ótölulegs fjölda smáæða, eins og náttúran skiptir sér í ótölulegs fjölda sjálfstæðra „vilja“ í framgangi þróunar sinnar, og hin mikla kosmíska Yagna verður heild einstakra sjálfstæðra vilja og athafna.

4. Það er eitt sem ég vil vekja athygli ykkar á. Þið kunnið að líta svo á að mannkynið sé enn á bernskustigi í heiminum, en það eru mikil misstök, því móðir náttúra getur ekki lengur borið ábyrgð á barninu. Staðreyndin er að heimurinn og mannkynið hafa áhrif hvert á annað í samferð sinni. Þið munið kannski að ég kallaði mannkynið heila Yagníska líkamans. Ef líkami barns þroskast samhliða heilanum og sjálfstæðar hugsanir verða meginþáttur lífsins þegar barnið vex til manns, á sér stað það sama á því

stærra sviði sem við höfum verið að ræða. Skoðið seinni bók *Secret Doctrine* og lesið þar um stöðu manna er þeir voru án hugarþáttarins, Manas, eða amanaskas, og um þá miklu breytingu sem kom er þeir urðu sjálfsvitandi verur, fyrir tilstilli Pitrisa sem kallaðir eru Agnishwattas. Þið vitið vinir mínir að lífsferill manns skiptist í fjóra hluta fyrir lögmálagjöf Manusar, bernsku, upprifjun fyrri reynslu og náms, líf hjónabands og umönnunar, og tímabil sjálfsgunar og höfnunar. Þessi fjögur tímabil svarar til fjögurra tímabila þróunar mannkyns á jörðunni, og fjórskiptingar Yuga tímabilsins sem þekkt eru sem Krita, Dwapdra, Treta og Kali. Starf Agnishwatta Pitris í að breyta manningum í vitundarveru, var það stig sem kallað er Bramha-Charyam, eða bernskuskeið mannkynsins.

5. Þið vitið kannski að Bramha-Charyam þýðir bókstaflega að kyrja Vedur, að muna og endursegja texta Vedana í söngli var álitid mikil fórnfýsi (Yagnam) af okkar fornu vedísku heimsspekingur. Það er sannarlega rétt, að enginn verður vitrari af því að endurtaka vers þúsund sinnu eins og páfagaukur, ef hann kafar ekki niður í merkingu textans og íhugar hann. En engu að síður var slíkt minnissöngl mikið hjá Bramhin af gamla skólanum og af þeim sökum var þessi siður misskilinn og misvirtur af enskumælandi vinum okkar, sem einföld kyrjun texta Vedanna. Slík endursögn var mun mikilvægari, því hún var fyrsta af þremur miklum skyldum sem krafist var af Bramhinum, önnur skyldan við Pitri-Devas er að uppfylla skyldur sínar í hjónabandi í samræmi við lögmálið og þriðja skyldan var við Devana með ögun á heimsins gæðum, hugleiðingu og slíku. Fyrsta skyldan er skuld okkar við Bramha-drottanna og er leyst með því að þylja Vedurnar. Um tilgang þessa siðar, er vikið að á fremur óljósan hátt í orðunum **ब्रह्मणो ब्रह्मचरणात् वेदा वर्तन्ति शाश्वताः** eða hinar eilífur Vedur haldast í birtingu með endurtekningu þeirra af Bramhinum. Slíkar endurtekningar

skapa og viðhalda þannig birtingu upprunalegum hugmyndum Bramha-drottnanna. Þetta leyndardómsfulla efni vekur athygli okkar og spurningar, hvað sé að baki þessum skyldum sem hinir fornu lögmálahöfundar settu á lærisveina sína, og ég er ekki í vafa um að baki þeim sé meira en við getum ímyndað okkur í dag. Ef við leitum í Puranas og Itihasas (söguljóð) eftir tilvitnun um um hvernig birting fimmhyrningur hinna fimm tilvistarþátta kom frá hugsýn Bramha-drottnanna, og hvernig fimmhyrningnum er viðhaldið í birtingunni, munum við ekki vera í vafa um áherslu þessara fornu lögmálgjafa á þessar vedísku endurtekningar.

6. Á Bramha-Charyam, bernskustiginu, væntir drengur þess að læra ekki aðeins að kyrja Vedurnar utanað, heldur einnig sastras (reglur og rit) og lögmál lífsins af andlegum leiðbeinanda sínum eins og á hinum hærri sviðum kosmískrar þróunar, það var á þessu stigi sem miklar sálir endurfæddust til að ganga meðal manna og innblása þeim grundvallarhugmyndir, sem myndu móta líf þeirra til enda þess tímabils. Arhat er kallaður Saptarshi Sthapanam —Sjö hópar innvígðra fullnuma, voru stofnaðir á jörðunni til að vernda og leiðbeina manninum á hinum minni tímabilum, og vera til staðar þegar þörf var á andlegri leiðbeiningu til manna. Einfaldar lífsreglur voru kenndar og mönnum kennt að lifa í samræmi, hver og einn fyrir annan. Öll lögmál kosmíks lífs voru kennd í stórum dráttum, og fyrir manninn voru lagðar niður nauðsynlegar Vedískar reglur fyrir hann- svo hann sjálfur gæti unnið í samræmi við lögmálin á jörðunni, í samræmi við hinn kosmísku lögmál. Maðurinn er mótaður af náttúrunni í hennar líki og afli hennar er fengið í hendur þeim sem leiða mannkynið, Bramhinum var fengið frelsi til að nota hinar Vedísku formúlur,

sem geta valdið breytingum á ethernum og mótað stefnu atburða. Í stuttu máli, valdur hópur manna var fengið mikið afl og ábyrgð í samræmi við hana; við öll getum gert kröfu um slíka mikla ábyrgð! En til þess vísa ég ykkur á bréfaskipti um dulspeki sem áttu sér stað. Á einum stað segir Meistari K. H. „Meiri og minni nemar verða að ganga brautir sínar og við sem berumst með hinum mikla straumi, getum beint einhverjum minni straumum þess og notað afl þeirra til góða fyrir mannkynið.“ Þessi vinna að beina straumum til góða fyrir mannkynið, eða mótun náttúrunnar, eins og ég kalla það, er nákvæmlega staða Bramhina. Það má kalla það stöðu Mahatma, meistara, en í Puranas er það kallað Bramhini, og ég hef því tekið það hugtak upp að nýju sem hefur fallið í gleysku vegna þess hve okkur hefur hnignað, og eru orðin sjálfsselsk og óandleg. Í þessu sambandi vil ég vitna í tvö Purana vers og mæli með að við íhugum þau.

स हि वेदमयो यज्ञस्सर्वभूतसुखावहः ।
 उभयोर्लोकयोस्तात हिंसावर्ज्यस्सनातनः ॥
 योगारम्भं कर्मसाध्यं ब्रह्मचर्ये सनातनम् ।
 प्रभवस्सर्वभूतानां यो विन्दति स वेदवित् ॥
 स सिद्धः प्रोच्यते लोके सिद्धिरेव न संशयः ।

„Yagna, er þekking sem skapar hamingju í báðum heimum og er laus við alla grimmd. Það er upphaf Yoga og verður til í Karma, vedískri kyrjun, og í tilveruþáttunum (bhootas). Sá sem öðlast þetta er sá sem þekkir Vedurnar og er kallaður vitur maður, Siddha, og er án efa mikill ávöxtur þess „.

7. Þetta val á útvöldum í Yagni úr mannkyninu, leiðir mig óhjákvæmilega að stéttarskiptingunni, sem hefur verið svo niðurlægð í okkar Hindu

fréttablöðum –sem eru að endurtaka enska klerka. Stéttirnar fjórar sem aríska samfélagið var skipt upp í af hinum fornu heimsspekingum sem gættu samfélagið, gerðu það ekki fyrir þægindi heldur vísindalega nauðsyn til að ná sem bestum árangri. Þroski mannkynsins á hverju tímaskeiði, sem að sjálfsgöðu þýddi þroski heimsins, fer ávallt saman. Það er aðeins mögulegt ef hann er í samræmi við lögmál Yagna-Purusha. Það sem líkami Yagna er samansettur af fjörum kröftum, efni, orku, tilfinningum, sál, skiptist mannkynið í fernt, Sudras, Vaisyas, Kshatriyas og Bramhins. Á þeim tíma sem hinar fjórar stéttir voru myndaðar, höfðu mannlegir einstaklingar ekki allir sömu karmísku eiginleika, þar sem einn hafði dauft andlegt ljós, en annar mikið, af ástæðum sem gefnar eru í *Secret Doctrine*. Það voru engar illar ástæður eins og gefið er í skyn í dag, sem leiddu til þess að þessara stéttarskiptinga. Heldur var það í samræmi við kosmísk lögmál og einstaklingskarma. Að ætla að illvilji hafi ráðið, er andstætt við verk þeirra manna sem hugsuðu og kenndu að vert var að lifa jafnvel á hæstu sviðum náttúrunnar og fórnðu sér fyrir hina minni bræður. Ef við beru þetta saman við velferð fjölskyldu, þar sem hinir eldri verða að gæta þeirra yngri og allir verða að taka að sér þau verk sem þeir eru best til fallnir, verðum við að gera ráð fyrir því sama í tilfelli alls mannkynsins, sem er í orðsins fyllstu merkingu, stór fjölskylda. Af þeirri ástæðu varð fjórskiptingin nauðsynleg í samræmi við eilíf lögmál þegar mannkynið kom á bernskuskeiðið, Bramha-Charyam, - með hugarorku sem gat mótað hlutskipti hinnar mannlegu fjölskyldu og hins mikla garð sem kallaður er Náttúra, þar sem fjölskyldan verður að lifa og vinna. Það má ekki gleymast að í náttúrunni og samkvæmt lögmálum hennar, hefur hærri staða meiri ábyrgð, og sannur konungur er þjónn fólksins. Yagnískt val manna og samhliða

Bramhina stéttina, eins og hún var upphaflega, hafði hún minnst efnislegra gæða og mesta vinnuálagið. Sú stétt varð að gæta hugsana og athafna í samræmi við náttúrunnar, þeir sem tilheyrðu þeirri stétt urðu að gæta að hreinleika líkama og hugsana og ögun þeirra var slík að mig setur hljóðan. Í hnignunarástandi þessarar stéttar í dag, má spyrja hvar við finnum slíkan hreinleika meðal þeirra í dag?

8. Ef við snúum okkar aftur að ferlinu sem við köllum Yagna, má skilgreina það sem ferli þar sem einn eða fleiri eru staddir á tilteknu þrepi í hinu stóra hjóli náttúrunnar, og hreyfi hjólið þannig að ákveðin áhrif í ákveðna átt urðu til að framkalla ákveða sérstaka niðurstöðu fyrirbrigða. Þegar ég segi *niðurstöðu fyrirbrigða*, munu eflaust margir ykkar sem eru undir áhrifum vestrænna efnislegra hugsanna setja mörk við slíkrar niðurstöðu og hugsa „o, þetta er ómögulegt. Það er mikil blekking að ætla Yagna að skapa yfirnáttúrulega niðurstöðu“. En ég segi við ykkur, að ef þið hafið þessa afstöðu, mun hin forna heimsspeki ekki verða ykkur til gagns, því slík afstaða lokar ykkur inn í þröngu hugarhelsi. Möguleikar náttúrunnar eru mun meiri en við getum ímyndað okkur og það er nauðsynlegt að losa okkur við þrönga fordóma til að skilja framgang Yagna. Ef þið hafið fylgt útskýringum mínum fram að þessu, ættuð þig ekki að vera í vandræðum með að skilja það. Það sem er kallað yfirnáttúrulegt er í raun algjörlega eðlilegt, og byggist á lögmálum náttúrunnar á hærri stigum hennar, en þekkjum ekki enn.

9. Frá þessari miklu áherslu sem hinir fornu Pourana heimsspekinga lögðu á munnlega endursögn á Veda, þið kunnið að álykta að hljóðið sé meginþáttur í hreyfing náttúrunnar. Hljóðið er fyrsti þáttur í birtingu fimmhyrningsins, þar sem það er eiginleiki Akas etersins og ég hef sagt að endursögn Veda er hin æðsta fórn og felur í sér allar minni fórnir sem leitast

við að viðhalda reglu á hinum birta fimmhyrningi. Að áliti hina fornu heimsspekinga er hljóðið og framburður máls það sem kemur næst hugsun sem hæstur karmískur þáttur mannsins. Til að skilja þessa staðhæfingu, verður þú að rifja upp hugmyndina um hinn fínna heim sem liggur að baki og nærir vitsmunalega skynjun okkar grófa efnisheims. Efnisheimurinn er byggður upp af ýmsum efnisþáttum, eins er finni heimurinn byggður upp af ýmsum lífsmiðjum sem ganga undir nöfnunum Yaksha, Gandarva Kinnara, Uraga, Sarpa í Sanskrit ritum. Þær eru nefndar eftir almennum heitum Deva sem samsvara nöfnum frumefna í guðspekiritum. Af tengslum hins grófa og fínna heims má sjá að allur lífsferill á hnettinum okkar er háður starfi frumafla deva, sem aftur er undir leiðsögn hugsýnar stigkerfa drottanna sem vaka yfir og gefa lögmálin fyrir þróun heimsins. Þessa deva má ekki aðgreina hvern frá öðrum, þar sem hver tekur á móti og gefur frá sér til annarra. Þannig er hvert frumafl, Deva, í Vedunum lofað sem hið æðra og stuðningur við allt annað sem og heiminn. Eldurinn er lofaður, vegna þess að hann gefur nauðsynlegs hita fyrir allt. Loftið er lofað vegna andrúmsloftsins sem gefur öllu líf o.s.f.

10. Ef við skoðum mannlegan líkama, er hann lífsheild sem Devar hafa gert sem eftirmynd allrar náttúrunnar. Eins margar breytur og eru í frumöflunum, svo margar eru breytur í líkamanum og taugamiðjur að stjórna þeim. Munurinn á milli skynfæra og útlima er vegna ólílra yfirráða þeirra Deva sem ríkja yfir þeim og sérstakra einkenna þeirra. Öll líffæri mannsins samsvara ytri heiminum og gefa þá sýn að hver hreyfing manns, í hvaða átt sem er, tengist ákveðnum frumaflþáttum og því má líta á manninn sem miðju heims sem tengist öllu sem útgeislun hans nær til. Hann hreyfir náttúruna og náttúran hreyfir hann til baka, og þetta er karmað sem ýtir manninum áfram á hjóli lífs og dauða, í langri röð

endurfæðinga. Ef maðurinn hreyfir náttúruna í samræmi við órjúfanleg lögmál hennar, til að tryggja hamingju núna og ávallt, tengist hann þáttum samræmis í heimi devana og þeir gefa honum hamingju þegar hann kemur aftur af himninum Swargam, gefa honum góðan líkama og því um líkt. En ef maður lifir ónáttúrulegu lífi, t.d. sem nautnamanneskja, gengst hann undir áhrif Rakshasas, eða skugga devana og fær í staðinn veiklaðan líkama í næstu jarðvist. Af hinum ýmsu karmapáttum sem maðurinn mótar sjálfan sig með og umhverfi sitt, er hljóð eða tal mikilvægast, það að tala er að vinna í eternum, sem stjórnar lægri fern frumaflanna, lofti, eldi, vatni og jörð. Mannlegt hljóð, eða tungumál hefur í sér öll frumöfl sem þarf til að hreyfa mismunandi gerðir Deva og þau öfl eru að sjálfsögðu sérhljóðar og samhljóðar. Smáatriðin í hljóðfræðinni í tengslum við Devana sem ríkja yfir finni heiminum, falla undir hið sanna Mantra Sastra, sem að sjálfsögðu er í höndum þeirra sem kunna.

11. Hvert hljóð sem berst frá manni, gengur inn í ytri heiminn og hefur áhrif á hina ýmsu gerðir deva sem eru í eteríska líkama náttúrunnar, allt eftir eðli hljóðsins og frá hvaða líkamshluta mannsins hljóðið berst. Vedísk endursögn er því megin þátturinn í því ferli sem kallað er Yagnams. Þegar ég segi vedísk endursögn, megið þið ekki álykta að átt sé við einfalda páfagauks eftirhermu, heldur vitundarlega framborið hljóð með fullri þekkingu á tengslum þess við líkamann og náttúruna. Full þekking verður að vera fyrir hendi á hinum sjö aðferðum á framsögn, sem er kölluð venjuleg vedísk málfræði, Chandas. Þessar sjö framsagnaaðferðir máls eru hinir sjö straumar sem eru þeir sjö straumar sem devalífið skiptist í við uppbyggingu hinnar birtu náttúru. Þessir straumar samsvara hinum sjö gerðum deva og pitris sem til eru, og nákvæmur skilningur verður að vera fyrir hendi, áður en yagnískur ferill getur haft tilhlýðileg áhrif. Þessi

staðreynd um þessa sjö strauma hljóðheima og tengsl við sjöskipta eiginleika birtingu náttúrunnar, var skilin af hinum fornu löngu áður en skráð saga varð til, til sönnunar eru margnefndar tilvísanir um það í Rig-Yeda. Í stórkostlegum óði til sólarinnar, segir fyrst í Vedu, **“एको अश्वो बहति सप्तनाम”** eða „einn hestur kallaður sjö er byrði þín.“ Síðar segir **‘सप्तस्वसारो अभिसंवहन्ते’**, eða „sjö fákur (fæddir af hinum eina) eru byrðar þínar.“ Hið guðlega eðli sem gegnsýrir alheim milljóna sólkerfa, nær einnig til okkar sólar og allrar birtingar sólkerfisins, þannig er þetta eðli forsenda vaxtar, viðhalds og eyðingu okkar heims, og það eðli er einfalt Nadam, Om, í okkar yoga heimsspeki, og það Nadam, eða Om, sem birtir sig sem hinir sjö straumar. Hið óbirta birtist, eða fæðist. Þessir straumar eru hinir sjö sérhljóðar eða nótur, og þær hafa sérstaka tengingu við hinar sjö vedíski málsframsagnir. Í Vishnu Purana, lýsir Parasara þeim sem fálkum sólareðlisins. Nöfn fákanna og hinna sjö vedíku tónaflæða eru þekkt sem Gayatri, Ushnik, Thristup, Anustup, Brihati, Pankthi, og Jagathithe. Þessi flæði eru bústaðir hinna sjö náttúrudrottna, Atri, Bhrigu, Kutsa, Vasistha, Goutama, Kasyapa and Angirasa. Þessir náttúrudrottnar, eða Dhyan Chohans eru staðsettir í sjö heimum sem kallast, Bhoo, Bhuvar, Suvar, Maha, Jana, Thapa og Satyam, hin sjöskiptu þætti náttúrunnar.

12. Vinir mínir, nú þegar ég hef nefnt nokkra mikilvæga þætti, vakna margar spurningar sem tengjast persónum drottnanna, bústaði og starfi þeirra, og ég er jafn uppnuminn af þeirri staðreynd að ég veit jafn lítið sem fyrirlesari og þið áheyrendur um þetta. Smáatriði í heimsspeki hinna fornu getur sá skilið sem setur sig í samband við anda yagna, eða anda þess að fórna sjálfum sér í þjónustu við sína minni bræður og getur varðveitt hluta þess upplýsandi ljóss sem skín frá þeim til góða fyrir mannkynið. Þið vitið öll að ég er meðlimur guðspekihreyfingarinnar og vinn fyrir þau. Þessi skylda að

halda fyrirlestra hér um efni sem tengist hinni fornu kenningum úr Pouranikas, er skylda sem ég hef sett á sjálfan mig, aðeins vegna þess að ég vinn fyrir guðspekina á sviði alheimsbræðralags og er óþreyjufullur um að grunnhugmyndir um tilvist manns og alheims verði afstaða sem flestra manna svo að þið getið allir skilið þær og þá nauðsynlegu vísindalegu staðreynd að þið gefið ykkur að því góða fyrir mannkynið. Svo að þið og mannkynið vinnið að bjartari dögum. Þið og kannski einhverjir Evrópumenn kunnið að líta á mig sem einhvern öfgamann gagnvart guðspekinni og yagna, en það er engin ástæða að tala ekki út um hvað mér býr í hjarta. Það eru nokkrar frelsaðar mannverur, eða Mahatmas, sem vaka og ríkja yfir hinu kosmíska yagna og hjálpa þroska mannkynsins í átt til þess mikla markmiðs sem liggur í fjarlægri framtíð. Þessir Mahatmas eru yagnar á hugasviði manna og vinna með hinni miklu bylgju sem dregur að strauma náttúrunnar og nota „vökvaorkuna til góða fyrir mannkynið.“ Eins og lögmál vatnsstrauma sem ólgar og þornar í okkur í hringrás ársins, er sama lögmál sem ríkir í flæði orku á hugarsviði náttúrunnar. Þroskaferill mannkynsins hægir á sér á minni tímabilum, en þá taka þessir mahatmas á sig þá skyldu, með sérstöku átaki að efla hug mannkynsins við upphaf stærri heimstímabila. Þessir tímar sem við lifum núna eru einmitt slík tímamót og það er því skylda mahatma bræðralagsins að vinna með sérstöku átaki sem yogar á þessum tímahring til að efla hið góða í mannlegu eðli og gegn hinu dimma í mannlegu eðli sem einkennir tímabilslok fyrstu 5000 ára Kaliyuga, svo að þau áhrif muni verða huglægur þáttur í að hugga, efla hamingju og gott líf, þegar þetta tímabil gengur inn í næsta 5000 ára tímabil. Öll vinna í kosmíska garðinum og að uppskera í formi framfara, er nauðsyn fyrir mahatma bræðralagið til að stuðla að yagnam, svo að dimmir bólstrar mannlegrar fáfræði leysist upp og sálarþorsta verði svalað í hugarregni sem falli í jörð mannlegrar þróunar. Þetta hlutverk og byrði sem mahatma hafa

tekið á sig, varð Yajamanan, eða sá sem stýrir Yagna. Í „Occult world“ segir að slíkur „fullkominn adept hefur gert sig að miðju sem geislar möguleikum sem skapa tengsl við tengsl um ómuna tíð.“ Þetta er nákvæmlega staða Yagnika, hvort sem hann vinnur á efnissviðinu til ná jafnvægi í efnisheiminum eða á hugajafnvægi. Eins og hver og einn ykkar Hindúa þekkir, eru ýmsar viðbætur við Yagni (fórna) ferill áður en stórkostleg áhrif verða til og mikilvægast er það sem á að fórna. Dýrafórna mun ég ræða á næstu dögum og fáránleiki þess og ástæðan dregin fram. Yagna, fórnin í þessu tilfelli, er á hugarsviðinu og því sem á að fórna er eitthvað á því sviði, þ.e. hugmynd, hugsýn. Það ætti að vera eldur sem fórninni er boðin og sá eldur er eldur mannlegs innsæis. Það á að vera hreinsað smjör, ghee, sem fórnin var hreinsuð í og ghee er táknrænt sem mikil ást á mannkyninu. Það ætti að vera fórnarvöllur þar sem fórnin er færð, og sá völlur sé guðspekihreyfingin. Það ætti að vera fórnarprestur til að söngla Vedu, svo að góð breyting verði í Akasa og andlegt regn steypist niður, og presturinn væri guðspekingur.

13. Kæru vinir, þið getið allir brosað yfir þessari skringilegu kynningu á guðspekifórna, yagnam, en ég bið ykkur að halda aftur af brosinu og snúa hugar ykkar að því mikla átaki sem framlag guðspekinnar er. Allri orku tilverunnar hefur verið snúið að efnislegri hlið náttúrunnar og efnisleg þægindi sem stjórnast af líkama mannsins hafa margfaldast að gífurlegu umfangi. Allt mannkynið sýnist mér velta um í martraðarkenndri skynfæraheimsku. Ótaldar milljónir heimsins strita í leit sinni að heimsins gæðum sem haldið er að þeim af djöflinum. Í þessari miklu veislu sem hann bíður upp á, treður hver af annars skó og þannig verður allur heimurinn eins og dýr leitt til slátrunar sem djöfulinn stýrir sjálfur. Ógurleg öskur heyrast alstaðar, öskur sjálfselsku. Heimurinn, að minnsta kosti sá hluti

Indlands sem ég hef séð, er í huglægu hnignunarástandi, minnir á líkamlegt meðvitundarleysi í kjölfar veislu. Mjög dauft er andlega ljósið í börnum þessa lands sem átti sér forna dýrð. Niður með fortíðina, öskra egóista nútímans. Niður með Manu, öskra uppreisnarseggir. Fornar villimannaaldir öskra skóladrengir okkar. Allt er falskt segja vedantistar okkar. Allt er þetta ein hlægileg dulúð öskra fræðimenn okkar. Haldið fyrir nefið og hættið að anda til að öðlast andlegt frelsi, mukti, segja strætisyogarnir. Sitjið þegjandi og hreyfingarlaus og sameinið ykkur teppinu, segja sanyasi okkar. Svipuð köll halda áfram hvarvetna. Þetta er suðupottur eitursvartrar sjálfselsku mannlegrar tilveru. Hinn eilífa sanna tilvist sem okkar breytilega tilvera byggist á, hangir á blápræði og mannkynið reynir að slíta þann þráð og verða frjálst eins og dýr merkurinnar. Undir slíkum andstæðum kringumstæðum sprettur fram guðspekin, sem ætlað er að beina athygli mannsins eða einhverjum hluta manna, frá landi skugganna til lands hins sanna ljóss. Með eðlislægum viljakrafti Mahatma, sem er neðst í keðju hreyfingarinnar, hefur viðleitnin lifað af allar áætlanir til að kæfa hana á fyrstu stigum. Guðspekin er eins og lifandi afl sem hver og einn getur notað til að læra að þekkja sjálfan sig og heiminn sem þeir lifa í.

Samfélag sem hefur það að markmiði að dreifa sannindum hinna fornu Veda vísinda, er að gerast í Evrópu og Ameríku. Þúsundir hafa risið úr andlegu meðvitundarleysi í þeim löndum, ný viðleitni hefur hafist til að ná til þeirra sem enn hafa ekki vaknað. En hvernig er ástandið á Indlandi í viðleitni guðspekinnar. Við sjáum algera stöðnun í stað virkrar athafnasemi. Guðspekikenningarnar, sem er annað orð yfir vedísku ritin okkar, eru álitnar nýjar tennur eldri hugsýnar. „Þetta er allt Budhismi“ segja ofsatrúarmennirnir. „Orðið Amitabha er buddist“ öskra bókstafstrúar vedaistarnir. En ef við förum rækilega í gegnum skrif H.P.B., er lítið af Búddisma í guðspekinni og hún er að sjálfsögðu ekki trúarbrögð, heldur

lífandi félags sem er á almennu umræðutorgi þaðan sem við allir getum unnið að því að endurreisa hin fornu viskuvísindi eins og þið sjáið að þau eru. H. P. B. talar um sömu hluti og okkar forna heimsspeki Bramhina, á öðru tungumáli og á öðrum vettvangi. Nemi eins og ég er í heimsspeki Puranas og Itihasas, og einnig nemi H.P. B. hef dáðst af hinu algera samhengi þeirra beggja.

14. Ég bið ykkur vinir mínir og landar í nafni réttlætis, hversu lengi ætlið þið að hvílast eftir dögum guðspekinnar. Það er lögmál að þeir sem hafa meiri þekkingu þurfa að fórna sér fyrir þá sem vita minna og það er nauðsynleg skylda ykkar að rísa upp, og ganga í raðir guðspekinga og vinna að endurreisn að hreinleika hinna fornu vísinda. Í hlutfalli við vinnu ykkar, er ykkur hjálpað af Mahatmas, því mottó þeirra er að hjálpa þeim sem eru hjálparþurfi. Þegar ég kallaði guðspekihreyfinguna lífandi samfélag, þá hafði ég þetta í huga. Sá sem gengur til liðs, kemur undir vernd og áhrif Mahatma, og hversu lengi verða börn Indlands af slíkum hreinsandi straumum. Það er ykkar að segja til um það.

7. Fyrirlestur

1. Kæru bræður mínir

Síðast þegar við hittumst hérna, reyndi ég að gefa ykkur hugmynd um hvernig hinir fornu heimsspekingar litu á hljóð sem einn af virkum þáttum náttúrunnar, og hvernig vedísk endursögn er meginþátturinn í að skapa mikil áhrif í Yagni ferli. Greypið í ykkur hugsýnina að öll fyrirbrigði eru framkvæmd með töfrum, ekki af neinum dásamlegum viljamætti sem beitt er án tillits til lögmála náttúrunnar að vilja töframannsins, heldur af þöglum stuðningi og samvinnu með framgangi náttúrunnar. Hér á okkar landi var galdur, hreinn og beinn, kenndur af hinum fornu innvígðu, en einnig síðar var viðleitni þeirra að leiðrétta rangar hugmyndir hjá fólki í þessum efnum, tilhneigingar hafa alltaf verið til að fara beinu leiðina og leitt af sér vaxandi persónuhyggju og um leið aftengingu við náttúruna, hér á landi höfum við mikið af orðatiltækjum sem eru í mótsögn við þetta, sem eiga uppuna sinn í viðleitni til að leiðrétta rangar hugmyndir um þátt einstaklings í hinum meiri sannindum. Hinar auðsæu mótsagnir hafa ýtt undir kredubundnar deilur, haturs og milli átrúnaða, þar sem hver átrúnaður setur ofbeldi sem einn þátt sannleikans og dregur hann niður sem efnislegt form. Það hefur því gerst að það er aðeins hluti sannleikans í hverjum átrúnaði, og sá sem vill komast að öllum sannleikanum verður nauðsynlega að losa sig undan öllum sértrúarkreddum og byggja hugsunarkerfi þar sem öll sannindi koma saman. Þeir sem hrópa „þetta er allt ein flækja vitleysu og hjátrúar“ hafa ranga afstöðu til þessara þátta. Það er gamall sannleikur að sá sem hefur ekkert að gefa sínum minni bræðrum nema nægan sjóð úrtöluorða

til að hrópa þá niður, er óafvitað að skapa strauma sem bera hann til þess sem hann talar niður. Mörg dæmi hef ég séð hvernig hið dulúðuga karmalögmál vinnur, dæmi þar sem siðferðispostular sem boða fordæmingar, hafði þegjandi nálgast sama hyldýpið og að lokum gengið þar inn. Ég bið því ykkur bræður mína að falla ekki í slíka strauma, strauma óskynsemi sem falla niður frá sjálfskipaðri alvitrun. Eins og eitt efni náttúrunnar dreifist í ýmsar áttir og hreyfist í ólíkum bylgjum, getur myndað, og myndar endalaus birtingarform, eins hafa einföld kosmísk sannindi á hugarsviðinu birta sig í mótuðu hugarformum átrúnaða, hvert með sínum andlega og efnislega þætti.

2. Til að skýra þetta betur skulum við líta á eitt orðatiltæki

“इच्छामात्रं प्रमोक्ष्यतिः”

„það sem er vilji hins fullkomna, verður,“. Þetta orðatiltæki er tilvísun í hins óskaplegu mikla viljamáttar andlegs manns. En mikið ósköp hefur þetta málstæki skapað mikinn misskilning í hugum margra trúaðra, það hefur fest í sessi trúna á persónulegan guð sem situr í hásæti á himni og stýrir öllum málum heimsins eftir geðþótta sínum, af þóknun eða vanþóknun eins og hjá venjulegum manni. Þetta málstæki er jafnvel misskilið í hugum guðspekinga á mjög óæskilegan hátt. Sumir indverskir guðspekingar hafa haldið að meistari Himalaya, Mahatma, geti ef hann vill, birt sig í ljóslíkama, sem þeir geti séð hann og kallað fram hvenær sem þeim hentar og hann frelsi þá vegna óska þeirra.

Það mikla kapphlaup um að verða nemi meistaranna í upphafi Guðspekihreyfingarinnar, er að stórum hluta afleiðing af fáfræði um vilja meistaranna. Innhald bréfa meistarara K. H. um hina fínna heima og hugsanna þar var auðsjáanlega haft í huga í því kapphlaupi. Það að meistararnir eru samstarfsmenn náttúrunnar og þjónar hinna óumbreytanlegu kosmísku

lög mála, er það sem ávallt á að vera í huga okkar, þegar við lyftum huga okkar á hærri svið náttúrunnar og reynum að skilja þau. Andstætt við fyrrnefnt málstæki, skulum við skoða annað orðatiltæki **“स्वभावज्ञायते सर्व”**, „allt er gert af náttúrunni.“ Þessi staðhæfing hefur einnig verið illa misskilin af mönnum og margir skilja hana að þróunin sé í gegnum efnið og orkan sem búi í efninu sé á engan hátt tengd samvinnu við vitundir sem gæti þróunarinnar, og besta útkoman þróunarinnar fáið með ræktun. Þessir menn geta ekki hugsað sér háleitar verur sem hafa fórnað sér fyrir allt mannkynið og þjóna sem milliliðir hugmynda sem koma frá sviðum sem ekki eru í birtingu. Þessi vantrú á tilveru slíkra vera, starf þeirra og visku, gerir þá ómóttækilega fyrir þeim miklu áhrifum sem streyma þaðan til góða fyrir mannkynið. Íhugið vel þessi orð H. P. B. — „Hann stendur þar í vestri eins og hvítur stöpull, og af ásjónu hans skín dýrðlegur eilíft rísandi sólarhugur“. Af þessum illa misskilningi sem ég hef nefnt, sá fyrri í átrúnaði í landi okkar og Austurlöndum, og þeim síðari að trúa á ekkert nema sýnilega efnisþróun, er það sem einkennir England og Vesturlönd. Ef slíkur Mahatma þekktist sem slíkur í okkar landi, myndum við strax dýrka hann, færa honum óhemju magn mismunandi matvæla, skreyta hann silfri og gulli og tileinka honum tónlist og leika frammi fyrir honum. Ef hann flytti til Englands, myndu margir þarlendir klappa honum á axlir og segja með breiðu glotti, „jæja félagi, fólk segir að þú sért mikill töframaður, ég vona að þú setjir mig ekki í kassann“. Hvorutveggja er jafn skaðlegt og miklar hindranir fyrir góðu verki sem slíkur fullnumi getur leitt af sér ef hann byggir annað hvort á Indlandi eða Englandi. Réttu afstaðan til að rannsaka heimsspeki hina fornu yagna, er að sameina góða eiginleika hinna ensku og indversku persónueinkenna. Við ættum að vera sjálfstæðir eins og

Englendingar og auðmjúkir eins og Hindúar. Sjálfstæðið á ekki að snúast upp í tortryggni, né auðmýktin í þrælslund.

3. En snúum okkar nú aftur að þulinni vedískri galdraathöfn, sem má skilgreina sem áhrif viðburða sem er akasísk truflun og sem er sköpuð af flytjandanum. Þið munið kannski eftir því að ég sagði eitt sinn að eterískur þáttur sólkerfisins var skilin sem mikill söngur sem þekktur er sem Veda og áhrif fyrirbrigða byrja þar. Í þessu samhengi má minna á, að almenn Puránísk sögn á Indlandi er að Bramha hafi sér til leiðbeiningar, Veda, sem að sjálfsgöðu er eilíf, en breytir sviðinu í samræmi við hringrás tímabils. Ef þörf er á að breyta í lok tímabils, er Veda hent inn í óreiðu, hún er endursett á jörðunni af Bramhins, sem stjórna yagnískri stofnun með Bramha sem leiðtoga sinn. Af þessu getið þið séð að til að tóna Veda í yagnískri athöfn, er einfaldlega verið að fylgja og efla athöfn sem er hluti hins stærra samhengis eterísku þátta náttúrunnar. Ef við tökum sem dæmi af fyrirbrigði eins og rigningu, sem er hægt að lýsa sem röð hreyfinga á akasa sviðinu, sem mynda segulmagnaða breytingu í andrúmsloftinu í kringum okkur, sem er eins og þið vitið það fyrsta fyrirbrigðið í umhverfi okkar sem við tökum eftir. Þessi hóphreyfing, fyrirbrigðið rigning, er hluti af máli náttúrunnar og svarar til hluta af hinum mikla söng hennar. Þessi þáttur svarar til tónaðar Vedu, þið getið séð hvaða athöfn vedísk tónun verður að eiga sér stað til að til að sýna þann yagnaferill sem er ætlað að móta og hreyfa náttúruna.

4. Af þessu má sjá að fórnarathöfn er ekki yfirnáttúruleg athöfn, heldur algjörlega eðlileg sem er gerð á hærri sviðum náttúrunnar og gerð til að ná fram ávöxtum fyrirbrigðanna. Ef sá sem vill framkvæma slíka athöfn er ekki fullnumi með fullkominn vilja, er næsta ómögulegt að ná fram áhrifum fyrirbrigða að óskum einstaklingsvilja eða með tónapul. Áhrifin geta hins vegar komið fram ef annað kemur í stað einstaklingsvilja, vilji margra sem

er myndaður í samvinnu og samræmi. Þó einn maður geti ekki hrist tréð, geta það margir saman, í samvinnu á öllum sviðum tilverunnar liggja hin dásamlegu áhrif. Áhrif sameiginlegs vilja eru vel þekkt í rannsóknum og í reynd. Af þessari ástæðu verður yagnísk athöfn að vera framkvæmd af mörgum mönnum í góðu samræmi og tónun Veda samkvæmt ákveðinni áætlun. Þeir sem þjóna í slíkri athöfn kallast Rithwiks, eða Yagni prestar. Þeir eru sextán að töku, hver þeirra hefur sérstakt hlutverk og ber sérstakt nafn. Það er ekki nauðsynlegt að vita þessi nöfn þessara presta, né hlutverk í smáatriðum, en það getur verið áhugavert að vita af hverju það þarf sextán presta til að fara með fjórar Vedur. Tala 16 presta er kölluð í Yagni riti og í Puranas sem *Sroutams*. Talan sjálf er forvitnileg í sjálfu sér, þar sem skoðun á henni á mismunandi vegu er tengd við tiltekin sjónarhorn. Talan, 1 og sem 6 fylgir, gefur til kynna að talan 10 standi fyrir alheim með 6 teina hjól lífsins. Talan 16 er jöfn $2 \times 2 \times 2 \times 2$ og gefur hugmynd um aðskilin tvöfaldan andardrátt sem hefur náð til fjórða sviðs hins birta kosmos og framkvæmir sextánfalda vinnu. Yagni líkaminn er eins og ég hef sagt ykkur, upphaf hinnar lægri ferndar, er neðar hinni hærri þrenningu, og því er ferndin í kosmískri sjöskiptingu og skipting andardráttarins, tvöföldun í eðli sínu, og verður þá að vera sextán í Yagni líkamanum og því ríkja yfir honum 16 prestar, eða kosmískir söngpulir, kraftar sem kalla út sem birtingarkraftar. Sumir ykkar guðspekibræður mínir hafið nokkuð góða hugmynd um töluna 7 og þurfið ekki að vera hissa á tölunni 16, því hún felur mikið í sér fyrir ykkur. Tölurnar, 1 og 6 fylgir henni og samtala þeirra er 7, og hinir 16 prestar tóna sem einn hljómur sem fellur inn í hina sex teina á hjóli lífsins. Kjarni tölunnar sextán er því sjöund. Talan 16 er einnig $3 \times 3 + 7$, eða $9 + 7$, þannig að hinir eilífu níu sköpunardrottnar, prajapatis, hafa í sér sjöund, eða eina fullkomna birtingu og þessir sköpunardrottnar eru þrefaldir frumtalan þrír. Ég nefni þetta hér til að vekja forvitni um

skoðun á duldum talnagildum, og hvet ykkur til að lesa allt um tölur í tveim bókum H.P.B. „Isis Unveiled“ og „Secret Doctrine“. Þið munið sjá að mikil áhersla er lögð á töluna sjö, en þið megið ekki taka það svo, að þið sjáið ekkert annað en sjö, þá munið þið ekki sjá hugmyndina hjá H.P.B. Þegar hún nefnir að sjö sé tala endanlegrar birtingar, á hún einnig við að það sé afleiðing frumtölunnar þrír. Þrír og sjö, eða frumprenningin og sjöskipt birtingin gera tíu, það er heildin, eða tvöföldun fimmpáttanna, sem H.P.B kallar fimmeðli alheims.

5. Ef við snúum okkur aftur að Yagna, er sextán sérstaklega áhugaverð, því rót hennar er fjöldi Vedanna. Hér eru nokkra tilvitnanir úr Purana versum sem ég hef þýtt í þessu sambandi.

अथर्वणस्तु यो योगः शीर्षं यज्ञस्य तत्स्मृतं ।

ग्रीवा बाह्वन्तरं चैव ऋग्भागस्स भवेत्ततः ॥

हृदयञ्चैव पार्श्वच सामभागस्तु निर्मितः ।

वस्तिशीर्षं कटीदेशं जंघोरुचरणैस्सह ॥

एवमेषयजुर्भागः संघातो यज्ञकल्पितः ।

पुरुषोदिव्यरूपाभः सम्भूतो ह्यमरात्पदात् ॥

„Yoga að nafni Atliarva er þekktur sem höfuð Yagna og Rig- Veda, myndaði hálsinn og handleggi. Hjartað og magasíður voru myndaðar af Sama, mittið, þvagfæri, læri, fótleggi og fætur voru myndaðar af Yajus, og hópar allra Vedanna er Yagna-Purusha, fæddur af eilífur sviði.“

Af þessari tilvitnun getið þið séð að, Rik, Sama og Yajus Vedanna er skipað í röð að ofan og niður, að jörðu, eða efnisbirtingunni. Atharva er sá hæsti veda í þulunum, yogi. Öll sýnileg áhrif fyrirbrigða er hægt að ná fram með

vedískum tónapulur, en aðeins ef hún er á sviði Atharvic. Það Veda er því yoga á vegum hins mikla Yoga Bramha sem birtist og þróaðist sem þrenninguna sem kallast, jörð, vatn og eldur. Þetta þrennt svarar til hinna þriggja Veda, Yajus, Sama og Rik. Við skulum kalla það hina þrjá þætti eters, þau þrjú svið þar sem er heimssöngurinn er sunginn. Heimssöngurinn fjórfaldast á Atharvic sviði Bramha, þar verða því fjórpátta hvers hina þriggja sviða þar sem hann er sunginn. Þarna er ástæðan fyrir 16 fórnarprestum, sem skiptast í fjóra flokka, fjórir í hverjum. Höfuð Atharvic hópsins er kallað Bramha. Höfuð hinna hópanna á Rik, Sama og Yajur eru kallaðir í sömu röð, hota, utgata og Adwaryu. Þessir fjórir höfuðprestar, Bramha, Hota, Uttgata og Adwaryu hafa hver þrjá undir sér til aðstoðar í smærri verkum og skyldum Bramha og hlutverk þeirra er að fylgjast með, aðlaga og leiðrétta. Skylda aðstoðarmanna Hota er að þylja Rig Vedu versin á sérstakan hátt sem einkennast af langri tónun, þegar kemur að þeirra frásögn. Öll yagna er ákveðin og óumbreytanleg, engin prestur má gera eitthvað frá eigin brjósti, heldur verður halda sig við nákvæmlega við anda yagna. Skylda Uttgata og aðstoðarpresta er að lofa Devas í Sama vedískri frásögn, sem verður að vera þekkt af öllum hindúum. Skylda Adwaryu presta er að tóna Yajur vedaísk vers og framkalla Homa (eldfórnasiður).

6. Kæru vinir, það var ekki ætlun mín að fara inn í smáatriði á neinum Yagni siðum, né ætla ég að gera það núna. Til þess og útskýra hvert þrep, krefst allrar orku Pouranikas (prestanna) og það er mér algjörlega ofviða. Þar sem það er nauðsynlegt fyrir nema í Sanskrit Puranas (sagnanna), að skilja útmeginlínur hugsanakerfisins og að margir aðilar koma fyrir í Bagavat Gita, vil ég draga ykkur alla í umhugsun um eðli Yagna (náttúrunnar), íhugun sem færir ykkur dýpri andargift og virðingu fyrir hinum fornu Bramhinum en þið

hafið í dag. Þar sem ég hef sagt nóg mun ég ekki fara í sundurliðaðar innstu atriði Yagna. Ég mun fara nokkrum orðum um það sem er kallað Homa, og og þaðan í önnur efni. Þið vitið að fórnarsiðirnir eins og þeir eru framkvæmdir í dag, eru ekki einfaldar vedískar tónapulur, en fylgt eftir með fórnum á eld á heilagri jörð. Fórn í eldi hefur þau áhrif að auka vedísku framsögnina á akasa. Eldurinn er tákn um tengingu við hin innri eld sem fyllir allt. Sumir hlutir sem brenndir eru í eldinum framkalla sérstök töfraáhrif, þannig er eldsfórn er einn meginþátturinn í Yagna, sem að sjálfsgöðu er ætlað að hreyfa við vél náttúrunnar. Hreyfing náttúrunnar þýðir hreyfingu í sjálfstæðum heimi Deva, eða í frumefninu sem Devarnir hafa umsjón með. Á sama hátt og þegar matur kemur í maga og virkar eins og örvun sem setur af stað aðskilnað og útskilnað, hefur raforkan sem losnar við fórn sem brennur á eldi, svipuð áhrif á deva líkama og framkallar breytingar. Eldur er því munnur deva, eins og orðatiltækið segir.

7. Ég hef nú aðeins nefnt efni fórnarinnar, en til upplýsinga þá var engin fórn lambs framkvæmd til forna, það er sagt í mjög áreiðanlegum ritum, að Yagna á að vera laust við alla grimmd við lifandi verur. Hinir fornu Yagnikas voru allir meistara samúðar gagnvart öllum lifandi verum, og það er ljóst hvað þeir segja um Yagna, að engin grimmd var tengd við siði Yagni. Mistökin við sauðaslátrun sýnast hafa komið í þessu Kaliyuga og vél náttúrunnar hefur orðið mjög stífluð af efnislegum úrgangi og ófær um að hreyfast við tónun, eins og áður fyrr. Hin raunverulega fórn hina fornu Yagnikas, gleymdist mannum þar sem hann er um of tengdur gildum þessa (Kali)Yuga, sem tengjast persónulegum tilfinningum sem gerir hann fúsann til að nota heilaga hluti í eigin tilgangi. Fórnarval hinna fornu sem var hlaðið raforku mun, ef það er upplýst nútímamanninum, aðeins þjóna sem besta leiðin til að skaða aðra, jafnvel meira en með sprengiefni. Þess

vegna var siðunum haldið leyndum og kynþátturinn sem nærður var af Yagna, féll óhjákvæmilega í að fórna hlutum sem tákn um tjáningu og hugsana Veda ritanna. Mótmæli sem hafa óhjákvæmilega komið frá meisturum samúðar hreyfa hið dökka karma sem maðurinn skapar í sælli von um að hann nái inn í swargam (paradísar) með fórnarsiðum. Að neyta fæðu sem er heilagasta athöfn sem viðheldur öllu í þessum heimi, í núverandi ástandi, verður óheilög ef maður verður eins og rómverjar, sem eins og okkur er sagt af sagnariturum, voru færðir margir stórir diskar af syngjandi fuglum til að éta, aðeins til að kasta matnum upp til að geta byrjað aftur að éta. Þetta á einnig við um heilagasta verknaðinn í Yagna sem með huga okkar reynum að hreyfa náttúruna og næra allar verur, verður óheillagur þegar fórnin missir merkingu sína þegar hann er gerður af sjálfselsku mannsins og fórnar heilagri samúðinni. Því samúðarandi Yagna er án grimmdar og sjálfselsku, Ó hvaða hryllingur. En samúðin færði okkur drottinn Búdda og hann barðist gegn því illu karma sem byggðist á bókstafstúlkun hinna fornu Veda rita. Þannig spratt upp Búddismi sem helgaði sig einungis Budhi (þekkingu), hluta hins forna Veda og sem var svo illa hermd eftir vegna örvæntingar Mr. Sundara Ramayya í Trivandram. Maður sem var án ljóss Budhi (vitsmuna) er aðeins skepna í mannlegu formi, eins er Yagna sem í dag byggist aðeins á bókstafstúlkun vedískum táknum og siðum, án Veda Budhi, er maðurinn aðeins dýrslegur í í eðli sínu og myrkur verður afleiðing af því karma, sem er skapað þrátt fyrir aðvaranir í ritum eins og Bagavatam að Yagna sé ekki fyrir Kaliyuga. Jafnvel maðurinn er bundin niður á fórnarstólpann af sjálfselsku kyni Dikshitas (sérskóli) eins og við sjáum núna og er látið viðgangast af yfirvöldum. Þegar sá dagur kemur að slíkir hlutir verða, verður Rakshasa (djöflar) ástand í sögu þessa karma-Bhoomi (jarðar). Sem ég fordæmi þessa hluti í núverandi kerfi, er ég ekki í vafa um að hinir góðu strangtrúuðu herra menn sem nú safnast saman

í miðju Indversks félagslífs, í algerri andstæðu við miðju samfélags umbótamenn, eru reiðubúnir að höggva á þær rætur sem rekja má til fjarlægðar fortíðar Manu og Yagnavalkya. Umhugsun um heimsspeki hina fornu Yagnikas er eina leiðsögnin í þessu landi sem hluta til er í upplausn, og til allrar hamingju fyrir okkur er, hefur guðspekin komið fram sem leiðsögn fyrir huga manna sem eru opnir fyrir sannfæringu.

8. Eins og ég sagði ykkur, á sú illska sem drottinn Budda barðist gegn, rætur sínar í táknum Veda sem voru tekin bókstaflega og allir svartagaldramenn finna leið sína til Veda. Þið kunnið að spyrja, hvað hefur Veda að gera með tákn? Svarið mitt hjálpar ekki, því í Veda birtist öll náttúran á öllum þróunarstigum. Náttúran er sjöföld, í formi, líf í því formi, kama til að leiðbeina lífinu, huga sem gefa lögmál fyrir kama, og þrjá hærri þætti. Veda sem fjallar um lægri fernd náttúrunnar er stjórnað af Budhi-Manas kosmísku sviðinu sem felur í sér eðli allra vísinda. Guð áætlað sagði Plato og Hann reiknað sagði Pythagoras. Þessi geometría á kosmíska sviðinu skapar það sem við köllum form og líf. Sá sem skilur að dýrin sem nefnd eru í Veda vísindum eru dulin geometría, og sá sem skilur virkni og lögmál Devana sem móta formin, er dulspekilegur reiknismeistari og skilur bæði hið sanna Sidha, eða Bramhin. Tökum ákveðið dæmi, tilvist Pitir devas er í geómetrísku formi sem okkar fornu heimsspekingar kölluðu lömb. Þetta tákn er efnislega það sem við köllum sveitalykt, eða huglægt er hægt að kalla aðlaðandi. Sá sem vill fara til ákveðinna hærri sviða, verður að sjálfsögðu að eiga við lambið sitt á eigin forsendum, það hefur tilvísun til kosmíks karna, lögmál eigin athafna, og þess sviðs sem maðurinn leitar eftir að komast til. Gerum ráð fyrir að þessi maður taki raunverulegt lamb, í stað lambið í sjálfum sér, og kvelji aumingja skepnuna til að koma fótum

hennar á eldinn, hvað heldur þú um þann mann? Það sama hugsað ég um djöfla-bramhinana, sem gera þetta og skilja ekki hin fornu vísindi.

9. Í öllu því sem ég hef lýst sem yagnam, er einn mikilvægur þáttur – sá yajamana sem er ábyrgur í þessu ferli, og ef athöfnin tekst ekki, er honum kennt um en ef það tekst þá hlýtur hann lofið. Yajamana er einstaklingur sem fórnar sjálfum sér til góða fyrir heiminn, og tekur á sig að móta hagsmuni heimsins af hlýðni við lögmál hans. Ef mannlegur líkami er tekinn sem fórnarvöllur, er hugurinn hans yajamana. Allar athafnir manns í lífinu, frá fæðingu til dauða, mynda einn mikinn yagniferill sem er stjórnað af þeim sanna einstaklingi sem kallast hugur. Sá sem er fús til að fórna máli sínu og hugsunum til góða fyrir heiminn, er sannur yagnika og allir hærri heimar eru fráteknir fyrir hann. Grunnþóttinn í lífi yagnika er að gera gott, án tillits til stétta eða trúar, eins og sólin skín jafnt á alla. Það má vera að hann haldi sig frá vondum straumum heimsins, en það er ekki vegna þess að hann líti á sig ofar heiminum, heldur líti á sjálfan sig sem salt jarðar fyrir heiminn til að bragða af og haldi sér hreinum þess vegna, á sama hátt og læknir gætir eigin huga og líkama svo hann geti sem best sinnt sínum þjáðu sjúklingum og létt þjáningu þeirra. Starfsvið alheimsbræðralagsins þar sem menn eru kallaðir til starfa til góða fyrir mannkynið er nákvæmlega það sama og hinna fornu Bramhinar sem samsömuðu sig náttúrunni og fórnðu sér sem saklausa lambið, fyrir efnis-, hug- og sálarlega velferð mannkynsins. Vinir mínir, ég óska þess að þið hugleiðið stöðu hinna fornu Bramhina og ákveðið hvort slík staða sé ekki lífsins virði.

8. Fyrirlestur

Kæru bræður mínir.

Tilgangur funda okkar hér, er eins og þið vitið, að rannsaka Bagavat Gita og eins og einhverjir ykkar hugsa, segi ég þetta án þess að fara í kringum hlutina. Það eru margir sunnudagar síðan þið hafið heyrt nokkuð um sjálfa Gitu, en ég verð enn að fara að henni á hlið með hugsunum um yagna og presta. Ég fullvissa ykkur um að allt sem ég segi er nauðsynlegur undirbúningur að raunverulegum skilningi á Gita; því Gita er ekkert fjarlægt heimsspekikerfi sem kennt er í hinum sex hugsanaskólum, heldur yfirlit á stöðu þessara sex skóla af sjónarhóli sannleikans, eða vedísku sjónarhóli. Rannsókn á bókinni krefst þekkingar á öllum hinu fornu heimsspekikerfum sem kennd er í Uptoishads, Puranas, Yogasastra og öðrum, og ekkert í þessum undirbúningi sem við leggjum á okkur er til ónýtis, því hann er til að gera Gita skýrari. Engin bók um stjörnufræði er sett í hendur nema sem ekki hefur undirbúning í stærðfræði og eins er Gita ekki fyrir þann sem þekkir ekkert um hina fornu hugsun. Engu að síður hafa margir reynt og margir hópar guðspekinga og sumir hverjir hafa reynt að skilja Gita með hjálp okkar hefðbundnu vedaista. Þeir hafa ekki verið nærðir af öðru en guðleysi og bólgnir af falskenningum um að ekki-tilvist Parabramha sé eini sannleikurinn og allt annað í birtingunni sé algjör blekking, þeir hafna öllum Purana þjóðsögum og áhrifum á hugarsviðs manna frá hærri vitundum af sviðum sem hulin er okkar augum. Þær vitundundir eru Purana Bramhinar, Konungs-meistarar eða Mahatmar guðspekinnar og hafa ómældan kærleika fyrir mannkynið sem einni fjölskyldu og munu ekki hætta að vinna í þágu þess, og eru ávallt reiðubúnir fyrir þá sem óska þess.

Þessir geta unnið í gegnum sérstaka einstaklinga þegar þeir einstaklingar laðast að sannleikanum hvar sem hann finnst og eru þess vegna hæfir til að yfirstíga hugarmúra stétta og trúarbragða sem birta sig í aðdáun á tilteknum ritum, sérstökum átrúnaði og þjóðerni. Sá sem vill skilja hið mikla gangverk náttúrunnar með öllum sínu duldu hliðum, verður að setja sig á miðjan fjallstindinn til að kanna umhverfið, en ef hann bíður og vill ekki ganga á tindinn, verður slík persóna að sætta sig við takmarkaðar útlínur og þrönga ganga þröngsýnna hugsana og afstöðu. Hann verður áfram fangi eigin múra og afstaða hans er „þú hefur rangt fyrir þér, en ég hef rétt fyrir mér“. Vinir mínir, hugleiðið hvað Mahatma geti gert til að frelsa þennan ánægða fanga. Megi ég deyja í mínu fæðingalandi, er hjartakall okkar virðulegu gömlu frúa og við Hindúar, allir sem einn, erum ekki á hærri stalli en hinar eldri frúr sem fæddu okkur í heiminn. Um leið og hinn ánægði maður er tekin úr fangaklefa sínum, getur hann vart dregið andann í hreina loftinu úti, og löngun vaknar til að komast aftur í mettað andrúmsloft fangaklefans, aumingja maðurinn mun flýja aftur til síns upprunalega heimilis og loka sig öruggan inni og taka undir með leiðtogum sínum „þetta er mitt fæðingarland.“

2. Þið kunnið allir að sussa á mig og ástríðufullir segja eins og góður Hindúi „ó þú ótrúi sonur Indlands“, en ég get ekki annað en sagt sannleikann, að mikill meirihluti okkar nútíma vedaista er fangar hinna fjögurra veggja einnar sagnar „Purabramham sannindi, allt er blekking“. Þessir herra menn hafa heimildir sínar úr ritum hins mikla sagnameistara Sankaracharya, sem við þekkjum allir sem leiðtoga Adwaita hreyfingarinnar sem sett var á fót eftir að annar mikill meistari var uppi, sem þekktur er sem

Gotama Buddha, höfundur kenningarinnar um Buddha eða Buddahisma. Báðir eru miklir meistarar samúðar, og má líta á þá sem hin tvö jarðarhvel glóandi ljóshnattar sem er settur þar sem hann lýsir huglægu ljósi til Austurs og Vesturs. Þessir tveir meistarar er dulfræðilega tengdir, ef þið hlustið á H. P. B, næst skilningur á eðli þessara tveggja og að skilja eðli alls kosmosins sem tvö aðskildin himinhvel, annað sem land sólarupprisú eilífðarhuga, og hitt sem „stólpi í Vestri sem snýr að rísandi hugarsólu sem eilíflega baðar hann dýrðlegustu geislum sínum.“ Þeir standa fyrir tveim miklum öflum sem eru þekkt í Puranas sem Siva og Visnu, sáningu og uppskeru alheimsins, þeir sem með samskiptum sínum styðja alheimsferilinn. Náttúrulífið, yagna, sem komið var á af hinu fornu yagnikas, sem í eðli sínu eru tengdir Bramha Charyam sviði mannsins, einstaklings og í heild, féll niður í mikla misnotkun þegar núverandi 5000 ára tímaseið náði botni sínum u.þ.b. fyrir 2500 árum. Yagna, fórnarandinn, einstaklingshöll Yajamana sem er fús til að gefa upp hugarheim sinn og vinna að heilindum að af samúð fyrir hinn þjáða mann, verður fullur grimmdar og tekur þátt í grimmd, stendur með stífni, taugalaus og með köld augu í herbergjum evrópskra ruddalegra greininga sem menn með mýkra náttúrulega geta ekki gert að því að sjá það sem skuggalönd myrkurs og hryggðarstuna, þar sem konungur grimmdar ríkir og stjórnar af hörku eftir þeim lögum sem þar ríkir, „Valdið er réttur“. Kannski er hægt að afsaka Evrópumenn að hluta, þar sem þeir hæla sér ekki af neinum fórnum, né af því að drekka Soma, engin flugför koma til að sækja Jiva eftir dauðann og lyfta honum til uppljómunar. Það er ekki hægt að segja um Hindúa. Hann var settur sem stjórnandi fyrir náttúruna og sem slíkur gat stjórnað heildinni og að hluta tilheyrði Veda, heimsöngnum í mannlegum hljóðum

sem honum var gefinn til að nota á dulfræðilega á merkingalegan hátt, og sem töfra í kyrjun. Heimssöngur hlýðir ákveðnum lögmálum hlutfalla, eða stærðfræði Pythagorasar og setur spennandi áhrif sín inn í svið kosmíks efnis, það setur það síðarnefnda í kristallaðan ferill, sem heimsspekingurinn Plato kallaði rúmfræði kosmosins. Hin mismunandi form sem hægt er að skoða í sameindum, allt frá saltkristala til hinna dásamlegu flóknu lífeinda mannlegs líkama, eru allt byggingar hins mikla kosmíska arkitektar sem þekktur er sem Viswakarma, devasmiður í Purana ritunum okkar. Sú upplýsta verkun Veda er að rekja alheiminn frá einum grunnhljómi sem er táknaður sem O M, sem af nauðsyn er skipt í upprunalega þrjá, og síðar í sjö sérhljóða, síðan í sjö nótur, og aftur í sjö sjö samsetningar hinna sjö nótna sem byggðar er á hinum þremur og þá í kvæði. Allt þetta fellur inn í efnislegt svið samhljóða, sem smásaman framleiðir kristalmyndunina sem saman myndar Alheiminn. Heimurinn fyrir hugsuðinn er sú töfrandi hreyfing sem söngur á hindúaísku Saraswati framkallar.

3. Nú verður að eiga sér stað, og hefur átt sér stað, að nöfn nokkurra rúmfræðilegra niðurstaða sem hægt er að skoða eru orð sem koma fyrir í Veda. Til að hafa skýra mynd af þessu skulum við skoða þá mynd sem kölluð er lamb, sérstaklega þar sem þetta dýr sér allan heiminn sem óvin sinn. Orðið fyrir þetta dýr í Sanskrit, er nafnið á fyrsta merkinu í dýrahringnum, eða Mesha. Þeir devarnir, eða eins og Puranas skýrir það, devarnir sem með verkum sínum gefur okkur grófu líkamana sem við lifum í, eru sagðir búa í segulsviði grófa efnisins sem má kalla sveitilm, eða áru þess þáttar sem kallast ástúð, eða þau bönd sem tengja líkamana hvorn við annan og huglæg tengsl við margvíslega hópa sem afleiðing af segulmagnaðri aðlöðun. Þegar Veda útskýrir segulsviðið, útskýrir hún það eðlilega sem

svið lambsins, sviðið þar sem Pitir devas hafa tilveru sína. Í næsta skrefi mynda þessir devar sig í lambi, þ.e.a.s. sem lambið í manninum. Ef þið hafið í huga að hann myndar ávallt miðju þróunarstarfsins, þráðinn sem öll náttúran er hengd á og hann er heilinn í yagna líkamanum eða logos smáheimsins á því sviði sem hann birtir sig, eða efnislega grunngerðin sem geislar frá sér ýmis lífsform sem eru í kringum okkur, munið þið því ekki aðeins sjá lambið í manninum, heldur einnig hest, svín ofl. Ef þú gætir séð fyrir þér allan heiminn sem eina mikla lífsheild, sem geislað hefur frá fernd einnar tilveru, með neti taktfastra strauma, og ef þú sérð einnig fyrir þér steina-, jurta-, dýra- og mannríkið sem fjóra þætti birtingarinnar sem svara til hinnar upphaflegu ferndar, mun það ekki vera erfitt fyrir ykkur að að rekja hverja birtingu til upprunalegu fjögurra, ferndina í Bramha. Við komum að lambinu sem dýr úr einni átt í lífinu og að lambinu í manninum úr annarri átt og bæði fylgjast að, enda Bramha, eða egó mannsins miðja allrar þróunar. Tökum sem dæmi máltæki Telugu tungumálsins, „að sá sem étur hund er yogi“. Eigum við að skilja það sem hundinn á strætunum, eða hundsháttinn í okkur sem geltir á hugarsviðinu og framkallar það sem kallað er reiði?*. Örugglega það síðarnefnda. Öðrum tilfinningapáttum mannsins er hægt að tengja dýrum og það styður raunverulega dýrun og einnig áhrifum sem verða á astralsviðinu, Bhuvarloka, og finnur fyrir tjáningu til baka. Þó að sýnileg hringrás lífs milli manns og ytri náttúrunnar eigi sér ekki stað á þessu sviði, eru þar óséðar hringrásir með fínni öldum sem hann setur á ýmsa fínni þætti náttúrunnar.

*Í íslensku máli eigum við mörg máltæki þar sem dýr eru tengd innri tilfinningum og eiginleikum manna, m.a; „Hann hefur hundseðli“, hann er hundfúll“, „hann er svínslegur“, „hann er ljúfur sem lamb“, „Hann er sauðheimskur“, hann er kýrskýr“, hann er kattþrífinn“ o.s.f.

4. Vedísk staðhæfing segir; að ef maður fremur fórn með lambi, muni hann ná inn í swargam og allur heimurinn muni njóta þess, og ef hann fremur fórn með hesti mun hann dvelja í Swargam í heilt heimstímabil, kalpa, Devar og Pitris munu fagna og blessa allt mannkynið. Þessi staðhæfing sem hefur tilvísun í mannlegt líf í tengslum við tilfinninga- og sálar hluta mannsins og einnig áhrif góðra verka fyrir heiminn í heild með sérstökum fórnum í lífinu og fyrir þau karmísku viðbrögð sem safnast saman hjá þeim sem færir fórnina, langi hann að njóta ávaxtanna, þessar staðhæfingar skilja margir bókstaflega. Versta útfærslan er svartigaldur. Eigin fórn er snúið í fórn á lífi dýrs í blindri trú að það muni lyfta manni til Swargam eftir leið eldsins. Þegar slík fáfræði ræður huga manns um karmískt lögmál, nær sjálfelskan meiri hærri hæðum en nokkurn tíma áður og verður lögmál lífsins þeirra sem beita yagna til eflingar og hreinleika mannkynsins. Bramhan verður Rakshasa og þeir byrja að líta á sig æðri en stéttarbræður sínir. Hugmyndin um alheimsbræðralag þar sem sjálfsfórnin ein getur þrífist í anda yagna sem mótvægi við sjálfsánægju, er hent út í vindinn. Slíkar voru aðstæður þegar drottinn Buddha birtist á sviði heimsins fyrir 2500 árum, og gerði hvað hann gat til að brjóta upp íhaldssama bókstafstrú sem hafði sokkið niður í svartagaldur.

5. Drottinn Buddha tilheyrði Aryan hluta mannkynsins, eins mikið og Sankaracharya, hann bar virðingu fyrir og var ekki andsnúinn hinna fornu yagnikas sem lifðu meðal manna á Bramha charyam stiginu og höfðu gefið heiminum heimssönginn sem þekkist sem Veda, höfðu kennt mannum leyndardóma yagna þar sem hann gat viðhaldið ákveðnu samræmi við fínni heima, eða með aðferðum deva og pitris í Purana. Drottinn Buddha var ekki andstæður anda yagna, heldur ytra formi siðanna sem byggðir voru á bókstaf Veda ritanna,

og spillt af sjálfselsku og grimmd og var svo fjarri anda einingu og bræðralagi sem fjarlægð milli pólanna. Þessi andi einingar sem var ráðandi á fyrri stigum manna og náttúru, hvarf fyrir einstaklingshyggjunni með öllum þeim afleiðingum sem það hafði á hugi manna. Hin sanni Sankhya-yoga skólinn, eða skóli hinna fornu þekkingar eða einfaldlega Veda skólinn sem drottinn Buddha og allir aðrir tilheyra sem þrætt hafa þann veg hans síðan, hafa í sér grunntón þess, hugmyndina um einingu Alheimsins og bræðralags. Samkvæmt þessum grunntóni verður hver og einn að vinna fyrir alla hina, og einungis þannig getur orðið samræmi á jörðu sem á himni. Um leið og maður slær nótu sem er ekki í samhljómi við grunntóninn, læðist að honum karmískt misræmi og hann verður að neyta ávaxta þess, hversu beiskir þeir eru. Lögmál einingar gerir aðra að neytendum þessa beisku ávaxta, því hver maður er óhjákvæmilega tengdur öðrum og ef allir skilja þetta getur allt mannkynið forðað óhjákvæmilegum hörmungum sem munu verða meiri við aukna sjálfselsku. Við getum sagt eins og segir í táknrænum texta Purana, að drottinn Buddha kleif hið gullna fjall Meru sem er nú hulið af mistri fáfræði og íhugun manna, eins og sagt er að við ættum að íhuga Bramhadrottna heimsins til að viðhalda allri birtingu. Þegar drottinn Buddha steig upp og náði toppnum, bar fyrir augu hans útsýni yfir öll svið tilverunnar, frá efstu sviðum Nirvana niður til lands sorganna þar sem milljónir þraukuðu, ýmist í gleði eða grátandi í sorg.

6. Hinn mikli drottinn samúðar sá hvernig hinn eilífi vegur samlyndis var að breytast í ósamlyndi, allt fyrir eftirsókn eftir persónulegum ljóma eigin mikilvægis. Hann sá hvernig eðli Kali Yuga hægt og bítandi vann á karma Aría, fimmta kynstofnsins (hugsið hér um töluna fimm), jókst í samræmi við hið eilífa lögmál andstæðna.

Hann hugsaði með sér „á eðli Yuga að koma í veg fyrir að ég ætti ekki að léttja þjáningu mannsins? Er ekki ósamræmið skapað af náttúrunni til að efla styrk mannsins til að öðlast samræmi? Ef eining er lögmál náttúrunnar, nær það þá ekki einnig til sálarsona heimsins og er það ekki skylda manna að ná því góðar úr hinu illa, hafna Nirvana og vinna ávallt fyrir minnimáttar? Ef ferilinn er eitt lögmálanna, er þá ekki ósamræmi sem Kaliyuga skapar, nauðsynleg leið til að ná samræmi?" Bræður mínir, svona hugsaði Mahatma höfðinginn og stríðsmaðurinn. Ég segi höfðingi, vegna þess að þessi miskunnsami andlegi maður hafði svo djúpar tilfinningar til meðbræðra sinna, og sló hærri nótur miskunnar og andlegs þroska í öll bræðralög. Kjarni Arísku meistarana fylgdu honum og mikil hreyfing varð til fyrir 25 öldum fyrir hugsun og verk hans.

7. Vegur hreyfingarinnar má segja að hafi verið úr forminu í efnið. Þetta má rekja í sérhverjum breytileika Búddískra sjónarmiða, frá efnishlið hefðbundinna presta á þessum tíma. Það sem ég kalla Búddísk sjónarmið, er það sama og hið forna Bramhiníska. Það getur ekki hafa verið öðruvísi ef drottinn Buddha þekkti sannindi náttúrunnar og ef hinir fornu Bramhinar gerðu það einnig, að heimsspeki hans og þeirra hafi verið ein og sú sama. Hugmyndin um alheims bræðralag sem var undirstaða hins forna yagna kerfis kallaði á hvern mann að rækta eigin hreinleika, svo sá hreinleiki gengi áfram til hreinsunar allra, var endurvakin af drottni Buddha. Fórnarsíðir slátrunar, þessir úrkynjuðu myndir af fyrrum glæsilegu kerfi töfrasiða, umbreytingartilfelli þar sem Veda huldi leyndarmál sín, var að miklu leyti sett niður og menn voru kallaðir til að sýna sjálfsfórn í bræðralagi í hugsun, orði og æði. Bramhinarnir fengu nafn sitt af nafnrótinni *Brih*, að vaxa, urðu að læra af öðru en að drekka Soma safa, heldur af stöðugri viðleitni í hugsun um að léttja þjáningar mannkynsins, þannig efldust þeir til hærri sviða

andlegrar fullkomnunar. Ef við snúum okkur að efni hinna fornu vísinda Vedu, þá höfðu þau breyst á tíma Buddha í kerfislega trú með mörgum hliðum eins og sjá má af sérnöfnum í Vedunum. Nöfn eins og Indra, Eudra, Vishnu, Bramha, Soorya, Soma og önnur, sem eru notuð til að sýna hinar ýmsu deildir og þætti hinnar miklu tilvistar, séðrar og óséðrar, höfðu misst lifandi merkingu sínar og litið var á sem persónulega Deva sem hefðu tilvist í hornum alheimsins. Drottin Buddha fjarlægði þennan misskilning með því að leggja áherslu á hugmyndina um algjörð, dharma, kosmíska reglu eða lögmál sem er órjúfanleg ópersónuleg reglu sem vinnur á mörgum stigum og undirstigum. Það er engin vafi á því að fjöldi vera sem vinna á þessum stigum er hægt að kalla persónulegan Guð. Hinir fornu Yagna heimsspekingar, sem höfðu gefið kosmíska sýn sem er rakinn frá upprunalega efninu sem táknað var sem Nadam, eða Om, birtir sig sem þrenning á hugmyndasviðinu og síðan þróast í ferndina, sem ég hef kallað yagna líkamann. Um hvað lá að baki þessari grunnmynd gátu þeir ekki upplýst, heldur einungis kallað það hæsta stig hins birta Vishnu eða náttúru sem hafði í sér hið endanlega, öll lögmál í birtingu, eða Narayana. En af því að nafn var gefið, urðu siðir til þess að festa það í fast form og gerðu úr því persónulega veru sem hægt var að færa sláturfórnir. Drottinn Buddha gaf blátt bann við slíkri dýrkun með því að segja að heimurinn hefði enga þörf á slíkri veru og hið endanlega væri ekkert.

8. Vinir mínir, það var gömul sögn, að hvenær sem engill snúi sér fylgi djöfull honum sem skuggi, þetta orð, *ekkert*, hefur verið útlistað mjög sem *ekki-neitt*, og fest rætur bæði í Austri og Vestri og hefur verið borið sem vitni um að drottinn Buddha hafi verið algjör guðleysingi. Fram til þessa hafa bókstafstrúaðir Hindúar kallað fylgismenn Buddha trúleysingja. Óhlutdrægur samanburður á því sem er kallað Buddhaísk heimsspeki við hið forna

Bramhiníska kerfi sannfærir alla um að hugsunin er næsta eins. En það er sorglegt að sjá, að jafnvel skynsamir herra menn eru að mistúlka orð drottins Buddha, og hafa kallað þetta átak til að endurnýja hið forna yagna kerfi, eins og mögulegt er á dimmum öldum Kaliyuga, -útbreiðslu örvæntingar. Þessi röksemd þessara manna er mjög sérkennileg. Því drottinn Buddha hafi kallað heiminn eymdardal og því sé hann útbreiðandi örvæntingar. Ef svo er, þá eru allir hinir fornu Arísku heimsspekingar, frá höfundum Upanishads, til Sankara Charya, jafnmiklir útbreiðendur örvæntingar. Þetta er fullkomlega röng yfirlýsing, að sýn Sankara Charya á blekkinguna sé afbrigði af örvæntingu Buddha, því sú sýn hafði margoft verið nefnd af miklum heimsspekingum sem voru uppi löngu fyrir daga drottins Buddha. Það að heimurinn sé blekking, er yfirlýsing sem ekki er ætluð mönnum sem lifa í lúxuss og eru því mjög bundnir efnisheiminum. En það vill svo til að sumt fólk í heiminum, á þessu hjóli fæðinga og dauða, komast að lokum á þann hugarþroska og byrja að líta á þennan hringrásarferill sem skugga lífsins í finni heimum, að ná því sem kallað er Vairagyam, eða fráhvarfi.

Tálmyndarsýnin er hluti af heimsspeki sem skoðar það sem má nefna fráhvarf, sá sem er á vegi Nivirti, eða endurkomu frá finni sviðunum. Ég sé enga ástæðu fyrir því af hverju bókstafstrúarmenn þessa lands ættu að skilja drottinn Buddha frá þeim hóp sem hann tilheyrir og tengja nafn *hans* við örvæntingu og tálsýn, en að undanskilja aðra sem voru á undan honum og eftir.

9. Hreyfing drottins Buddha hlýtur að hafa skapað mikla ringulreið hér á landi, eins og þið allir getið ímyndað ykkur og hin mikli heimsspekingur og sá sem tók á sig það verk að endurvekja regluna var Sankara Charya. Hann varðveitti kjarnann í því sem drottinn Buddha hafði kennt og sagt, sem var

við hæfi fólks á þeim tíma. Til dæmis setti hann fram vedíst Parabramham í stað hið buddaíska *ekki-tening*. Þegar spurt var hvað Parabramham væri, var svar hans að það væri ekkert sem maður gæti hugsað og því sé aðeins lýst sem neikvæðu. Takið eftir hvernig eitt og það sama er sagt á tvennan máta og skapar mismunandi áhrif á huga illa upplýst fólks sem ekki skilur orðræðuna. Hvað yagna varðar, er eftirtektarvert að Sankara Charya ræddi það ekki þar sem umræðan var á lágu stigi. Hann skipti hinsvegar öllu dharma sem varðaði svið mannsins í tvo þætti, Pravritti og Mvirti, eða dharma þess sem þekktist heiminn og vildi njóta ávaxta hans og andlega andstæðu Swarga, og dharma annars sem þekkir sannindin um náttúruna og orðið fráhverfur hlutum efnisheimsins og bíður launar frá byrðum þessa skilyrta lífs. Fyrri flokkurinn samanstendur að sjálfsögðu af fáfræðingum heimsins, og hinn síðari af vali heimsins. Fyrir seinni hópinn mælti Sankara Charya með Sanniyasa, eða höfnun á vedísku karma og hann mælti með að reyna að brjótast frá ahancara, eða eigingirni með því að vinna fyrir drottinn en ekki fyrir sjálfan sig. Það eitt var stór þáttur í að draga úr þessu lágstigi yagna, talsmenn þess byggðu rök sín á Veda Vada, eða túlkun á innihaldi Veda. Sri Sankara Charya gerði meira. Í útskýringum tók hann tillit til hvers ferils yagna sem mælt var með í ritunum og túlkaði stundum orðið Yagna sem Parameswara (guð), logos, sem að sjálfsögðu var túlkað almennt sem logos sem náð var með höfnun einni saman. Tilgangur hins mikla umbótarmanns var ekki að kenna nein andleg fræði, heldur að endurvefja reglu í landinu sem gat ekki borið sannindin sem drottinn Buddha kenndi, og sem hafði leitt af sér rugling. Hann tók því ekki upp neinar purana hefðir til að rekja virkni kosmíks lögmáls sem hafði komið á þessari undursamlegu breytni, birtingu úr ekki-birtingu.

Að heimurinn sé blekking og Parabramham sé það eina raunverulega, var gott yfirskin við þessar kringumstæður sem kröfðust þess að andleg sannindi yrðu enduruppgötvuð; Mér var sagt af nemum í ritum Sankra Charya, að á einum stað þar sem Vyasa (forn heimsspekingur) hafði reynt að sætta saman ýmsar mótsagnir sem sagt er um þróunina í Upanishads, hafði Acharya, meistarinn látið fella margar fallegar setningar út til að kæfa forvitni um mótsagnirnar. Það eru þessi áhrif — allur heimurinn er draumur og tálsýn. Einkenni tálsýnar er að hún breytist. Borg á himni sem sköpuð er með efni skýjanna er fyrir augað tálsýn og breytist eins oft og skýin taka á sig breytta lögun. Eitt skipti sér maður eins og eldvagn og á næsta augnabliki sér hann eitthvað annað. Heimsspeki Upanishads vill kenna að Parabramham er það eina sem er raunverulegt, og öll gerð heimsins, ýmsar þróunargerðir í mismunandi stöðum, séu einungis tálsýn sem sýni að draumur geti ekki staðist lögmálin vegna þess að hann er blekking.

10. Takið eftir vinir mínir, hvernig heimsspekingurinn forðast að gefa upp andleg sannindi, sem þjóna því einu að samræma auðsæjar mótsagnir í hinum fornu ritum. Fræðarinn vildi aðeins koma því inn í huga nema að Alheimurinn er einn í eðli sínu, en auðsýnilega fjölbreyttur í birtingu sinni. En þetta hafði sína eigin villu í för með sér á huga nema, alla vega eins og það er í dag. Meirihluti Veda nema læra aðeins rökin, „Sannindi Parabramham eru, að allt er blekking“ Ég mun ekki núna fara í mikið málskrúð gegn okkar vesalings vedaistum, en ég mun segja nokkur orð ykkur til leiðbeiningar í að lesa Bagavat Gita frá sjónarhóli hinna fornu yagnikas. Fyrir þessum heimsspekingum var náttúran ekki blekking, heldur tímalaus forsenda fyrir þróun í eilífri tilveru, sem bjó í hverju atómi í endalausum geimnum, eða var hjarta í öllum hlutum, sem reynir að öðlast æ meiri vitund um lífstilveru sína. Þetta hjarta alheimsins býr allstaðar í

náttúrunni og þeir kölluðu það hið eilífa yagna, eða Purusha* sem er að baki allri kosmískri birtingu. Allar mannlegar sálir, eða allar endanlegar vitundarmiðjur sem eru bundnar í efninu, fæða af sér eigind, eða ahancara, eru geislar frá hjarta Purusha sem snúast á hjóli þróunarinnar til að auka við vitund alheimsins. Í hverjum takmörkuðu heimstímabili ferðast maðurinn frá neikvæða póli vitundarsviðsins í átt til þess jákvæða, þetta sjáum við ef við berum saman fyllri vitund aldraðs manns í samanburði við vitund hans sem barn. Að sjálfsögðu er slíkur samanburður léttvægur ef hann er borinn saman við eilífa þætti eins og hjartavitund Alheimsins, sem samkvæmt hinni öldnu heimsspeki, skapar birtingu allra heimstímabila með sínum eigin þankaslætti. Þessi tímadrottinn, eins og Purusha nefnir hann, er upphaf og endir allra sviða. Stöðu hans má lýsa hér á eftir. Þið vitið að vísindaleg niðurstaða eðlisfræðinga er að allar plánetur sólkerfisins á sínum föstu brautum, munu að lokum renna inn í miðju kerfisins, sólarinnar, þaðan sem þær eru upprunnar, vegna tregðuverkunar eteríska efnisins sem við öll fljótum í. Ef þið getið séð fyrir ykkur allar þessar plánetur á mismunandi brautum sem mynda einskonar spíral, og að allt líf og þróunarferill sólkerfisins er spíralkúrfa frá miðju hinnar andlegu sólararmiðju og til baka. Ef við setjum í stað hinnar efnislegu sól, hina andlegu vitundarsól sem er alstaðar í kerfinu og er hjarta náttúrunnar, — uppruni og endir alla lífs. Þetta er Parabramham í Puruna ritunum og Baghavan Sankaracharya, og er ekki skilinn af skynfærum mannsins, eins og sagt er. Svo að þið misskilið ekki stöðuna, þá vil ég segja ykkur að hin andlega sól sem fyllir allt, er ekki hægt að staðsetja í efninu.

** Í elstu Vedunum táknaði, Purusha kosmískan mann sem fórnað var af guðunum og skapaði allt líf. Það var ein margra sköpunarkenningar sem komu fram í Vedunum. Hugmyndin er nátengd Ými hinum norræna*

Taktur þróunarinnar er innan frá og út, og aftur inn, þessi sami gangur er í öllum geimnum. Það sem þessa hluti er erfitt að meðtaka án djúprar hugsunar, mæli ég með næsta þætti fyrir ykkur.

11. Ég sagði að allar mannlegar sálir væru að sönnu, geislar í andlegri sól og þá spyrjið þið, ef allar þessar sálir snúa til baka til sólarinnar, steypast þær ekki saman í eitt. Sumir heimsspekingar segja í eitt og aðrir segja í margar og mikið hefur verið ritað um þetta, en sannur Sankhya-Yoga skóli, sem stendur fyrir hina fornu Raja-meistara, Bramhina og drottins Buddha á seinni tímum, segja okkur að þær vera ein og margar. Margar sem lifa í einingu andans, eða algjöru samræmi sem með eigin töfrum fjarri hugmyndinni um margar, það er hin eina sem skapar eigin tilveru, birtir sig og þjónar sem grunntónn margra. Guðspekin er fullkomlega í samræmi við bæði Sankhya og Yoga, og Sri-Krishna sagði „Sá sem sér Sankhya og Yoga sem eitt, er hinn raunverulegi sjáandi.“ Til að gera þetta en skýrar, vil ég skýra hugmynd sem er gefin í miklu verki sanns guðspekings, og ætti að vera þekkt á Indlandi, H. P. B. Við höfum öll kynnst málstækjum eins og, andi hópsins, líf hópsins, ofl. Skoðum þetta nánar — hópurinn hefur enga tilvist án eininganna sem mynda hópinn. En í verkum hafa þessar einingar oft sömu tilfinningu, hugsun og tilgang, og svo mikla að litið er á þær sem eina heild sem hefur nafnið *hópur*. Andi hópsins er einn, en samt margir, samanstendur af mörgum einstökum einingum. Við skulum því þenja ímyndunaraflið til hæstu sviða lífsins og sjá fyrir okkur einn í mörgum og hina mörgu í einum og þá munum við fá innsýn á hið algjöra eina líf sem „hin einasta eining rennur inn í hina óendalegu heild.“

12. Mikilfengleiki þessarar algeru tilveru í hjarta alheimsins er hlutur sem við eigum erfitt með að skilja, jafnvel í innblásnum ljóðaglóðum Valmiki er kannski einungis ilmur af þessum máttugu, sem einu sinni lifðu sem menn og hafa lyft sér á sviðum náttúrunnar með hreinleika og einingu, með þátttöku í alheims bræðralagshugsýninni, ásamt löngun til að þekkja sannleikann hvar sem hann finnst, jafnvel í að fórna Nirvana. Þetta eru meistararnir, Mahatmas, í guðspekiritunum sem saman mynda þekkingartréð* — tréð sem má segja að vaxi á mörkum lands hreins samræmis, sem reynir að birta sig gegnum sviðin sjö, æ meira í gegnum æ þéttari mótstöðu. Þegar ég segi að Mahatmas hafi fórnað Nirvana til að næra þekkingartréð, verðið þið að líta á þá sem menn sem fórnðu sér vegna fáfræði mannkynsins og stigu á karmahjól þess til að gera framgang þess bjartari. Þess vegna kalla ég þá Yagnikas og þeir standa saman sem hjarta náttúrunna í sjöskiptri birtingu sinni, fyrir okkur, íbúa sjöunda sviðsins sem erum römmuð inn í því sem mætti kalla grunn atómsins.

* tréð í goðafræðinni

13. Þessir meistarar eru namar í öllum þáttum náttúrunnar og þekkingin sem þeir hafa öðlast á aðferðum og lögmálum hennar, hjálpar þeim til að ákvarða með mikilli nákvæmni eðlisþætti framgangs hennar. Að fylgja kosmískum vexti og þróun, fylgja lögmáli þess — lögmáli sem er óumbreytanlegt. Það er ekki lögmálið sem veldur tálsýn Vedanema í landi okkar, nemum sem mér sýnast hafa snert yfirborð hugsana okkar mikla heimsspekings Sankaracharya. Heimsspekingur, sem án efa tilheyrði hinum forna viskuskóla, sem sagði hluti með ákveðnum skýrum hugmyndum sem hafa alla tíð verið mistúlkuð af nemum hans. Fræðsla okkar Acharya, er fræðsla Gautama Buddha sem er aðlöguð að skapgerð þjóðarinnar og að hún renni til persónulegs kama hennar, hefur hindrað Hindúa að skilja

hugmyndina. Ég hef lesið lítinn hluta skrif Sankara Charya, en það er nóg til að sannfæra mig að þessi mikli meistari sem kom eftir Gautama Budda, en í skrifum sínum var á hefðbundnum línunum við það sem allir fornu heimsspekingarnir höfðu kennt, hafði á sama tíma sýnt þolinmæði gagnvart fáfræði og fordómum heimsins. Eitt dæmi má nefna hér.

14. Hinir fornu heimsspekingar höfðu rætt um tvö dharmas (sannindi), eða hegðunarmynstur sem kölluð eru Pravriti og Nivirti. Lögmál Pravirti varðar kosmíska útþróun og hvernig hegðun manna hefur áhrif á hana. Lögmál sem varða kosmíska innþróun og feril sem menn taka í sömu átt frá hærri sviðum er kallað Nivirti. Yagna, sem menn eiga þátt í Pravirti, eða kosmískum vexti og mótun er í samræmi við svið náttúrunnar og það samræmi var kallað Adhyatmic yagna. Þessi tvö yagna eru náskyld, eins og hugur og líkami, og ekki er hægt að draga skýra línu á milli þeirra. Engin maður getur risið á vog náttúrunnar án þess að hafa skilið eitthvað gott eftir sig fyrir mannkynið segir Karmalögmálið, með sama hætti og eðlisfræðilögmálið segir að hæð kúlu upp í loftið fari eftir þrýstikraftinum, þið skiljið að framfarir manna fara eftir því átaki hans að skilja sannindi náttúrunnar, til góða fyrir mannkynið. Hinir fornu heimsspekingar sögðu í hugleiðingum sínum um þetta lögmál

**अपुनर्भाविनां लोकाः कर्मयोग प्रतिष्ठिताः ।
आदानाद्बध्यते जन्तुः निरादानात्प्रमुच्यते ॥**

„Svið þeirra sem aldrei snúa til baka ákvarðast í Karma Yoga. Maður er bundinn karmakeðjunni, ef hann samþykkir ávexti karma, en hafni hann þeim í afneitun langanna, vinnur hann að frelsi.“ Af þessu má sjá að sannindi Pravirti og Nivirti ná tengd og enginn maður getur ekki þroskast

andlega, ef hann vinnur ekki stöðugt að betri efnislegum, huglægum og andlegum þroska manna í anda bróðurkærleika til allra, eða í anda bræðralags alheimsins sem er eini vegurinn sem lyftir mannum hærra. Allt þetta er hin forna Yagna fræðsla. Þetta sama var endurtekið af Drottni Buddha fyrir 2500 árum þegar rætur hins illa, í persónulegum túlkunum réði þá ríkjum. Hugmynd um að ekkert karma snerti mann sem vildi lausn frá skilyrtri tilvist, náði fótfestu í hugum mikils fjölda. Síðan voru Brahmanir í úrkynjuðu Yagnahópum sem töldu að lambslátrun og Somadrykkja væru nauðsynleg fyrir andlega fullkomnun. Drottinn Buddha gaf báðum þessum hópum nauðsynlegt högg með staðhæfingu sinni að fullkomnun næðist hvorki með leti eða somadrykkju. Hann hafði slegið lykilnótuna — Vinnið, vinnið, vinnið hver fyrir annan, og sýnið þannig í verki bróðurkærleik og lögmál karma sem gætir gang náttúrunnar, það mun sannarlega lyfta verkamanninum og mannkyninu. Slíkri uppgjöf eigingirni var ekki vel tekið hjá landsbörnum Karma-Bhumi eða íhaldsseminni, en Bagavan Sankaracharya ræddi hana. Stefnan sem þessi fræðari tók var að greina á milli karma og gnyanam (visku). Í öllum skrifum Sankara, leggur hann mikla áherslu á og spyr; „á að tengja karma viskunni eða á að skilja hana frá henni?“ Fræðarinn vissi að orðið *karma* væri skilið af almenningi sem vedíst karma, sem bókstafafórnersiðir, og nýtti sér það. Svarið við spurningu er, að það er engin samruni karma og visku. Karma eins og Sri Sankara sagði, var fyrir kjána sem eltust við ávexti tálsýnarsviðsins, en viska — er höfnun þeirra, eða Sanyasam, sem er vegur hinna vísu, sem vilja hefja sig yfir tálsýnina. Það fólk fellir af sér karma og stefnir á Sangraham, eða framför mannsins, eða á máli Sankara, að taka karma fyrir Bramham. Sé heimurinn birting Bramham, þurfa orð Sankara engar skýringar. Þannig reyndi Sankara að tengja hugmyndinni um bræðralag við óeigingjarnt karma, eins og drottinn Buddha leitaðist við. Pravirti og Nivirti eru því einfaldir þættir lífsins,

þó að vedaistar okkar aðgreini þau. Bræðralagið er það sem allir fræðarar leggja áherslu á fyrir þá sem vilja öðlast samræmi við allt í náttúrunni, og ég bið ykkur um að hugsa vel um þetta, og hvort það sé ekki göfug hugsun til að fylgja eftir.

9. Fyrirlestur

Kæru bræður mínir

Á síðasta sunnudag benti ég á að ekki er mikið á milli hinna fornu yagna heimsspekinga og hinna tveggja sanninda, Pravirti og Nivirti, eins og nú er gert hjá mönnum í dag, og ástæðan verður að vera skýr fyrir ykkur. Fyrir hinum fornu heimsspekingum var engin aðgreining frá heildinni. Hver einstaklingur er tengdur heildinni órjúfanlegum böndum og getur sameinast henni með verkum sínum, í endalausri viðleitni til að ná samræmi við alheiminn — einingunni sem sem tengir heildina. Á máli guðspekinnar er það lögmál samúðarinnar, lögmálið sem þrýstir á að hver yoga beini hugsun sinni og verkum til almenningsheilla. Á máli Veda er það yajamana hins kosmíska yagna, eða vinna á völlum kosmíks karma, sáningar og uppskeru. Hann er hinn sanni fylgjandi drottins Vishnu, hin eilífi andi, eða eilífi hringur sem er að baki hulu alheims sem kölluð er avyaktam (formleysi), eða ósundurgreinarlegt frumefnið sem er að baki öllu. Í þessu sambandi má minna á hinar þekktu Puranísku kvæðalínur:

**नारायणः परोव्यक्तात्
अण्डमव्यक्तसम्भवम् ।
अण्डस्यान्तस्त्वमे लोकाः
सप्तद्वीपा च मेदिनी ॥**

"Narayana er ofar avyaktam (formleysi) og heimur er af hinum síðari. Öll þess svið eru innan hans og þar einnig Jörðin með sínar sjö eyjar." Narayana er eins og þið vitið, hin óbirti logos sem er svið Vishnu, og engin einstaklingur getur á nokkurn hátt skynjað,

Því segir Sruti (fornt Vedarit) **अप्राप्यमनसासह**, það sem hugurinn nær ekki. Þið sem hafið lesið guðspekina, munið kannski að hugarþátturinn (manas) er einstaklingsvitund sálarinnar í hærri þrenndinni og persónubirthingin karmíska egósins í lægri ferndinni. Hugarþátturinn er kjarni mannlegrar tilveru, eða miðjan þar sem andlegir og efnislegir hlutar mannsins mætast og mótaskast. Sruti segir greinilega að einstaklingur getur á engan hátt skilið Vishnu. Ef hins vegar tilraun er gerð til að nálgast hið ómögulega, missir sá sig í uppljómað óminni sem kremur hina þrjá þætti tilveruþætti; mannsins sem veit, þekkinguna og hið þekkta, inn í sameiginlega andlega einingu. Þetta er swargam (himnaríki) einstaklingsins og er ekki markmið hinna fornu yoga. Reynsla vitundar sem þekkt er sem svið Vishnu er einungis upprunaleg Moksha, eða Nirvana, því swarga, himnaríki einstaklings, varð með tímanum þekkt undir orðinu Nirvana af þeim sem aðhylltust Sankhya skólans sem viðurkenndu ekkert handan avyaktam (formleysið, ekki - birtingu), áhangendur eldri skóla hafa notað orðið paranirvana til að gefa til kynna að markmiðið, sem liggur að baki tjáningu Purasa, innan hæsta miðpunts hins gullna fjalls Meru. Sá puntur er án efa enn handan einstaklingsvitundar, en þar sem kosmosinn stefnir til hærri þróunarstigs, bendir það til þess að einhvern tíma muni sú miðja verða mögulegt. Ólík verða örlög þeirra sem stefna á miðjuna og þeirra sem færast frá henni. Við ættum að íhuga þetta með hjálp guðspekiriti, hinir fornu yogar sitja á toppi gullna fjallsins og taka þátt í yagna og thapas. Við njótum allra þeirra Yagna verka, og thapas, eða íhugun þeirra viðheldur karmahjóli heimsins sem er í órafjarlægð frá hinum fjarlægum markmiði, - sem er hin algera dýrð.

2. Vinir mínir, þið vitið að í þeirri góðu bók H.P.B sem kölluð er „Key to Theosophy“, sagði hún að Moksha (uppljómun) Hindúa sé ekki óendanlegt ástand.

Það hljómar ekki vel í eyrum Hindúa, sem gera ráð fyrir að ná Moksha jafnvel þar næsta dag, og oft hef ég borið sakir af H.P.B. gagnvart vedískum yfirborðsmönnum fyrir það sem þeir segja Búddískt guðleysi.

Þrátt fyrir endurteknar fullyrðingar um að það sem hún segi sé hvorki Veda né Buddahismi, né heldur kristni eða múhameðstrú, dæma Hindúar H. P. B út frá orðum vedista um Moksha og karya bramhaloka (vistarverur fínna heima) sem hanga á bjálka avyaktam sem eini sannleikur um tilveruleysi Parabramha. Niðurstaða Vedanema er að staðhæfingar H. P. B. eigi sér enga stoð, og séu bull sem hafi fæðst í huga búddísku guðleysingja. Það er því gott að hafa í huga að það sem H. P. B. segir, er ekki sjónarhorn vedista, heldur af sjónarhóli hinna fornu viskuvísinda sem var hlítt á í þessu landi þegar Purana heimsspekingar lifðu á meðal okkar og kenndu vísindi náttúrunnar fyrir völdum nemum, grunn allra trúarbragða og leyndardóma hinnar eilífu Vedu. Við verðum því að fara í hin fornu rit Indlands, Purana, ef við ætlum að skilja það sem H. P. B. talar um. Þau rit verður að lesa með andlegu hugarfari og gæta að merkingu þeirra sem liggur á milli línanna, og ég vil fullvissa ykkur að það mun gagnast ykkur í öllum lífum sem eftir koma, og eilíflega. Fyrir þá ykkar sem eru viljugir að skoða tengsl Nirvana og Para-Nirvana, sem er erfitt að rannsaka, vil ég benda ykkur á þann hluta Harivamsa, þar sem drottinn Krishna (æðsta birting Vishnu) ásamt Narayana (sem Vishnu í þrenningunni), ferðast á fugli sínum Garuda, upp á topp fjallsins Kailas þar sem Maheswara (Shiva í þrenningunni) er í sæti hans. Þarna eru þessi tveir drottnar, Krishna og Maheswara tveir helmingar einnar einingar, Krishna sem eilíf hringrás alls sem er, og Maheswara sem miðja hringrásarinnar, sem er hvarvetna í henni. Þar sem drottinn Maheswara mælir til meistaranna

„ Meistarar, hafið í huga að hin sanna Sankhya-Yogi, sem ég kenni yður, er það sem mun bera ykkur til drottins Krishna, sem er allt. Ég er ávallt verðugur átrúnaðs ykkar, en það verður að vera eins og ég lifi ávallt í Narayana. Ég hef gefið ykkur leyndardóm og ef þið fylgið honum stöðugir, mun Narayana meta það með tímanum og gefa ykkur öll Mukti (frelsi), sannarlegt frelsi er að vera með honum og í honum.“ Narayana sem hin eilífa hringrás og Maheswara sem ávallt er í Narayana, er miðja hringsins, eða einstaklingsvitund manns.

Kenningar Sankhya Yoga kenna því að einstaklingsvitund má aldrei glatast og má aldrei skiljast frá heildinni, eða Paramatma. Hér sjáið þið hvernig þessi einstaklingsvitund er ekki í samræmi við vedíska hugmynd um samruna þess sem veit, þekkingar og þess þekkta.

3. En snúum aftur að Pravirti og Nivirti eins og það er kennt í Bagavat-Gita, þessa tvö þætti í lífi hver einstaklings. Það var skortur á þessum sannindum sem varð til þess að Arjuna yfirgaf orrustuvöllinn og kaus að lifa sem betlari í stað þess að vinna blóðuga glæsilega sigra. Arjuna hafi gleymt að enginn einsetumaður eða betlari gæti náð þeirri dýrð að gera skyldu sína af óeigingjörnum hvötum, „óháð allri varfærni heimsins.“ Í öðrum kafla setur Sri Krishna fram fyrir Arjuna hugleiðingar um rétt eðli mannlegrar tilveru, endurfæðingar hans og lögmál karma sem leiðir af sér ávallt bestu niðurstöðu lífsins. Sri- Krishna hafði hvatt Arjuna til að gera skyldu sína, óháð hugleiðingum um afleiðingar, en hafði einnig á sama tíma ráðlagt honum að leita skjóls í Budha-Yoga, eins og allir vitrir menn gera. Meistarinn hafði sagt eitthvað frá Sankhya skólanum og annað sem auðsýnilega var frá Yoga skólanum, og Arjuna náði ekki að skilja á hver hátt væri hægt að sameina hvorutveggja, að leitaðist við að draga hugann að málefnum heimsins, og hitt að leitaðist við að draga hugann frá hinu

veraldlega. Arjuna var ljóst að meistarinn vildi berjast, en gat ekki skilið þá áherslu hans á Budhi-Yoga, sem var að álitu Krishna leið hins vísa. Arjuna var ráðvilltur og gat ekki skilið af hverju meistari hans vildi að hann stykki inn í allar þessar stríðshörmungar í stað val hans sjálfs á tilbeiðslu Budhi-Yoga, þeirri ögun sem hentaði honum best.

4. Arjuna spyr því Sri-Krishna hver ástæðan sé fyrir áherslu á þessar aðstæður, og meistarinn sér að það er nauðsynlegt að færa fram nákvæmari útskýringar um hið sanna í heiminum og tengslum þess við mannlegt líf. Hann segir að alveg frá upphafi kosmískrar þróunar hafi verið tvær leiðir að hinum eina sannleika Alheimsins, þær leiðir séu Sankhya og Yoga. Þær standi fyrir hugsun og athöfn, og séu í hugum hinna fornu heimsspekinga óaðskiljanlegar, hugsun sé andleg hlið athafnar, og athöfn efnisleg hlið hugsunar. Hið andlega og efnislega þarf ekki að vera eins og við lítum á það, en geti verið einkenni sviðs sem framsækin tilvera kemur inn í. Af þessu sjáum við að yoga (hugur) getur ekki verið án Sankhya (athafnar), og enginn athöfn án hugsunar. Þessar eru tvær hliðar hins eina, á sama hátt og Kapila og Narayana yogar eru aðeins hliðar hins eina yoga í lótusnum— drottins Bramha. Ef það er eitthvað sem hefur algjörlega gleymst í þessum heimi, eða hunsað í verki, þá er það þessi sannleikur um óaðskiljanleika Sankhya og Yoga. Þessir tveir þættir fara aldrei saman hjá fólki sem drottna í skjóli valds, og það er miklu verra á Indlandi en á Vesturlöndum. Af þeim sökum sjáum við fjölda fólks, sem gengur áfram í tómlæti, fólk sem situr aðgerðalaust í fimmtíu ár án þess að hreyfa máli né hönd fyrir meðbræður sína. Þá má kalla úrgang athafnanna, og það eru svipaður úrgangur á hugarsviðinu af fólki sem hugsa mest um sjálfan sig í öllum verkum og tilbeiðslu, án þess að skilja og sinna hinu sanna í náttúrunni og sjálfum sér.

Allt það sanna í guðspekinni er fram komið til að fólk skilji eigin eðli, og til að útskýra lögmál karmískra athafna og sambættingu hugsunar og athafnar og stefnir til enn meiri og hærri skilnings. Sri Krishna sem er höfuð þessara guðspeki og leiðir þetta Kali Yuga í birtingu, hefur því þurft að berjast gegn illum afleiðingum falsanna og misskilinnar heimsspeki og þarf því að útskýra Yoga og Sankhya sérstaklega og þarf að leiðandi að sameina þau í setningu sem sannur sjáandi sér í tvíhliða einingu.

5. Ef við hugleiðum það sem Sri Krishna segir, að engin geti hoppað af karmísku hjóli náttúrunnar með afneitun einni saman, og það sem menn kalla afneitun er einungis goðsögn. Athöfn er lögmál lífsins, og það er ógerlegt fyrir nokkra lifandi veru að stíga frá lögmáli eigin tilveru, og athöfn er forsenda lífs hennar, á háum sviðum ljóss sem og í efnislegri tilveru. Í huga sannra karma yoga er athafnaleysi ígildi tilveruleysis, eða algjör afneitun á eigin getu til að þroskast og er ekki viðurkennt í náttúrunni. Maðurinn getur engu að síður hlýtt lögmálinu og aðferðum ögunar, og lyft athafnaorku sinni á hærri svið. Þó maðurinn sé ekki starfssamur í líkamanum, verður hann að vera virkur hugarlega, og huglæg athafnasemi hans myndi keðju sem dugi fyrir margar endurfæðingar. Sá sem yfirgefur fjölskyldu og heimili sitt fyrir einsetu og hugsar svo með söknuði til þægingdanna sem hann yfirgaf, er verri en sá sem gegnir skyldum sínum á heimili sínu og umhverfi. Huglægu böndin eru þau sömu, en sá sem hafnaði heiminum er sekur um að hafa ekki gert skyldur sínar. Þessi sekt er ekki afskrifuð á töflum náttúrunnar og er í tímans rás verri skuld en þess sem hélt áfram að gegna skyldum sínum í lífinu. Ef fjölskyldumaðurinn gerir skyldur sínar og heldur sér hreinum huglægt og óeigingjörnum, lætur ekki langanir stjórna sér, né hrekjast fyrir skemmtunum heimsins, þá er hann mun meiri maður en einsetumaðurinn og siðferði hans gerir hann hæfan

sem nema meistara. Gamalt sanskrít máltæki segir um slíkan mann „Fyrir þeim sem er laus við langanir, er heimilið hans griðastaður“.

6. Vinir mínir, þið megið ekki álíta af framansögðu, að Sri-Krishna eða aðrir meistarar séu á móti sanyasam (einsetumanni) sem lýst er af hinum mikla lögmálagjafa Manu. Þó mér sé ljóst að meirihluti þeirra sem ástunda það kerfi hagi sér ekki í samræmi við það, verðum við að undanskilja þá sem skilja og ástunda Sanyasa Dharma til fulls. Við getum ekki afneitað kerfi sem sett var á fót af hinum forna löggjafa sem byggt er á miklu kosmísku lögmáli sem vinnur frá því þetta til hins fína. Bramhacharyam stigið á okkar tímum, hentar manninum best í að þjálfa orð og æði, og síðasti og fjórði hluti æfi manns hentar best til að draga sig í hlé frá erli lífsins og íhuga andlegan raunveruleika. Hinir fornu löggjafar segja Sanyasam sé fyrir þá sem vilja taka á sig hinar helgu Dharmam (kosmískar skyldur), og ég held hið aldna fyrirkomulag sé í fullu samræmi við guðspekina. Það að verja öllu lífi sínu, fram að síðustu stundu í „hnitið málæði, fláræði, jánkun og breitt bros“ J. Milton, er sannarlega skaðlegra en gamla kerfið. Meistarinn í Bagavat Gita er óvinur þess Sanyasi, sem saknar og lítur löngum að því liðna, en ekki þess sanna, sem hugsa og fær aðra til að hugsa.

7. Ef við snúum okkur aftur að Gita, má spyrja hvort athöfn sé lögmál lífsins, og ef athöfn hefur áhrif á karmísk stöðu mannsins, hvernig getur hann þá komist undan þeim skapaböndum? Þessu svarar meistarinn og segir að ekki skapi allar athafnir karma. Engin óeigingjörn athöfn fyrir aðra skapar karmabönd. Kvæðislínurnar þar sem meistarinn segir þetta má gjarna geyma í minninu:

**यज्ञार्थात्कर्मणोऽन्यत्र लोकोऽयं कर्मबन्धनः ।
तदर्थं कर्म कौन्तेय मुक्तसंगः समाचर ॥**

„Heimurinn er bundinn karma, ó Arjuna, af öðru en að þjóna Yagna óeigingjarnt.“ Ég held að ég hafi sagt nægilega mikið um efni Yagna. Yagna er kosmískur þróunarferill í samræmi við lögmálið og allar athafnir sem efla það, verða að vera athafnir sem þjóna heiminum og efla samræmið í honum. Jafnvel hér eru tvöfaldir þættir mögulegir. Gömlu heimsspekingarnir skiptu yagna í Nishkama og Sakama, karma og ekki-karma. Aðeins með hreinleika og vinnu getur maður létt af sér karma. Það er þegar andleg hugsun nær í gegn og lyftir huganum og festir sig í þrenningu hans. En ef yajamana, eða mannveran sem framkvæmir yagnam, finnur fjarlægán ilm Kama, verða athafnir hans karmískir og hann uppsker í samræmi við það síðar.

Eftir tilhlýðilegan tíma snýr sálinn aftur í efnislega heiminn til frekari athafna og reynslu, og þessi ferill heldur áfram þar til sálin nær því stigi sem svo stórfenglega er lýst í lokahluta „Seven Portals“ H. P. B. Því stigi er markmiðið sem Sri Krishna bendir á sem hann sjálfur táknaði. Öll þessi svið sem eru á neikvæðn póli náttúrunnar, frá Nirvana og niður, hafa samheitið Devachan í guðspekiritum. Í þessu sambandi bið ég ykkur að lesa vandlega, „The Mahatma Letters“ og tilvitnanir K. H. í bók Mr. Sinnetts' „Esoteric Buddhism“ um Devachan, eða Swarga. Til ýmissa sviða Swarga, er náð með óeigingirni, Sakamayagna. En þó góðu karma sé náð og Punyam (gott karma) sé heilagt, er það engu síður hindrun að því að eyða öllu karma, og því er sagt að bæði Punyam og Papam, eða góðar og slæmar gerðir séu hindranir. Þetta hefur verið skilið af sumum sem afsökun um athafnaleysi, en lykilnóta sannrar guðspeki er sú sama og í Gita, og það er athafnir og aftur athafnir. En hvernig? Að þjóna kosmísku yagna án hugsunar um ávexti þeirra athafna.

8. Margir ykkar guðspekibræðra munu spyrja af hverju guðspekiritin setji alla menn á sama stall í því að ná Swarga sem viti ekkert um yagna og framkvæmd þess. Svárið er einfalt. Það er ekki til sú mannvera sem ekki gerir að minnsta kosti eitt verk á ævinni sem styður kosmískan framgang, þ.e. Yagna. Það þarf ekki að vera Hindúi eða hafi heyrt orðin yagna og Swarga úr Veda, til að gera góðverk. Þessi áhersla á orð er versti óvinur rétttrar hugsunar og við Hindúar ættum að losa okkur við þau og sérstaklega við sem erum guðspekingar. Hver sem finnur til, við að sjá fátæktina og hungursneyðina í hverfum okkar, eða á strætum stórborga vesturlanda, og sýnir meðaumkun með blíðri ölmusu eða með vinsemd, er þar með að framkvæma yagna fyrir hönd Pitir devana, sem hafa mótað líkama ríkra og fátækra, hindúa sem annarra. Ef þið hugsið um það, sjáið þið að slíkur maður er að framkvæma yagnam, fórn til eflingu þess góða. Mannleg mynd er fórnarvöllurinn, fæða er hin helga gjöf, lystin er eldurinn á þeim velli, fingurnir eru þjónarnir og róandi orð eru þulurnar. Samúð er yagna-purusha, eigin auður hans er sláturlambið og mannleg staðfesta er fórnarstaurinn sem lambið er bundið við. Getur einhver okkar sagt að slíkt yagnam sé ekki utan þessa karma-bhoomi (þessa heims), og ef svárið er að slík fórn hafi verið gerð, þá fylgir að yagna hluti karma mannsins færir hann að swarga, nær himni —meðan ekki-yagna og eigingjarni hluti hans er háður karmísku þáttum — blóðstraumnum sem er kallaður Yaitarani og flæðir um lönd Kamaloka (efnisviðsins). Táknmyndir segja að eftir dauðann komi maðurinn að hindrun, bakka hræðilega fljóts, eina aflið sem kemur honum til hjálpar og ber hann yfir fljótið, eru hans eigin gerðir, dharma, í mynd helgrar kýr sem ber hann yfir.

9. Snúum okkur aftur að Gita, Sri Krishna segir að Yagna (tilbeiðsla/fórn) hafi verið til frá upphafi lífs á jörðunni sem aðferð íbúa efnisheimsins og

deva fínna heima við að vera í tengslum, með virkni og gagnvirkni hvorn við annan. Það er kýr* alnægtanna sem færð var inn í birtinguna af hinum skapandi Prajapati, til að maðurinn gæti lifað af mjólk hennar. Ef það er að sanni að mjólkandi kú þarf að gefa og fá umhirðu af fjölskyldu, eru það jafn mikil sannindi um kú alsnægtanna, náttúruna, að maðurinn verður sem fjölskylda að sinna henni. Þessi dulfræðilega staðhæfing liggur að baki þeirri staðhæfingu að Devas styðji menn með því að færa þeim allar gjafir náttúrunnar og að menn gleði þá með tilbeiðslu og fórn, Yagna. Það er kannski ekki ein sérstök hugmynd í fornu heimsspekinni sem er eins mikilvæg og sú, að Devar og menn styðji hvorn annan. Ef þið skoðið vel fyrir staðhæfingar mína, að mannkynið saman myndi heila yagníska líkamann (náttúrunnar), ættu þið að skilja þetta. Hugsanir, orð og gjörðir mannkynsins sem heild mynda þá orku saman sem knýr karmíska hjól náttúrunnar. Ef sátt og samlyndi er meðal manna eru þeir eins og bræður í alheims bræðralagi, sem vinna hver fyrir annan, náttúran sem væri stjórnað af slíkum fagurlega mynduðum heila, væri í slíkum friði og reglu sem væri algjörlega óþekkt, nema í útópískri ímyndun sumra heimsspekinga. En ef hver maður vinnur einungis fyrir sjálfan sig og segir: „Ég kæri mig ekki um aðra,“ þá skiptist mannkynið sem fjölskylda í ósamstæðar einingar sem verða drifið áfram af öflum eins og hatri og illvilja sem ræðst af ósætti og ósamlyndi. Það leiðir til svipaðs ástands og er á okkar tímum. Hugsanir, orð og æði í ósamlyndi snertir einnig fínna heimanna. Athafnir mannkynsins í slíku ósamlyndi, sem er heili hinnar öldnu móðir náttúru, hefur áhrif á gang hennar. Þurrkar valda hungursneyðum, plágur ríkja, jarðskjálftar, eldgos og og veðuröfgar skella á börnum hennar. Hinir vitru öldrunar á ekrum jarðarinnar greindu þessar öfgar móður náttúru á margan hátt, óvitandi um að óhamingja hennar byggðist á heimsku barna hennar. * Auðhumla í Norrænu goðafræðinni

Gripið var til alskyns tilbeiðslu, guðir voru persónugerðir og færðar fórni með dýraslátrun og blóðsúthellingum, og ofræktun ávaxta til fórnargjafa fylltu alla akra. Til að snúa þessum vondu verkum til baka, bað hin mikli fræðari Sri Krishna menn um að lifa í samræmi við náttúruna, og að elska og aðstoða aðra, og þannig að viðhalda samlyndi við devana. Eins og náttúran nærir hvern einstakan mann, þannig ættum við að fara eftir lögmálum hennar, ávallt að starfa með henni, og læra af hennar öldnu visku. En þeir sem vilja ekki eiga slíka samvinnu og kjósa sína eigin eigingirni, eru kallaðir svikarar af Sri Krishna. Hann segir að lífið njóti ekki neins af þeim og missi ekkert við dauða þeirra.

10. Kæru vinir, það sem ég hef sagt um öfga náttúrunna kann að sýnast einungis ímyndun, en þið verðið að muna að þetta er afstaða hina miklu fornu heimsspekinga, sem með sinni miklu samúð fyrir hinu þjáða en fávíska mannkyni hafði upplýst fyrir því eilífan gang náttúrunnar og gaf mönnum lífskerfi sem er í samræmi við þann gang og hvernig á að viðhalda honum. Líta má á manninn sem samsetningu, efnis, prana-, tilfinninga-, og huglægra þátta í lægri ferndinni, sem er undir stjórn hinnar raunverulegu mannveru, englinum í jarðvist, þannig er náttúran einnig skipt í fernt undir stjórn hins eina samræmis sem gætir og gefur lögmálið öllum mannlegum englum. Ef þið munið að mannlega ferndin tengist á ótal vegu kosmísku ferndinni, getið þið auðveldlega skilið að náttúrubirtingin er mjög flókið net, sem er samtengt og algjörlega undir áhrifum af kosmísku samræmi — heimi sem tilheyrir hinu sanna sviði mannvera. Það fylgir að stjórn mála í neðri ferndinni, er algjörlega undir því komin hvernig lægri hugurinn — skuggi engilsins hið efra — skugginn sem mótaður var í þróunartilgangi, hagar sér og gætir kerfisins. Ef hann skilur samræmi meistara síns og lærir að hægt er að ná til hans, en aðeins með samræmi lífsins, sem þekkt er sem

bræðralag og eining, eða ópersónulegs lífs, þá verður heimurinn að standa fyrir annarri sýn en nú er, óreiða með tilfinningaöskrum um að drepa og ráða, ræna og fagna. Íhugið vel heimsspeki Bagvat Gita og hvort nokkur lausn á ástandinu í heiminum í dag er möguleg nema að hver okkar ástundi bróðurkærleika og vinni í samvinnu um að beisla flæði þess lifandi andagiftar sem okkur berst frá hinum ýmsu rótarskotum þekkingartréð, sem meistararnir hafa sáð og nýtist þeim sem einlæglega vilja veita hinum þreyjandi fjölda hlutdeild í eilífum sannindum náttúrunnar, svo menn geti nýtt þá þekkingu til að greina á milli hins sanna og ósanna, þess varanlega og hins skammvinna og öðlast frið og skapað flæði alsnægta.

10. Fyrirlestur

Kæru bræður mínir

Á síðasta sunnudag upplýsti ég ykkur um að maðurinn verður að ná sannindum um að vita hvað hann er, í þeim heimi sem hann lifir í. Í stuttu máli, verður hann að skilja náttúru þess hjóls sem hann snýst í og er kallað í Sanskrit, hjól Samara. Þetta orð er komið af rótinni *Sru*, að hreyfa, og gefur til kynna hjól sem snýst, hið mikla hjól síbreytilega lífs, sem mannverur hafa verið kallaðar til að vinna á, og mega ekki yfirgefa, vegna samhyggðar og hlýðni við lögmál einingar sem snertir alla sem eru samferða, það er það sem allir sannir fræðarar og Sri Krishna kenna. Kennarinn gefur þessa fræðslu með sérstökum hætti sem við ættum allir að íhuga. Hann segir: „Allir þættir koma frá *fæðu* og hún kemur frá *regni*. Regnið kemur frá *náttúrunni*, og hún úr *Karma*. Karma frá *Veda* og hún úr *eilífðinni*.“ Hér sjáum við sjöskipta sviðið sem samanstendur af bhootas, eða hinu birta efni á öðrum endanum og hinu eilífa óbirta efni á hinum endanum. Ef við skiptum þessum sjö þáttum eftir guðspeki kerfinu, hinni lægri fernd sem stjórnað er hinni hærri þrenningu, sjáum við formið, fæðu, regn og náttúruna sem lægri ferndina, og karma, Vedu og hið eilífa efni sem hina hærri þrenningu. Hið eilífa efni fyllir allt rými, er söngur heimanna og er upphaf allra lögmála tilverunnar (karma) sem stjórna þróun heima og lægri ferndinni, sem á upphaf sitt í yagna — þróunarandanum sem tengir hið lægra og hærra, eða í stíl Purana, andinn sem leitast við að bæta við samræmi hins óbirta, með því að gefa því svið sem er í ósamræmi, svo það vinni á því og skapi eigin mikilfengleika. Þessi andi yagna sem vinnur að því að mynda form sem gefur og myndar Parjanya, regnið. Orðið Parjanya er tengt regni og andanum sem hefur það hlutverk að mynda regn. Það má

kalla það anda úðunar, því að á mörgum stöðum í Upanishadis ritunum er regni lýst sem útgufun eða sviti Yagna-Purusha.

2. Þetta er sýnilegasti þáttur Samara hjólsins og ég mun ekki reyna frekar að skýra það, þar sem slík útskýring verður aðeins endurtekning á því sem áður hefur verið sagt og ónauðsynleg ef við íhugum það sem drottinn Krishna segir að það sé mikilvægt að maðurinn telji sig ekki týndan syndara, því hann verði að fylgja eftir verkum sínum á hjóli Samsara, sem er snúið af milljónum. Þetta er yoga staða manns sem vill reyna að ganga hærra, þekkir sannleikann og lifa fyrir hann. Sankhya (frelsun fyrir þekkingu) þáttur slíks manns ef gefin af kennara hans og er algjörlega óháður glaumi heimsins og þar afleiðandi sjálfstæður í sannri leit sinni, sem beinist inn á atmíska sviðið og er því óhæfur til að þjóna veraldlegum hlutum. Samræming þessa Sankhya huglægu stöðu og yoga athöfnum, segir Sri Krishna „ starfaðu ó Arjuna, gerðu ávallt skyldu þína í heiminum og samtímis vendu þig af öllum löngunum það er aðeins slíkur óeigingjarn verkamaður sem nær hinu háleita markmiði.“ Vinir mínir, köllum slíkan mann sem vinnur óeigingjarnt fyrir heiminn og eflir visku sína, Nishkama Karma-yoga, eða sannan yoga, og hvenær sem þetta nafn er nefnt, má tengja það við Sankhya, yoga, og yagna. Sri Krishna segir veg sanns yoga, sé vegur sem allar miklar sálir hafi gengið í fortíðinni. Hin mikli Rajarshi Janaka, meistari og vígjandi hina fornu Bramhina gekk sama veg, leiðin sem liggur um svið mannlegrar þróunar til sannleikans, og af hverju ætti Arjuna og aðrir leitendur ekki að þræða þann sama veg og hinir fornu?

3. Það er önnur ástæða af hverju Arjuna og aðrir greindir menn af þessari stétt ættu að ganga þann veg hinna fornu vísinda, og sú ástæða er kölluð fordæmi, áhrifin sem greindir menn bera með sér meðvitað eða

ómeðvitað. Ef mannleg tilvera er tengslanet og ef engin maður getur hreyft sig í því neti án þess að afleiðingar þess hreyfi við öðrum, þá fylgir því að maður sem lyft hefur sér yfir nágreinni sitt með góðum eiginleikum og vitsmunum, hefur af þeim sökum sérstaka ábyrgð vegna stöðu sinnar. Hver hreyfing hans innan netsins hefur áhrif á þá sem eru næstir honum og það er því hluti af skyldum hans að gæta að því að framferði hans gefi sem best áhrif. Framferði slíks manns er fordæmi fyrir aðra og mikil er karmísk skuld þeirra sem eru í leiðandi stöðu, fyrirmyndir og fræðarar, sem viðhalda eitri eigingirinnar og gæta ekki að leið samferðamenn og nema að réttu hugarfari og athöfnum. Sri Krishna segir að enginn andlegur fullkomleiki og viska geti geti komið í veg fyrir karmíska ábyrgð og hún verði hlutfallslega meiri við þá stöðu. Hann bendir á sjálfan sig, sem heimsins æðsta engil, og segir; „Arjuna, það er ekkert í hinum þremur heimum sem ég hef ekki þegar öðlast eða leiti eftir, en samt er ég enn á Karmabraut. Ef við hugsum okkur í augnablik að æðsti gúrú heimsins gangi veg athafnaleyfis,- myndu allir menn fara að því fordæmi og niðurstaðan sú að málefni heimsins yrðu óreiða og heimskir bókstafsmenn myndu eyðileggja siðgæði manna. Þess vegna starfa ég látlaust og af hverju gerir þú ekki eins Arjuna.“

4. Í tengslum við þetta heilræði að vinna látlaust að velferð manna á efnis- hugar- og andlega sviðinu, gefur Sri Krishna einnig annað heilræði sem hindúar og guðspekingar ættu að íhuga vel „ Þú átt ekki að koma á ruglingi á heimsins venjum, heldur halda þig fast við veginn og vinna eins og athafnirnar geti leitt til betri árangurs. Fíflíð og vitringurinn eru ekki ólíkir í aðferðum verka sinna, eins og í hugarþáttum athafnanna, fíflíð er rekið áfram af löngunum, en vitringurinn laus við þær.“ Ég held að þetta ráð sé alveg tilvalið fyrir okkur á öllum sviðum í störfum okkar fyrir samferðamenn, en þó aðeins ef við höfum í huga hið góða sem markmið

og að kynna nauðsyn þess að vinna vitsmunalega í þessu mikla fljóti mannlegra hugsana og athafna. Fyrir utan þá menn sem hafa þjónað sem forði hærri áhrifa og hafa þar af leiðandi rofið stífluna sem umkringdi löndin á tímamótum heimstímabils, er mér til efa að nokkrir umbótamenn hafi nokkurn tíma aukið hamingju mannkynsins. Ef við tengjum þetta Guðspekihreyfingunni og fylgismönnum hennar á Indlandi, er besta leiðin að skilja Indland eins og það er nú, trúarbrögð og siði, og tengja og skoða indverskra hugsun og athafnir í ljósi guðspekinnar og að sú hreyfing geti af sér betri dögum nýs 5000 ára heimstímabils. Í fyrsta lagi er rétt að skilja að hlutverk Guðspekihreyfingarinnar er ekki aðeins að fullnægja einstaklingsleit, heldur stöðugu verki að eflingu mannkynsins til andlegs þroska. Ég þarf að koma að karmíska lögmálinu, að hver maður rís hærra í hlutfalli við ærlega viðleitni sína á veginum, og engin maður þarf að hafa áhyggjur af sjálfum sér, því það er öruggt að karma og meistararnir líta til með. Hver guðspekifélagi á aðeins að hugsa um hvernig hann eigi að starfa svo besti árangur náist á indverskan almenning og það verði lifandi raunveruleiki hinna fornu Brainha-Vidya og vísindaleg nauðsyn fyrir siðferðislega hegðun, til velferðar mannkynsins í framtíðinni. Það mikilvægasta er að lifa guðspekilegu lífi, eða eins og við getum kallað yagníst líf, því án þess, er allt annað einskins vert. Að ræða æðstu visku, en haga sérsvívirðilega á hver guðspekingur að varast, þó það framferði sé algengasta framkoma flestra indverskra umbótamanna.

Í lífi guðspekings þarf að vera umburðalyndi gagnvart siðum heimsins, sérstaklega í löndum eins og Indlandi sem hafa sérstakt samband við Mahatma bræðralagið vegna þess að vera Karma bhoomi þessa heimstímabils. Það er eftirtektarvert að á langri æfi hafa orð eða athafnir H. P. B. aldrei andæft nokkru um acharams, eða aðferðum sem hinir fornu

Bramhanar komu á fót. Hins vegar eru margar tilvitnanir sem styðja og hampa þeim miklu mönnum sem komu þeim á, sem hægt er að sjá í ritum hennar.

5, Við þessar aðstæður, ímyndum okkur að einhver guðspekingur héldi á lofti völdum orðum úr „Secret Doctrine“ og „Isis Unveiled“, og predikaði um Fohat og Karma og notaði hvert tækifæri til að niðurlægja Bramhani sem fylgdu í blindni hinum gömlu lífsháttum. Ímyndum okkur að guðspekingurinn gerði lítið úr helgum skyldum Sandhya Vandana, eða skyldu um að taka morgunbað, fara með bænum og möntrum, sem er krafist af okkar fornu lögmálgjöfum, og hver yrði niðurstaðan af slíkri predikun? Hún yrði ekkert annað en harmur fyrir hann og Guðspekihreyinguna sem hann svo illa misskyldi. En í stað slíkrar heimsku, gerum ráð fyrir að sannur upplýstur guðspekingur tæki að sér guðspekilegt starf. Hann myndi í stað predikunar útskýra hvernig töfraeiginleikar kalt morgunbaðs og einbeiting hugar í tilbeiðslu til ljóss er andstæðan við myrkrið. Þessir siðir fylla það sem er fylgt af blindri trú, lífsanda, sem endurnærir morgunstundir með heitum ímyndunum, um að fara frískur til verka og gera þá hluti sem honum er ætlað. Slík verk sem unnin eru af mörgum mönnum til að leysa vandamál á andlegum, hugar-, samfélags-, og efnissviðum, munu eftir tilhlýðilegan tíma gera marga aðra að betri mönnum og þannig verður karmískt ástand mannkynsins bætt. Guðspekihreyingin mun þannig skila hlutverki sínu og sigurvegarar í nafni hennar mega njóta þess heiðurs, en ekki fyrr en þá. Í þessum anda hvetur Sri Krishna Arjuna til að synda með straumi heimsins og smita þann straum með eins miklum ilmi síns óeigingjarna lífs.

6. Eftir að hafa sett fram við Arjuna hið óumræðanlega mikilvægi þess að lifa óeigingjörnu lífi meðal manna, upplýsir kennarinn leyndardóm lífs Yagna, leyndardóm sem án skilnings og athafna, leiðir ekki til sannleikans, né er hægt að komast hjá karmískum afleiðingum glaums eða tára. Ég veit ekki hvort það leyndarmál er skiljanlegt í nútíðinni þeim mörgum sem snúast í hinni miklu hringiðu efnishyggjunnar, sumir hverjir undir áhrifum hryllilegra martraða og aðrir dansandi af gleði undir söng Bakkusar sem reynir að fanga eyru manna og halda þeim föngnum. Að lifa í efnislíkama, en samt ekki, er máltæki sem verður að vera vel skilið áður en hann gengst undir heimsspeki Bagavat Gita og „Voice of Silence“, það sama á við um það sem Sri Krishna segir; „það er aðeins fífl sem er undir áhrifum eigingirni, Ahancara, sem heldur að hann ráði eigin karma, sem ræðst af þróunarpáttunum, Prakritic gunas.“ Ef við skoðum betur þessa hugmynd, hin raunverulega sál eða jiva, verðum við að aðgreina frá líkamanum það sem sálin lifir í. Eins og eilífðarfugl sem lifir í líkömum sem laga sig að aðstæðum í tímans rás. Við getum öll munað eftir atvikum í lífum okkar, þegar við vorum neydd til að horfa niður á líkama okkar og sjá hann sem uppleysta hreyfingu, hvort sem var á dánarbeðum eða við aðrar eðlilegar aðstæður, það skilur eftir sig áhrif á mannlega huga um hversu tímabundin allir hlutir eru í efninu. Í slíkum tilvikum leitar hugurinn til síns sanna eðlis, lægri skilningsstöðvarnar skammast sín að syngja sínar venjulegu nótur í viðurvist aflsins sem gaf þeim líf. Það kann að gerast að sumir finni sig eins og engil ljóss sem bundinn er við skugga, eða sem hræ Prometheus fyrir gammanna, eða sem „ljósgeisla hreinan að innan, en leirhjúp hið ytra.“ Í þessu ástandi aðskilnaður manns frá skynjunarpáttunum í jarðlífinu, finnst honum hann gegna því af skyldu og vegna lögmála lífsins, en ekki vegna persónulegra langanna. Til dæmis þegar maður borðar í þessu andlega ástandi, lítur hugur hans á það sem athafnaþörf líkamans eins og hjá dýrum

merkurinnar. Sú skepna getur ekki aðeins étið, heldur hlegið, talað og sungið og heyrt, á sama tíma og sálin finnur sig sem meistarinn sem heldur í strengi lífsins og stýrir dýrinu í lífsdansinum, eins og indverskur betlari með uppá klæddan apa sem sýnir listir sínar.

7. Þessi algeri aðskilnaður meistarans frá dýrinu verður vegna hins eilífa karma lögmáls og er einn þátta yagna lífs sem ætlað er að fara aftur til sannrar uppsprettu lífsins. Það er eðli yagnísks lífs. Annar mikilvægur þáttur er ævarandi gleði í að gegna skyldum til góða fyrir mannkynið. Það ætti ekki að vera þungi yfir jarðaförum, í ljósi þess að hin hugsandi sál ræður sjálf aðskilnaðinum frá efnislíkamanum. Yogi og sannur guðspekingur ættu að vera kátir og muna hina gullnu reglu. Hann á að hafa í huga að hann er órjúfanlegt virki sem, engir heimsins óvinir samanlagðir geta unnið, segir í öðrum kafla Bagavat Gita. Breytingar geta haft áhrif á skuggalandið, en geta engu ráðið yfir hlutum sem hafa eðli sitt í hinu óumbreytanlega. Efldir af vissu um hið sanna og ósanna, og innri gleði, geta þeir gengt jarðneskum skyldum sínum eins og sannir bræður gera, en dvalið engu að síður í landi ljóssins. Hann getur snætt eins og allir aðrir, en það leggur engin bönd á hann. Hann borðar aðeins til að viðhalda líkamanum, því líkaminn er fyrir menn, uppruni Dharma, eins og segir; 'K W ^ ^ ^ ISW.- Nema í tilfellum meistara heimsins, líkaminn er aðeins verkfæri sem nýttur er til að hjálpa öðrum, þess vegna ættum við að gæta hans vandlega og hreinum í öllum skilningi, eins og yogum, eða Bramhinum er sagt að gera í Smritis, eða siðareglunum. Líkaminn er því Dharma kshetram (lifandi musteri), eins og getið er um í Pouranikas og vísað er til í fyrsta versu Bagavat. Gita. Á stærra sviðinu, er jörðin, Bharata Yarsha, þetta lifandi musteri, Dharma kshetram, fyrir allt mannkynið og þar er hin mikla barátta um Maha Bharata (jörðina) háð. Í ljósi þess sem ég hef sagt, hugsið vel um þá borðsiði sem sem

Bramhinar er sagðir verða að tileinka sér, Bramhan, eða hver sé merking þess að vera yogi, hvað þýðir að vera Bramhini, hvað á að leggja sér til munn og hvað ekki, ekki vegna þeirrar ánægju, heldur vegna tengsla þess við yagna lífsins sem honum er ætlað gegna. Að borða er því yagnískur siður hjá honum, þó það veki hlátur hjá þeim sem líta á matarborðið og hvílur sem upphaf og endir alls. Tilgangur þessa er að þetta verkfæri mannsins geti verið hluti hinnar ytri náttúru og gefi af sér eins og því er mögulegt, fyrir stöðuleika og heilla fyrir heildina. Að borða er því Pranahuti, eða framlag til elds hins ytra lífs sem viðheldur hinum fimm pranas, eða hinu nauðsynlega andrúmslofti sem er birting fimm óhlutlægu þátta þess og undirstaðan og myndar það sem er kallað tólflötungur Alheimsins.

8. Snúum okkur aftur að Gita. Sri Krishna bað lærisveina sína ekki aðeins að lifa í líkamanum en utan hans, heldur einnig að samsama þeirra eigin sál við hann, hinni algeru sál og Purusha (kosmíska manninum) Alheimsins, sem hefur hið eilífa ljós, eða hið óskilgreinda kosmíska efni sem líkami og kosmos, þróunarlögmál, lífslögmálið, hin algera hugsun. Ég hef þegar áður upplýst ykkur um að hver mannleg sál er geisli hins óbirta Logos, eða Sri Krishna í kjarna sannleikans. Sem hjarta mannsins er miðja lífsins í líkama hans –miðja orkuhringrásarinnar, er Sri Krishna, eða hinn algeri Purusha (kosmíska maður), andi hins eina í Alheiminum, andi hjarta Alheimsins sem leitast við að birta sig í gegnum hina mörgu (hin eini og hinir mörgu sem einungis geta átt tilvist sem heild), því í hringrásinni sem er andi hinna mörgu, er hver sálarmiðja sem skýr geisli hins eina og hefur gengið í gegnum þróunina í það sem við þekkjum sem mann. Andi hins eina er hin algera fórn hins kosmíska manns, Yagna—Pursha, og stjórnar (yajamana) hinni alheimslegu fórn (yagna) á sama hátt og hver mannlegur geisli er stjórnandi (yaja-mana) þeirra fórnar (yagna) sem er mótuð af henni sjálfri

og er hluti hinnar stærri fórnar. Hver maður sem er ákafur í að lifa fórnarlífi, verður því í hverri athöfn að muna að hún er geisli frá hinu eina og miðju Alheimsins. Hver maður er því sendiboði hins sanna eilífa manns, Purusha, og það sem hver athöfn manns verður að vera athöfn sendiboðans og þjónusta við meistara hans, leggur Sri Krishna áherslu á að sýna auðmýkt, og þið vitið um hina fornu staðhæfingu að sannleikurinn er aðeins fyrir þá sem eru auðmjúkir í hjarta. Það er mikilvægasti þáttur Bramharpana karma, eða það karma sem við gerum fyrir Bramha (Skaparann). Þetta er eini þráðurinn sem maður verður að fylgja og reisa sjálfan sig upp til sannrar tilveru, hinnar eilífu fórnar heimsins, menn, lausir við freistingar langanna en vilja færa fórn fyrir aðra menn og leiða þá til lögmálsins og á tind hins gullna fjalls.

9. Annar þáttur nefnir drottinn Krishna og við ættum að íhuga vel. Þegar Arjuna íhugar að gerast einsetu Bramhini og betlari fremur en að taka að sér hlutverk herstjórnanda, Kshatriya, og verða valdur að blóðúthellingu á stríðsvellinum, segir meistarinn „ hlutverk hvers er það besta fyrir hann, þó það sýnist ekki gott fyrir aðra. Það er betra að deyja við að ljúka því hlutverki og fagna nýjum áskorunum.“ Í ljósi þessa sannleika að það er ekki verkið, heldur það sem að baki því liggur sem skapar örlög manns og skapar ánægju og sorg heimsins, er þessi staðhæfing skiljanleg. Staða Kshatriya er jafn mikilvæg fyrir heill heimsins eins og staða Bramhina, og þeir tveir geta ekki staðið án Vysya og Sudra (stéttirnar fjóra á Indlandi). Allar þjóðir heimsins, með sína eigin skiptingu, þekkta eða óþekkta sundurgreiningu, má líta á sem birtingu heimssöngs Vedu — hins algera máls. Hver þjóð hefur eigin tilgang og hver hluti hennar hefur einnig sinn eigin tilgang. Í okkar eigin landi, er hver stétt algjörlega ómissandi fyrir heildina og allar fjórar stéttirnar eru í sömu tengslum við miðju ferningsins —Mahatmíska

viskutréð annars vegar, og Yajamana, eða hin sanna mannlega sál hins vegar — Hin sanna sól tilheyrir Mahatmas með sanni. Hugsum um hinar fjórar stéttir sem fjóra potta í garðinum samtengda og sem gefa hver öðrum styrk og skapar samræmi sem heild, en ekki af einstökum manni sem öfundar nágranna sig og segir „Ó! Hann hefur það betra en ég“, heldur með því að hver maður leggi alla orku sína í starf sitt og fullkomna ánægju, og ef mögulegt í ljósi hærri fræðslu sem segir: „skyldur stéttanna tilheyra skuggasviðinu og sá sem gerir skyldu sína í lífinu í fullkominni hlýðni við karma lögmálið, rís hærra en sú stétt.“ Maður í Sudra stétt sem gerir skyldu sína samkvæmt lögmálinu og í ljósi hærri þekkingar er jafn velkominn til meistarans eins og Bramhini sem gerir skyldu sína. Þegar Sudra predikar rangar kenningar eins og; „drekkið líter af víni og bætið við ögn af ópíum í munninn þá leitar heili ykkar upp og þið sjáið mann, geisla drottins Siva“ eða þegar Bramhini hugsar og hagar sér; “Ég er bramhini og þessi maður er heimskur Sudra“ þá eru þeir báðir plága í samfélaginu og hamingju þess. Allt ósamræmi í stéttaskiptingu leiðir af sér óhamingju og er afleiðing af of mikilli áherslu á efnislífið sem leiðir af sér veikari púls hærri gilda. Ekki er hægt að leysa samfélagsleg vandamál nægilega vel nema að leita lausna í hærri gildum mannsins og því samræmi sem hann leitar. Lausn sem hafnar hærri gildum og leitar einfaldari aðlögunar í efninu, munu ekki endast og birtir veikleikanna í verkum sínum.

10. Stéttirnar eru innan litrófs hinna fornu Hindu trúarbragða, eins og trúarbrögð eru innan allra hugsanaforma heimsins. Í ljósi þess sem ég hef sett fram hér að framan, mun það verða skýrt að þegar stofnanir trúarbragðanna munu vinna í sönnum anda kenninga sinna, og leiða fram í hærri ljósi undirstöður sannra vísinda lífsins og sameiginlegan brunn allra trúarbragða — hins forna Bramha Vidya, eða nútíma guðspeki, mun maður

öðlast ró og frið. Kristnir sem vinna að trúboði hér á landi og vilja skipta Krishna út fyrir Krist, skapa meiri skaða en gott, og þið vinir mínir, íhugið og meðtakið visku hinna fornu Bramhinar sem sögðu; “ látum ekki verða umskipti á Hinduism.” Tökum eftir með nokkurri ánægju að Hindúismi hefur ekki enn stundað trúboð í öðrum löndum né skapað stríð og hatur með blóðsúthellingum. Ef við íhugum þá staðreynd að trúarbrögð eru aðeins hugsanaform með leiðbeiningum um framferði fyrir menn og að hin sönnu vísindi náttúrunnar eru framar öllum slíkum formum og öll trúarbrögð eru aðeins greinar á hinum sameiginlega stofni. Sri- Krishna, segir; — „Þitt eigið Dharma (eiginmótun), jafnvel þó það sé laust við allt gott, er betra en annarra (Dharma) fyrir þig.“ Sá sem breytir einhverjum hluta Dharma fyrir annað, skiptir út formi fyrir efni og slíkur misskilningur getur að lokum leitt til verulegra vandræða eins og sjá má hjá nokkrum þekktum trúarofstækismönnum.

11. Ef við hlustum á orð Sri- Krishna, orð sem leggja mikla áherslu á uppgjöf persónulegra langana (kama) og hugsana, verðum við eins og Arjuna, sem er djúpt snortinn af þessari visku og skynjar dyggð og mikilfengleika manns sem hafnar öllum löngunum, og þrá hans eykst að heyra fræðara sinn útskýra hvernig allt þetta sem heldur manninum föngnum varð til, og leiðbeinir manninum að forlögum sínum. Meistarinn segir það allt verða til vegna langanna, þessa svikula þáttar sem sveipar alla jörðina. Þær eru afkvæmi ástríðna efnisins — græðgi heimsins, sem er óseðjandi og vex að meiri löngun eftir því sem hún er mettuð. Hún er mesti óvinur mannsins og hindrun á þroskaveginum í átt til sannleikans og hefur afl til að hylja andlega skynjun manns. Í hverri birtingu er þessi sjöþátta kamatilvera, sem er sköpuð af hinum fimm skilningsvitum, huganum og Budhi. Kama villir fyrir vitundinni (Budhi) og framkallar eðlislega vissu sem er alveg andstæð vissu

allra andlegra manna, að hver maður sé einstakur og verði að ganga sína eigin braut, án tillit til þess hvaða veg samferðamenn hans ganga. Þetta er kallað ahancara (vitundarljós), sjötti þátturinn sem talin er upp í Sanskrit skrifunum, einnig nefndur Bhootadi, eða uppruna Bhootas (frumpáttanna) í Vishnu Purana nefnt Adhyaya. Eftir að framkalla þannig blekkingaraðskilnað einnar veru frá annarri hvað varðar sameiginlega hagsmuni, vinna langanir (kama) á hugarsviðinu og framkalla alskyns langanir og þarfir, meira eða minna hjá hverjum manni. Þegar kama hefur hugann sem þræl, ræður það öllum skynfærum eins og allir hafa reynt. Hugarvitsmunir (Budhi-Manasic) kama, nærir (Swarga) hugarsviðið, hugartilfinningar (Kama-Manasic) kama, nærir tilfinningarsviðið (Bhuvar) og skynfærin á efnissviðinu (Bhooloka) kama, hjá flestum mönnum. Bhooloka, Bhuvar-loka og Swarga-loka, hinir þrír þættir skilyrtrar tilveru kallast Samsara (hringrás heimsins), það er ljóst að maður þarf að rekja og vita um rætur kama, og stinga þær upp. Meistarinn sagði því „þekktu, ó, Arjuna, eðli þess sem liggur handan Budhi (vitsmunina), að þekkja það ópersónulega leyndarmál, sigrar allan mátt þinn og hinn öfluga óvin, Kama.“

11. Fyrirlestur

Kæru bræður.

Af því sem þið heyrðuð á síðasta sunnudegi, hljótið þið að hafa skilið, að minnsta kosti lítillega, hverskonar lífi er mælt með fyrir mann sem vill ganga hærra upp stigann til meiri andlegrar fullkomnunar í leit að sannleikanum og lifa með Sri Krishna, sem stöðugt vinnur fyrir mannkynið og örlögum þess og á sama tíma er laus við afl sársauka og ánægju sem ræðst af Karma eins og hjá flestum mönnum. Þið vitið að ég hef kallað það Yagníst líf, af þeirri ástæðu að það er líf eins sem fórnað er fyrir hina mörgu, ásamt því að fórna persónunni fyrir sálina — sem ávallt vex og í einingu með Alheiminum, eða logos, Eswara. Fyrsta fórn nema fyrir hina mörgu, fellst í því að að vinna ávallt í að létta sorgir manna. Önnur er að fórna persónunni fyrir sálina, sem fellst í að afneita ánægju sinni af veraldar gæðum og að halda sig aðeins við það sem þarf til að gegna skyldum sínum við aðra. Þriðja fórnin er leit sálar upp til til logosar í viðleitni til hins eina sannleika, sem leiðir hana til þjónustu við aðrar sálir sem enn eru í myrkrinu. Í fallettri setningu í Biblíunni, er mannleg sál eins og lampi sem ekki er skyggður. Sá lampi geislar huglægu ljósi sem lýsir mönnum og er því rás Alaya eins og segir í „Seven Portals.“ Slíkt huglægt ljós hjálpar öllum mönnum í þroska þeirra og því er lampinn einn eilífðarheima Bramhina. Hann gefur heiminum ljós en tekur ekkert sem heimurinn gefur og er því yogi. Hann afneitar ekki aðeins veraldlegum hlutum, heldur jafnvel uppljómun Nirvana, eðli Ambrosiu (guðaveigar) sem hægt er að njóta með devunum í fullkominni hvíld (Sanya).

Þetta er eðli innstu þekkingar (gnyana) og er sá upplýstur maður (Bodhisatwa). Í stuttu máli er það fullkomnun mannlegrar þróunar og

táknuð með jöfnunni $2=1+1$, því tveir eru aðeins einn sem sýnast tveir, allir einir í alheiminum eru tengdir anda samhæfingar, eða ódeilanlegum anda sem kallast hin endanlegi Purusha, eða óbirt hugsun. Það er eitt ástand hins eina, en samt margra sem Sri Krishna lifir í og allir í honum. Ef ég misskil það ekki, er það ástand sem er hægt að lýsa með orðinu Nirmanakaya (líkami skaparans) í guðspekiritum. Hinar þrjár fórnir sem ég minntist á, eru þrír þættir Yagna og mynda saman hinn sanna Yoga, sem aðeins maður getur orðið. Það er þreytt sögn á Indlandi, að töfraplöntur vaxi á öllum vegum án eftirtektar, og fyrir mér sýnist hún eiga jafnvel við um Yoga. Dulspekihluti heimsins sýnist mér vera æstur í sókn eftir Yoga. Hindúar nærðu gamla skólann og unnu eftir misskilinni hugmynd um að efnisleg þjónusta fyrir meistarann myndi reisa þá upp á topp hins gullna fjalls, hrópandi „ó meistari sem ég vill þjóna og mun kasta á mig auman bliki sínu.“ Hann heldur að Yoga sé bragð sem meistarinn muni ekki upplýsa við neinn sem ekki hefur þjónað honum efnislega. Vestrænir menn eru einnig haldnir þessari tímabundnu aðdáun þegar þeir kalla „látið mig hafa meira af þýddu efni um líf Yoga eftir höfunda um Yoga.“ Þeir hafa ekki grun um þær gullnu námur sem liggja nú þegar þýddar og til staðar í bóksölum Vesturlanda. Allur sannleikur um Raja Yoga sem sannur guðspekingur þarf að vita, er nú þegar í tveimur verkum, Manu Smriti og Bagavat Gita, svo ekki sé minnst á skrif H. P. B.

2. Sri Krishna kallar því þennan ferill yagníka lífs sem hann hefur frætt Arjuna um, Yoga (1st Sloka 4th Chr.) Í raun er Yoga og Yagna sambætt og óaðskiljanlegt, þó að fólk skilji það í dag sem aðskilda þætti. Yoga kemur af rótt orðsins *Yuj*, að vera með, í merkingunni að taka þátt í. Þar sem hjartað er miðja manns, er með sama hætti heldur yogi hjartans sig í miðju alheimsins og þar með í sálinni. Sálin, eða hærri hugurinn, er drifafli

mannlegra tilveru, miðja hærri og lægri hvela tilverunnar og eins og ég hef áður nefnt, hefur yogi hjartans himneska hvelfinguna að ofan og jarðneska hyldýpið neðan við sig og yoga hans er því tvennskona. Hann tekur þátt í hinu efra með íhugun, og í athöfn hið neðra. Orðið yagna er dregið af *Yaj*, að þjóna, sem merkir einnig tvöföld þjónusta, þjónusta veitt hið neðra, er þjónusta veitt að ofan. Þar er Bramparpana karma, sem er svo illa skilið í dag, því í góðri sögn er Bramha persónugerður „sá sem gefur fátækum, lánar drottni.“ Vinir mínir, þið getið ekki hugsað of oft eða né of mikið um þessa höfðu hugmynd um Bramparpana Karma; því, ef þetta land á að rísa upp aftur, í orðsins fyllstu merkingu, þá eru það aðeins vitrustu synir þessa lands sem geta náð að vekja aftur það eðli hugar og lífs landsins og fleyta því á öldur athafna. Engin pólitískur, samfélags- né vitsmunalegur órói getur komið á fót hjarta siðferðis sem gæti kallast Bramharpana líf ef þetta hjarta er of veikt eða ekki til staðar, sem ég því miður tel að sé. Þetta karma er byggt á þríhliða fórn sem ég hef vísað til hér á undan og er lykilnótan að Bagavat Gita og þannig höfðar Gita sjálf til allra hugsuða og er lofuð, jafnvel frá sjálfum kristnum prestum — lof sem er augljóst af staðhæfingu, þó fáránleg sé, að Gita sé framhald Biblíunnar. Það er vegna atriða um óeigingjarna þjónustu við Guð og menn sem er rauði þráðurinn í Gita og vesturlandamenn byrjar að tala um Gitu sem nýja Biblíu fyrir heiminn. Hvað sem um það má segja, er heimsspeki Gitu það eina sem getur bundið saman ósamstætt mannkyn og gert þeim kleyft að lifa í friði og bróðurkærleika.

3. Snúum okkar aftur að viðfangsefninu, Sri Krishna segir Arjuna að það yoga sem hann kenni honum sé elsta arfleið heimsins. Það eigi uppruna sinn frá honum sjálfum, Krishna, drottinn Yoga, eins og Pouranikas (elstu

fræðimenn í gömlu ritunum) kölluðu hann og voru arftakar Rajarshees, sem ríktu á jörðinni fyrir þúsundum alda og hurfu ásamt varðveislumönnum Veda í tímans rás. Drottinn Krishna vísar til þessa elsta uppruna kenningarinnar um yoga, einungis til að Arjuna skilji sérstöðu þess, því samkvæmt Sri Krishna og allra indverskra kennara og hefða er líklegra að hið forna sé mikilvægara en það sem er nýrra. Þessi virðing fyrir fornri visku skilji þið þegar við hugsum um þróun heimsins sem hinir fornu meistarar hafa fært okkur. Séu allar þekktar siðmenningar, hugsanir og heimsspeki á síðustu tímum bornar saman við purana heimsspekina, sjáum við að þessi forna víska, sem er upprunnin svo langt aftur í tímann að við getum vart ímyndað okkur hann, hefur flætt áfram í gegnum ótal menningarrásir í tímans straumi til okkar tíma. Sönn heimsspeki sem hægt er að líkja við sól sem hafi skinið á tímans strauminn og hið sanna skýra ljós endurkastast af hinum ótal bylgjuhreyfingum yfirborðsins. En eins og árstraumur sem byrjar í tæru vatni fjallshlíðanna og vex æ meira á göngu sinni til hafs, verður orðin gruggugt við ármynnið, líkt er líf manna sem flæðir áfram frá hreinu upphafi hringrásanna, í efni og hugsun, til þess að vera borin þungu karma og andlega gruggi í lok þess tíma sem við lifum á, Kali Yuga, — tímabil sem framkallar verstu gerð manna og reynir því mest á andlega verkamenn og gefur þeim styrk og tækifæri til að rísa hærra eins og sagt er í setningunni

कलौखलु भविष्यन्ति नारायण परायणाः ।

„Það er Kali yuga sem kallar fram hollustu hjá mönnum til að þjóna drottni Narayana.“ Þessi setning hefur náð tökum á mönnum á rangan hátt, og notuð til að réttlæta eigin ósiði, en eins og ég hef bent á, hefur setningin tilvísun í lögmál andstæðra tengsla. Það að hluti okkar hringrásartímabils, yuga, í upphafi hreinleika og sakleysis sýndi sig best í Bramhacharyam

stiginu, þegar kraftur himnanna var á jörðinni í bernsku mannkynsins og hinu unga mannkyni var leitt á fyrstu stigum þróunarinnar í rétta átt. Ég held að það sé þetta tímabil sem drottinn Krisnha er að vísa í og að Ikshwaku var höfuð Rajarshees í sólarríki sem talin eru upp í Sanskrít ritum. Ikshwaku og fleiri vígðir konungar sem komu eftir honum höfðu allir þann sama mikla gúru, Manu, sem er afsprengi Vivaswan, eða sólarinnar.

4. Staðhæfing um að Manu sé afsprengi sólarinnar, hefur einnig verið afskræmd af hugsunarlausum hindúum svo að það er ástæða að segja ykkur að hinir fornu heimsspekingar áttu ekki við sólina í eiginlegri merkingu, áttu ekki við hnött af brennandi efni, heldur gaf það til kynna sem tjáð er með sólarengilinum í guðspekiritunum. Þeir, og H. P. B. sögðu að sólin vera $^{4}J^{4}if^{4}RT$, sjálflýsandi linsa þar sem hið óbirta ljós tekur á sig mynd, dreifist og birtir sig í milljónum sólkerfa, sem þróunarmáttur í efnisbirtingu, m.a. okkar sólkerfi. Sólareðlið sem má kalla ljós er sjöundi og hæsti þáttur hins birta ljóss sem við sjáum. Sólarenglar eru því háþróaðar andlega verur — með mikla vitund sem samsvarar efninu sem þær íklæðast. Til að tengja þær við það sem ég hef áður sagt, má líta á að þær saman myndi lótus Bramha. Þessir englar ganga undir ýmsum nöfnum, m.a., plánetuandar, Asuras ofl. En til að fá betri hugmynd um eðli þeirra, getum við hugsað okkur að þær standi í sömu tengslum við endurnýjaðan heim Brahmina, eða Nirmanakaya (eilíf birting), eins og þeir standa gagnvart mannkyninu.

Þessir englar voru slíkir Bramhinar í fyrri Mahamanwantarms (hér er átt við fyrri hringrás sólkerfisins), sem þjónuðu um ómuna tíð í þjáningu og þraut við að byggja upp visku í heiminum, þaðan sem þeir birtust sem englar úr hinni eilífa vömb Aditi (kosmíska móðir), eftir tímabil Mahapralaya (tímabil á milli kosmískra hringrásra, eða kosmíska nótt Brahma) og með

karmísku áhrifum þess. Þessir englar eru fyrstu andardrættir hins óbirta logos, Sri Krishna, og eru sagðir draga yogíska lífið frá honum í dögum sköpunar og eðlilega segist Sri Krishna hafa kennt þeim. Vinir mínir, Sri Krishna getur eins og allt annað staðið fyrir fjórum mismunandi þáttum sem samsvara hinum fjórum möntrum hins helga OM. Hann er hin óbirti logos og hjarta heimsins. Hann er andlegir sólarenglar, eða Nirmanakaya, eða hærri hugurinn, og það er fyrir ykkur að finna réttu auðkennin þegar þið farið í gegnum Gita. Sólarenglarnir eru innblástur fyrir Nirmanakayas og Rajarshees og svo framvegis, Gita segir að sólin hafi kennt Manu og Rajarshees. Orðið Manu gefur annað hvort til kynna, mannkynið í heild sinni, eða fullnuma á sálarsviðinu sem gefur mannkyninu lögmálin niður í efnissviðið, í mannheim, annað hvort í fyrsta Yuga eða næst síðasta (71 Yuga) sem er minna manwantarm samkvæmt okkar fornu heimsspekingum.

5. Ef við íhugum Gita aftur, þá fær allt ljóðið meiri samkvæmni ef við kennum Arjuna og Krishna við lægri og hærri hugann í guðspekiritunum. Þeir eru tveir þættir eins og sama hlutarins og því segir Sri Krishna í 10 kafla, að Arjuna sé á meðal Pandavas. Ástæða Sri Krishna fyrir að halda yoga kennslunni að Arjuna er sú að Arjuna er Bhakta hans, eða sá sem er hollur þjónustuhlutverki sínu. Lægri hugarþátturinn er það sem flestir menn stjórna af, ræður því hvort yoga verður að raunveruleika og er aðeins möguleg fyrir þeim sem eru hollir í þjónustu sinni við meistara sinn, eða þeir sem dragast stöðugt að foreldri sínu, hærri huganum. Ef engin slíkur aðdráttur á sér stað, þá er allt yoga, Purana, Veda og öll önnur guðspekileg skrif, algjörlega merkingarlaus fyrir slíkan mann. Yogafræði eru eins og drottinn sagði eru dulræn og æðri, að það sem tengist æðra eðli mannsins er hulið þeim sem kjósa að lifa með lægri huganum og því sem tilheyrir

honum. Sama ástæðu er um gleymsku fyrri jarðvista. Það er áreiðanlega einn af mörgum erfiðleikum sem þið hafið reynt í upphafi guðspekilegra hugsanna. En þeir erfiðleikar hverfa ef þið hugleiðið vandlega eiginleika hugarþáttarins, hinn lægri, eða hinn jarðbundna og þann hærri, eða hinn himinborna. Hinn lægri er aðeins geisli hærri hugans sem nær niður í efnishulstrið til að lýsa því og gefur hugsun, langanir og minni, og það minni er aðeins efnisleg óskrifuð tafla í líkama sem hún lifir í og deyr. En þessum geisla er áskapað að leita uppruna síns og í samræmi við leit sína öðlast lægri hugurinn vitneskju um fyrri jarðvistir, sem eru eins og margar greinar sama tréð, hærri hugans. Hærri hugurinn er eins og festi sem perlur jarðvistanna raðast á og sé þeirri festi ekki náð, eru minningum um fyrri líf heldur ekki náð. En til þess að festinni sé náð, verður að beita lægri huganum upp á við, eða taka á sig einkenni hægri hugans. Hugsanir verða að vera ópersónulegar og hlutlausar, eða hugsunin verði eins og eilífur tímans fugl, svífandi og mikilfenglegur í hreyfingum sem sér allt á jörðu eins og í einu augnabliki. Svo að ef allar aðstæður eru til staðar, getur maðurinn náð svipmyndum úr fyrri lífi. En fram að því, er ástæðulaust að kvarta yfir vangetu efnislega minnisins að leita upp á við, á sama hátt er ekki hægt að ætlast til að höggormur svífi eins og örn. Sri-Krishna (sitjandi á Garuda, fugli tímans eins og sagt er í Puranas) getur munað allar fyrri jarðvistir sínar, en Arjuna getur það ekki (sveipaður kufli myrkurs).

6. Þetta vekur áhugaverða spurningu, ef Sri- Krishna er á svo háu sviði og laus úr öllum viðjum, upplýst og laus úr skýjum fáfræðinnar, en er sé engu síður háð lögmáli fæðingar og dauða. Meistarinn segir að fæðing hans í heiminn og dauði sé eins skonar tálsýn í tilveru manna og sé ekki reynsla fyrir hann eins og fyrir menn. Hann er án efa andleg eilíf vera og drottinn allra manna, en er sagður hafa vald á tjaldi Prakriti sem aðskilji alla menn

frá honum og fæðist í heiminn sem er tálsýn sem allir menn eru háðir. Orðið Maya (tálsýn) verið þið að skilja rétt, svo þið náðið hinni fornu heimsspeki. Afleiðsla orðsins sem gefin er, Ma +Ya, eða, *ekki það*. Maya er því afl sem birtir hluti sem eru ekki, eða sýndarkraftur sem rís af takmörkun á hinni fornum hugmynd um hina sönnu einingu sem tímabundið birtist sem margföldun með afli Maya. Eins og ég hef áður sagt, þá getur eining þróunarlega séð ekki verið aðskilin frá hinum mörgu, þessar tvær tilvistir eru óaðskiljanlegar og nauðsynlegar fyrir hvor aðra. Þessi heimur margbreytilegs eðlis er heimur hinna mörgu, honum verður aldrei algjörlega eytt, en birtingarsvið hans breytist aðeins frá lægri sviðum til hinna hærri, slíkar breytingar eru þó eyðing hinna lægri frá því sjónarhorni. Hæsta mögulega svið hinna æðstu hugsuða í okkar sólkerfi er kallað Avyakta, eða það óbirta og er svið sólkerfis okkar. Þegar sagt er að allur heimurinn farist í lok hins mikla pralaya, getum við aðeins skilið það sem svo að heimurinn hafi breytt birtingu sinni í hið hæsta Avyaktam og tekið stöðu sína þar í samræmi við lögmálið sem ræður því sviði. Þetta Avyaktam svið sem er síðasta birting tilvistar, var talin af Purana heimsspekingum vera hugsun handan efnistilvistunar og hafði í sjálfu sér eiginleika lægri birtinganna. Ég segi eiginleika, vegna þess að þetta hæsta stig guðlegrar sýnar var skilið af okkar fornu hugsuðum sem svið vitundarljóss, eða hið ósundurgreinalega hæsta ljós, alveg eins og við sjáum stjörnuþyrpingu í vetrarbrautinni sem eitt ljóssvið.

7. Þetta Avyaktam er einnig kallað Moolaprakriti, eða rót Prakriti og er upphafspunktur þróunar. Það hefur í sér eiginleika fjölbirtingu og má kenna við Maya Sakti sem er í tilvist með huldu hugsunarafli. Það hefur verið sagt af heimsspekingum okkar, t.d. Bagavan Sankaracharya. Í athugunum sínum á Bagavat-Gita, segir hann að Sri-Krishna geti ekki verið sagður fæddur eins

og allir menn, heldur birtist af eigin afli, með Vaishnavi Maya, eða efni sem hugsunarvera kölluð Krishna hefur yfir að ráða. Í þessu sambandi má leiða hugann að öðru. Það er staðreynd að við vöknum af svefni endurnærð á nýjum morgni, vökum meðan dagsljós er og sofum á nóttunni. Við vöknum á ný og rifjum upp atburði liðins dags og göngum til verka eftir kringumstæðum og andagift. Við erum því öll verur sem hreyfumst á því sem má kalla daglega hjólið, eða Ahoratra Cjakra. Við sveiflumst eins og pendúll frá einum enda og til baka, frá neikvæða vitundarpólnum til þess jákvæða sem kallast svefn og vaka. Þessa samsvörun má taka lengra. Við getum með sannni sagt að það sé ekki ein vera á þessari hlið kosmíska tjaldsins, sem ekki hreyfist á daglega hjólinu. Ein dagur þeirrar veru á hærra sviði er eins og heil hringur og margir smærri hringir vera á neðri sviðunum, en í raun ætti ekki að kalla það dag, þar sem dagur er aðeins breyting á vitundarveru frá jagrat vitund (vökuvitund) til meðvitundarleysis og til baka, í samræmi við lögmál aðgerðaleysis og athafnasemi er ríkir á því sviði.

8. Ég hef áður sagt að að drottinn Bramha er sagður af fornu heimsspekingum okkar, sitja á toppi gullna fjallsins og hefur umhverfis sig alla Brahma-Rishees, og er gefið til kynna af heimsspekingum okkar að kosmíski þátturinn samsvari lægri hugarþættinum (manas) í guðspekiritunum. Það er andi kosmískrar hugsýnar sem þróar kosmísku ferndina. Þessi andlega hugsýn tengist tímabili athafna og athafnaleysis sem mælist í okkar hugtökum sem tvö þúsund yugas eins og þið vitið. Ef við íhugum hvernig heimsspekingarnir hugsuðu ferndina sem hreina og eteríska eins og fræðimenn okkar gerðu, eru Bramha yogar það sama og yogar Lotumeyjunnar — eru sólarenglar og Dhyanees í guðspekiritunar. Þessir Dhyanar voru á ystu mörkum sólkerfisins og standa fyrir sömu tengslum við Brahmina heimsins eins og ég hef nefnt, eins og á milli föðurs

og sonar og því eru Brahminar sagðir synir Dhyanas. Sögn Sruti er dulspekileg „Sjálfíð er sonur í tjáningu“ og okkar fornu heimsspekingar litu á föður/sonar þáttinn sem eitt og dulspekilegan. Þessir englar, Mahatmas (fullnumar), kenndu mönnum með geislum hærri hugarþáttarins og í Vyswanara, eða Jagrat (vökuvitund) og drottinn Bramha, lókus, sameinaður andi englanna, er gjarnan kallaður afi okkar Purana hugsuða. Fjórði, eða yfirsíkilvitri þátturinn er drottinn Narayana, hin óbirta logos, og engin veit tímabil hans hjóls, þar sem Deva-Devaswara vinna. Í Bagavat-Gita talar Sri Krishna um fjóra þætti Vyswanara, og það er ykkar að finna hvenær þeirra er þörf. Fyrir ykkur sem eru áhugasamir um sálfræði, get ég sagt að þessir fjórir þættir geti með ákveðnum hætti kallast — drottinn tímans, drottinn yfirnáttúrulegra hugsana, drottinn hugsýna og drottinn forma.

9. Ef við snúum til baka og skoðum Yuga, getum við aðeins skoðað tímabil daghjól drottna hugsýna og forma, því, til að taka skoðun okkar enn hærri, er aðeins fálmi í myrkri eftir leyndarmálum sem Veda geymir aðeins fyrir innvígða í Purana. Til að tengja drottninn tímans við afmarkað tímabil er afstætt og að tengja það almennt við dhyan drottna er leyft segja okkar fornu heimsspekingar Purana. Þar eru einungis vangaveltur þegar sagt er að dagur, Mahamanwantara, sé hundrað ár Bramha, hvert ár sé 360 dagar og hver dagur 2.000 Yugas og hvert Yuga sé 4.320.000 jarðnesk ár, en aðrir segja að það sé lengra. Dagur Bramha er alveg nægilegt viðfangsefni fyrir okkar tilgang og það er áhugavert hvernig Purana heimsspekingarnir komust að niðurstöðu um 4.320.000.000 jarðnesk ár væru jöfn einum slíkum degi. Mér þykir fyrir því að fræða ykkur um að heimsspekin um tímabilin sem byggir á tölum er ekkert leyndamál fyrir stórum hluta guðspekinga og það er því skýrt að þið fáið engar vangaveltur frá mér um þessar tímahringsrásir. Ég get hins vegar sagt eitthvað um efnið sem ég hef

grafið upp úr Puranas í kyndilljósi sem H. P. B. hefur kveikt mannkyninu. Ég ræði aðeins töluraðirnar 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, og 10, áður en komið er að skýringum, og það sem ég mun segja ber keim af þróunareðlisfræði, en ég fullvissa ykkur að það efni er tormelt, en nærandi þegar það hefur verið melt. Til undirbúning mæli ég með versí í öðrum hluta Vishnu Pourana til íhugunar. Allt hjól tímans er byggt á öðru hjóli sólarvagnsins sem er ódauðlegt í eðli sínu, mótað af efni ársins með þremur sem nafið, fimm sem hjólrímlar og sex sem gjörðin.

12. Fyrirlestur

Kæru bræður.

Í rannsókn á kenningum um þessar tölur, er ekkert eins mikilvægt eins og taka inn í okkur anda tölunnar 1 af öllum tölum. Það er mjög erfitt fyrir hug og hjarta þar sem andi tölunnar er 1, þrátt fyrir að einn heimur sé margoft nefndur í vedískum þrætum. Vedaistar segja að drottinn allrar tilveru (bhootas) sé í hjarta hvers bhoota, eða sé innsta eðli alheimsins sem öll birting byggir á, á sama hátt er talan 1 innsti kjarni sem allar tölur byggja á. Þegar við segjum innsti kjarni, verðum við að gera töluna 1 að föstu tákni sem byggir á skilningi á rúmtaki líkamans og það er mikil mistök að að halda að atómið sé ekki í ytri hjúpi líkamans, heldur sé einhver staðar stakt og á leyndum stað í líkamanum. Við eigum að vita að atómið er líf líkamans og dreift um hann allan. Hinir fornu sögðu það það væri aðeins eitt sem er allt, þessi birti alheimur í öllum þáttum hans og við sjáum í heimi talnanna að talan 1 er í öllum öðrum tölum og drottnar yfir þeim. Þegar ég segi að hún drottni yfir, er vegna þess að allar aðrar tölur eru aðeins þættir hennar, og eiga sér einungis tilveru sem þjónar til að sýna mikilfengleika þess drottins. Heimurinn er aðeins til sem nauðsyn fyrir visku sálarinnar, því ef svo væri ekki, myndi hún ekki vera til. Það má segja að hún væri dauð, en viska hins eina Atma er lifandi viska og sem slík, eiga tölurnar tilvist í heiminum. Þessi eini sem við erum að ræða er andi þess sem við köllum einingu. Sem slík ber hún í sér allar tölur. Það er allt umliggjandi eðli og sem slíkt hefur í sér eiginleika þúsunda sem geta verið allstaðar í tilveru þessa mikla einingaranda. Ef við höfum þetta ávallt í huga, þá erum við lausir við margan misskilninginn

sem rís vegna staðhæfinga Purana heimsspekinganna sem settu fram orð eins og Para-Bramham, eða æðsta Brahm, eða æðstu eiginleika, tákn um 10, 100, 1000, 10000, 100000 osfv. Allar tölur eru aðeins tilbrigði af því eina og sem er til staðar á öllum sviðum. Þær eru allir devar og eru eilífar og eru gerðar til aðgreiningar hverja frá annarri, af tveimur öflum sem mynda hina tvo miklu risa sem eru þekktir sem Jaya og Vijaya, sá er hliðvörður þess eilífa leyndardóms þess eina, og hinn er megin verkfærið í sköpun og eyðingu. Þessi andar eru þekktir sem viðbót og frádráttur, eða aðlöðun og fráhrinding, ofl. Gerum nú ráð fyrir að ákveðið svið sé táknað sem tíu þegar tilverusviðin eru númeruð, það þýðir að það svið er frá einu sjónarhorni miðja lífs á öðru sviði og má álitið sem æðra Brahm. Á öðru sviði gæti drottinn Kasyapa orðið miðjan og fætt af sér alla og meðal þeirra Vishnu og það er ekki í ósamræmi við yfirlýsingu á öðrum stað, um að Kasyapa sé sonur Bramha, eða sonarsonur Vishnu.

2. Eftir að þið hafið hugsað um þann sem er númer eitt, Purana Narayana, eða alsjálfið, getur þú skoðað hugmyndina sem liggur að baki pythagórísku jöfnunni $1 + 2 + 3 + 4 = 10$. Hér gæti einhver vakið máls á því að tugakerfið sé ekki eina númerakerfið og þá gangi þetta ekki upp. Svar mitt er að tugakerfið er verk náttúrunnar, og hefur því verið tekinn allstaðar upp fyrir áhrif meistara heimsins. Auk þess má skoða þessa númeraheimsspeki með öðrum tölum. Tölur eru aðeins tákn og ekkert úr hugmyndaheimi manna glatast eða breytast með mismunandi sjónarhornum eða tölukerfum. Tákn $5 \times 5 = 25$, er jafngilt tákn og tákn $10 \times 10 = 100$ samkvæmt annarri niðurstöðu og því verða alheimssannindi óbreytt. Skoðum jöfnuna $1 + 2 + 3 + 4 = 10$, aðeins betur, og horfum ekki aðeins á hana sem tákn, heldur að innri merkingu hennar sem tákn. Talan 10 í jöfnunni stendur fyrir alheiminn og hringur núllsins er dreginn með einum drætti. Þessi hringur

táknar hin óendalega hringrá birtingarinnar og stendur fyrir *Ekki-hlutar* í Buddískri heimsspeki og Parabramham í Veda. Hringur með einn innan hans, eða hið óskiljanlega Alsjálf innan hans. Það er hin endanlega aðgerðarleysis, pralaya, sem mun gerast í fjarlægri framtíð eftir ótölulegan fjölda kalpas, para-nirvaníska hvíld. Þangað til er átrúnaður á hina miklu bramhina heimsins sá andi sem þekkur er sem Maheswara í sanskrits ritunum, andinn sem ríkir yfir tölunni 2, sem skiptir heiminum í tvennt, hinn innri og ytri — einstaklings sjálfið og ytri heiminn. Það er þetta sem færir alla meistara, mahatmas, til að viðhalda einstaklingsvitund sinni og vinna fyrir heiminn. Sá eilífi einn sem er miðja andlegrar sólar, sem má skilja að hafi sent frá sér geislahópa inn í hið kosmíska frumefni, pradhana, og hver geisli er lífsandi, Jiva, er sendur til að uppfylla ákveðnar skyldur og fyrirskipað að koma til skila árangrinum sem náð var í hin eilífa viskuförða. Tvíhyggja er nauðsynlegt drifafl fyrir einingu og hinir fornu heimsspekingar hafa sérstaka áherslu á þá staðreynd að Maheswara og Narayana séu aðeins tvær hliðar hins eina sannleika, sá fyrri lítur niður og sá síðari lítur upp. Sá fyrri er því skuggi sem er skapaður fyrir þróunina.

3. Þessi tala 2, krefst vandlegrar íhugunar. Það er bæði samræmi og ósamræmi sem mætast og því vísaði Sruti í Maheswara um hinar tvær hliðar, fegurðar og hryllings. Heimsspekingarnir lýstu því Maheswara og fylgjendum hans á sérstakan hátt. Annars vegar voru hinir miklu Rishees sem höfðu unnið sig upp til Nirvana, og hinir sem tóku á sig hryllilega lögun og athafnir. Mannlegar afbakanir, frumöfl, frumaflsverur, illmenni, þjófar og aðrir menn sem hafa unnið sig upp í andlegar hæðir. Á grunni tvíhyggju eru allir þar. Einnig eru önnur truflandi öfl þar, sumir með bjöllur og hávaða. Aðrir galandi eins og úlfar og aðrir geltandi eins og hundar. Í miðju þessa hryllingsfjölda standa þessir tveir máttugu, hengdir á hinn eina sem

þróunarnauðsyn sem ríkja yfir þegnum þessa ósamræmis. Það er upphaf tvíhyggjunnar og ríkir því yfir hinu kosmíska Maya, eins og þeir lýsa því. Þó tveir sé tala Maya, er það engu að síður hið hæsta einingarsvið sem hægt er að ná á þessum tímum. Ástæðan er einföld; því ef þú setur hvaða tölu sem er á skala númer tvo, tekur það hina stöðugu 1 1 1 1 og það er ekkert nema eining. Mismunandi tölur eru til staðar á sviði drottins tvíhyggjunnar í nánnum tengslum við anda þess eina. Þar sem Maya birtir hið eina í mörgu og skapar margskonar skuggamyndir, er Maheswara hið skapandi afl alheimsins og ríður þar yfir á nauti. Af þessum fyrrnefndu ástæðum, eru tveir álitnir óheillatala, sem skapar alskyns óhöpp vegna eigin tvöfalda eðlis og vöntun á stöðugleika. Ef áhrif talna á málefni manna eru ekki tekin til, er hægt að skrifa mikið um þetta. Af eðlilegum ástæðum er álitid að allar jafnar tölur hafi tvo í sér, og eru álitnar hafa í eðli sínu óheppni, þó það eðli sé ekki áberandi. Ef öll tilveran er álitin tvíþætt, er talan 1 sál og andi, og talan 2 sé lífið og efni. Rúmfræðilega er talan 1 punturinn og tala 2 beina línan. Þar sem bein lína er fyrsti mögulegi hluturinn fyrir rúmfræðilega myndun, er ljóst að talan 2 er grunnur allrar birtingar.

4. Ef þið hafið skoðað vandlega anda tölunar 1 og 2, skiljið þið að talan 2, er hæsta svið sem maður getur náð. Það er sú guðlega hæð sem mannleg viðleitni getur náð í að öðlast samræmi úr öllu þessu ósamræmi. Drottinn Maheswara hvíslar í hjarta hvers guðlega hugsandi manns „Ó maður, þú skapari þessara dauðlegu ákalla og athafna, sérðu að sál þín er í öllu og dregur allt inn í þig. Þetta er hæsta stigið, stoppaðu og hugsaðu um drottinn Narayana. Þú munt þá vita að þú og ég erum eins, að þú ert = ég. Þar til verður þú að láta þér nægja stöðu þína í hinni miklu vitund, þar sem hver fruma tengist annarri með rafboðum.“ Kæru vinir, nú getum við haldið áfram með athugun á tölunni 3, sem er ein sú mikilvægasta í talnalistanum,

ég segi að hún sé mikilvægust vegna þess að talan mun, með réttum skilningi leiða mannkynið örugglega í gegnum ótal hættur sem steðja að honum á alla vegu. Þrír er tala sem skiptir allri tilverunni í þekkjandann, þekkinguna og hið þekkta, eða viðfangsefnið. Máttur skynjunar sem býr í lífinu, eða lífspúlsi, birtir sig sem hin hlutlægi Alheimur. Við getum snúið okkur aftur að tölunni 2 og íhugað hana sem hið eina og allt, hið eina er miðja sem birtir sig í hinum endalausum hring alls. Maheswara er því einstaklingsvitund sem birtir sig í alheimshringnum á birtingartímabilinu. Þegar hið endanlega pralaya á sér stað, hefur Maheswarra lokið hlutverki sínu og snúið upphafs alls. Sál *Ekki-hlutar*, eða þess eilífa núlls í algerri þögn er besta svarið við spurningum um Parabramham. Þessi eilífa tala tveir, ásamt tölunni þremur er hin sanna sál eins og hún á að vera. Mannleg tilvera er viðfangsefnið og tilgangurinn og skynjun á hinu hæsta sviði ættum við að gera ráð fyrir að vera stórkosmíska viðfangsefnið, markmiðið og skynjunin.

5. Íhugum vel og vandlega hvað hinir fornu vedísku heimsspekingar sögðu um Bramham. Þeir sögðu það sannleikann, visku eða skynjun og endalausann hringur. Sá fyrsti er Logos, sá annar er ljós hans í heiminum eins og Mr. Subba Row nefnir það og það þriðja er hinn birti heimur. Mannleg þróun er einfaldlega þróun hvers og eins manns og vex hlutfallslega eftir því sem hann rís hærra, hann ætti að halda fast í sinn eigin geisla — sál sína, Krist eða Krishna og stuðla að því að sú sál rísi enn hærra. Táknið er drottinn Krishna sem situr á svífandi fuglinum Garuda, hjartanu, eða rósinni í krossinum sem þekkt er sem swastica í guðspekiritunum. Ef þessu tákni er haldið stöðugt fyrir andlegu augunum, mun maðurinn verða maður og að lokum verða guð. Mikilvægi tölunnar þrír sýnist hafa verið vel þekkt hjá dulfræðingum á vesturlöndum, en mér er ekki kunnugt að sama áherslan

hafi verið á töluna tvo í tengslum við hið eina og allt. Mikilsmetin hugsuður í Evrópu, skrifaði bók á vitsmunalegum nótum og greindi allan heiminn sem hóp á vitsmunalegu stigi sem leitaði miðju sem kallast egó. Mjög falleg hugmynd. En hvað er þetta egó, eða kónguló með vef sinn umlukinn feng sínum? Þessari spurningu er hægt að svara á fullnægjandi hátt, en aðeins með hugsun þeirra vitru, það er, aðeins með því að gera ráð fyrir að geisli sálarviskunnar væri ætlað að vinna á tvíhyggjusvæði Malieswares, halda sig ávallt við hina algeru einingu, eða visku miðjusólar. Ef hann er aðeins einn og allt annað eru aðeins þættir í vitund hans, þá segir það sig sjálft að hann er drottinn og allt annað er sköpun hans. En slík tengsl sjást ekki í alheiminum. Sólin rís og heimurinn snýst, hvort sem maðurinn vill það eða ekki og það er öruggt að það er eitthvað annað en mannleg sál, þó þetta eitthvað blási anda í þá sál og trufli kjarna þeirrar sálar, visku eða vitund. Þess vegna þarf heimsspekingur að vera viss um að það séu aðrir svipaðir honum, og að heimurinn sé fjöldi eininga, sem fylgi lögmáli margra í eina vitund.

6. Eftir djúpa íhugun kann einhver að geta sagt eins og Sri Krisnha í Gita. „Ég er, þú ert, og allir aðrir konungar eru,“ þá vaknar spurning, „Er sálin hverfandi tálmynd og ef hún *var*, hvernig *var* hún fyrir fæðingu mína og hvernig *verður* hún eftir dauða minn?“ Þetta er ein mikilvægasta spurning, sem ein og sér leiðir manninn til fullvissu um áframhaldandi tilvist og kenningarinnar um endurfæðingu, sem án guðspekilegrar hugsana vesturlanda yrði afbökun og ónothæfur þáttur í lífinu og eins og hvatning til góðra verka. Hér getur talnaheimsspekin um töluna þrír í tengslum við töluna einn komið að góðum notum. Maðurinn skiptist í hugsanda, þekkingu og hið þekhta á vesturlöndum og þar endar það. Austurlandabúar ganga svolítið lengra og setja hvert fyrirbæri á sinn stað í heildinni. Við

skulum hugsa okkur stutta tilveru eins jarðlíf manna sem hring. Það er vitundarhringur hugsuðar. Miðja hringsins er mannleg sál og radíus hennar er þekkingargeislinn sem með hringferð sinni skapar tilveruhringinn. Það sem nægilegur skilningur er á tölunni tveim hefur sannfært okkur um að það sé heimur utan okkar, og ákveðin staðreynd í vitund okkar að við erum lifandi í heiminum, skulum við kynna það rúmfræðilega. Gerum risastóran hring með miðju sem táknar alheiminn í nútíðinni. Hugsum okkur mannlegan hring sem er lítil með eigin miðju sem hreyfist eftir ummáli stærri hringsins og myndar röð hjámiðjuhringja. Gerum nú ráð fyrir að þessi hjól séu mannleg æviskeið. Við getum séð að á hverju augnabliki snertir miðja smærri hringsins radíus stærri hringsins. Sálín er miðja stærri hringsins og miðja smærri hringsins er efnislega egóíð, og myndað til að gæta hverfandi bólunnar. Efnislega egóíð er þreifari sem sendur er frá sálinni og er því þjónn hennar. Það er í takt við hina raunverulegu og stærri miðju og allt erfiði mannsins að hugarreynslu hans snúi inn á við, eða á austrænu málstökum, -að leita vitundarlega út til stærri miðjunnar. Hugmyndir um endalausán tíma og rúm, þær tvær grunnhugmyndir sem afmarka takmarkaðan lífshring, eru á sviði sálarinnar. Þið sjáið vinir mínir að tengsl tölunar þrír og einnar, eða þríeinnar tilveru manns sem sýnd er eins og hjámiðjuhringur sem dregst með stærri hring, þar sem miðja þess er — hin endurfæddá vera, er lausn margra vandamála sem plagar hugsuðinn á allan hátt, ef hann missir tenginguna við sálina í raunhimni.

7. Snúum okkar aftur að tölunni þremur, sem er afskaplega mikilvæg, —þrír puntar sem mynda þríhyrning og flöt. Dulfræðilega þýðir það egó, með skynjunarmátt og efni sem mynda tilveru. Egó, þekking og hið þekkta, eru kannski ekki eins og við fávísir sjáum það, en er mun háleitara en sýnist. Það er ofar getu minni að lýsa því á hve margan hátt þessir þrír geta birst.

Guðspekin segir að þrír geti birst á sjö vegu —geti lagað sig að og myndað svið fyrir mannlegar verur til að lifa á, annað hvort eðlilegar, eða erfiðari sem leiðir til hærri sviða. Þegar ég segi eðlilegri eða erfiðari, er átt við tengsl við þríhyrninginn, einföldustu rúmfræðimyndina með þremur hornum og þremur hliðum. Ef A B C er þríhyrningur, geta hliðanna, AB, AC og BC verið grunnlína þríhyrningsins, en hornin A, B, C, má líta á sem erfiðari skrefin þar sem tilveran fer frá einni hlið til annarrar. Miðja þríhyrnings er samhæfingin og tilheyrir hærri sviðum, puntur, — rúmfræðilega nafnið fyrir töluna einn, — er sál forms og talna sem notuð eru til að sýna mismunandi svið og verða til af einum, tala hærri sviða- Þessi tala á hærri sviðunum sem kemur fram sem einn á lægri sviðum, hefur tvo þætti í sér í miðpuntinum, og þið munið sjá merkinguna sem hinir fornu heimsspekingar, sem sögðu að OM hefði 3 1/2 matms.

8. Töluna þrjá er ekki hægt að ofmeta. Ef óendaleiki tölunnar einn er hægt að setja fram í einingu með mörgum núllum og ef sú óendanlega tala er deild með þremur, er útkoman ávallt endalausir þrír. Hin óendanlega eining algerrar dulfræðilegrar tilvistar birtir sig snilldarlega í þremur hópum,— einn hópur fyrir hið algera, næsti fyrir hina hæstu guðlegu þætti, og þriðji fyrir birtingardevana. Ég segi deva, því þrír í upptalningu frá einum og upp í 10 getur aðeins táknað deva tilvist. Þið getið séð að talan 33 með mörgum núllum er talan sem táknar styrk devana og Purana heimsspekingarnir töldu devana þrjátíu og þrjá. Ef við leggjum saman tölurnar ofar þremur, frá 4 til 10 fáum við 49 sem samtölu. Kvarðarót 49 er 7 — tala hinna sjö hópa Pitir devas. Það eru sjö hópar Pitir deva og hver þeirra skiptist í sjö undirhópa. Þessir fjörtíu og níu Pitir devas hópar byggja hin birta alheim. Ef við bætum tölunni einn við, fáum við töluna fimmtíu — samtölu beinna lína og horna sem mynda tölflötung, sem er byggingarefni alheimsins. Ef við tvöföldum

töluna 49 yfir devas og Pitris, fáum við 98 og ef við bætum tölunni 3 (tala kasyapa) við 98 fáum við 101 — eða fyrstu töluna í töluröð 10^2 til 10^3 . Hér skulum við hafa í huga hvað Sanskrít segir um Kasyapa— faðir frumaflana Aditi, Rakshasas og Diti ; Skaparinn ,prajapati, sem er þriðja sérkennið í eigin eðli. Tökum einnig eftir að Vamana, þriðji mikli avatar afkomandi Vishnu eftir fæðingu Bramha gegnum munn Varahi, kvennaorkuna, er sonur Kasyapa. H. P. B. getur þess einu sinni í neðanmáli í eldri Theosophist (riti) að eðli hins eilífa keisara Bali sem nú lifir í Patali svæðinu, mun verða að fullu skilið þegar eðli þess Avatars sem mældi hina þrjá heima með þremur skrefum er skilinn. Betri sýn á þróun heimsins er gefin í Secret Doctrine,- enska nafnið á hinum fornu Purana ritum, frá sjónarhorni hinna þriggja upprunalegu, fæst miklu meiri skilningur.

9. Við skulum snúa okkur að skoðun á tölunni fjórum, tölu sem er jafn mikilvæg og talan þrír, og án skilnings á henni er fullkomnun ekki náð, því talan 4 er ferningurinn, sem er fullkomin mynd, með sínum fjórum jöfnum línunum og fjórum rétthyrndum hornum. Bein lína með rétt horn að annarri beinni línu eða fleti, gefur okkur hugmynd um jafnt fyrirkomulag í heimi vitunda í tengslum við sálina, meðan bein lína sem hallar að fleti, hefur þengri nálgun við þann hluta sem hún tengist, hluta sem fellur í skugga þegar andlega sólin er í hágöngu og þaðar flötinn. Við mennirnir sem eru mjög hallir að hugarsviðinu, erum nátengdir skugganum sem mætir augum okkar. Við verðum að muna að heimurinn er einn, en hefur margar hliðar og þar með hægt að skoða hann frá mörgum hliðum. Sagt er að framburður OM hefur í sér þrjár matras að sögn fornu heimsspekinganna, ásamt þeirri staðreynd að þrír puntar í rými myndi þríhyrning er nægilegt til að sannfæra okkur um að, dulfræðilega er það ekki eins auðvelt að fara frá þrenningu til ferndar eins og stíga upp stigþrep. Ferill frá þremur til fjögurra hefur í sér

mikla breytingu og merkingu. Hinir upphaflegu þrír hafa lokið hringferlinum innan 1-10 sviðsins og byrja nýjan hring með tölunni fjórir. Sumir heimsspekingana hafa séð alheiminn sem þríeina en aðrir sem sjöþátta, aðrir sem tífoldan og enn aðrir sem fimmfaldan. Þessi mismunandi sjónarhorn eru byggð á dulfræðilegri stærðfræði og til að skilja eitt sjónarhornið til hlítar, er að skilja þau öll. Ef öll sjónarhornin eru ekki runnin frá einu miklum sannleika og ef eitt sjónarhornið er endurtekning, þá erum við ekki undir réttu horni við svið þess sanna og vörpun skugga undan sannri sól himinsins.

10. Til að skilja aðstæður, verðum við að skoða kosmosinn sem fullbúinn þegar við höfum upprunalega þrjá, og þá verður að deila allri tilverunni í hið algera, hugsýnina og útfærsluna. Hið Algera er einn, Hugsýnin er annað, eða hið algera líf á hreyfing og þrír það sama er útfært, eða krystallað. Það er engin höfnun við þessa þríhyrningslöguðu útfærslu alheimsins ef þú samþykkir að skipta hverjum stærri þríhyrningi upp í smærri þríhyrninga. Þá hefur þú fjóra sem samsvara fjórum hornum þríhyrningskeilu sem mynduð er af fjórum þríhyrningum, andi fyrsta, annars og þriðja hefur verið fangaður í einfalda fjögurra hliða keilu sem mynduð er af einu punkti, tveimur beinum línunum og þremur þríhyrningum. Slík einföldun leiðir til ruglings og nálgast tregðu nútíma vedista sem einskorða alheiminn við engan Parabrahm og kallar allt fölsun. Þegar við einskorðum okkur við keilu fjögurra þríhyrninga, stara aðrar tölur framan í okkur og segja okkur að við höfum stoppað of snemma. Það eru sex beinar línur, tólf fletir og að þó $6 = 2 \times 3$ og $12 = 3 \times 4$, við höfum engu að síður, engar viðbótartölur deilanlegar í þætti, sem ganga inn í þessa einföldu rúmfræðimynd okkar. Af þeirri ástæðu eru þríhyrningsmyndun kosmosins ekki nægilega einföld og fullnægjandi fyrir okkur, þó að dulfræðilega séu öll

yfirborð alheimsins deilanleg í þríhyrninga. Af þessari ástæðu hafa sumir heimsspekingarnir, meðal þeirra hinir puranísku, séð kosmosinn sjöþættan — sem ekki er myndaður af sjöflötungi, heldur tveim samþættum þríhyrningum með miðpunti, sem tengist sexhyrningi í alheimshvelinu með miðpunti. Við skulum því skoða töluna fjóra frá sjöþættum sjónarhóli.

11. Hvaða sjöskiptingu eigum við að skoða? Hin sjö svið, sjö flokka Pitris, hinir sjö frumþættir eru ekki skýrir sem sjöskiptar rúmfræðimyndir, ég legg því til að við tökum hin fimm föstu efni, þríhyrning og punti sem sjöskiptingu og förum niður frá punti í tölflötung. Höfum í huga hvað H. P. B. sagði um 10 sephiroth— sjö birtir og þrír hærri sem kóróna. Í samræmi við þessa útskýringu H. P. B., hef ég reynt að gefa fátæklega lýsingu af hinum þremur hæstu sviðunum hinum þremur upprunalegu Genius í kosmosinum, einn sem tengir geislanna saman með þræði Vyswanara, eða jagrat, vökuvitund og er bundin af þríhyrningi markmiðs, þekkingu og efnis, annar Genius tengir allt með ákveðnum hugsýnum og sá þriðji dregur allt saman í eiginleika punts í Nirvana. Þar sem ég hef nefnt sviðin sjö, er ljóst að ég lít til tíu sem réttu töluna sem H. P. B. nefndi. Allur alheimurinn er deilanlegur í Nara=hugsun, Nari=líf eða andardrátt, og viraj=form, það er skýrt að þau þrjú svið sem ég hef vísað til, þ.e. nr 1, 2, 3, eru hæstu tilverustigin. Stór-kosmosinn er meira en einstakur heimur og við skulum snúa okkur aftur að sviði Satya, eða sviði drottins Bramha, hinum kosmíska og einstaka dreymanda.


12. Hér er mikilvægt að greina eðli miðþáttarins sem tengir tvískiptinguna. Þessi þáttur tengist báðum hliðum og hefur enga tilvist án þeirra. Í þrískiptingu tímans, fortíð, nútíð, framtíð, er miðþátturinn aðeins stærðfræðileg tilvist sem tengir fortíð og framtíð og stendur á grunni

hugarvillu sem tilvist. Þessi hugmynd tekur til þriggja sviða , bhoo-bhuvar og suvar, (efnis, tilfinninga, hugar), hinir þrír þættir sem stýra manni í jarðvist, mun kasta ljósi á eðli efnissviðsins (bhuvar loka) og tengsl þess við guðlegar verur einnig þegar þær taka sér jarðvist. Ef við gefum okkur að tala alheims sé 10, getum við ekki gefið formlausri tilvist númer, þar sem hún er óhugsandi. Við verðum því að skipta þessu í tvennt, lægri helming í formi og efri helming í engu formi, við sjáum því töluna fimm af tíu, þ.e. 5 rúmmyndir hina föstu tilvistarþætti efnis. Þess vegna hafa tvö af sjö sviðum sem við erum að skoða, ekkert að gera með form og tilheyra því það sem má kalla dhyana, yfirnáttúruleg. Þau er tvö af sjö sviðum sem maður þarf að ganga gegnum áður en hann tekur sína stöðu í vyswanara hlið í hærri þríhyrningnum. Sama á við í kosmísku þróuninni sem má kalla þokukennnd svið þar sem stöðug form eru ómöguleg og þar sem fjöll eru vængjuð, samanber yfirlýsingu Purana, sem skeður fyrir dauða Hiranyaksha — sálar heimsins.

13. Sjöunda sviðið, talið er neðan frá, eða fjórða sviðið, talið ofan frá þekkjum við allir sem svið drottins Bramha, anda kosmískrar hugsýnar. Þið vitið einnig að hann hefur fjórar ásjónur og það er númer athafnasviðs hans. Þessar fjórar ásjónur svara til fjögurra átta m.a. fjögurra þátta heimsins sem ekki nást og eru eftir og sem ræður sjöskiptingu efnisins. Bramha sjálfur er alstaðar og ekki bundinn neinu ástandi. Þessi Bramha er hin fyrsti Jiva sem getið er í Veda ritunum og er sagður vera sonur hins eilífa hjá Purana höfundum. Hann er kallaður sonur föður, eða faðirinn sjálfur í tjáningu. Svið föðursins er óendanleikinn og hann er kallaður Ananta, eða eilífðin, eða sonurinn sem er drottinn endanlegs hvels, þekkt sem eitt sólkerfi

. Sýnilega sólin er aðeins hið birta hjarta Tejas, þessar sonar og er efnislega miðja alls orkustreymis í okkar sólkerfi. Talan fjórir hefur sérstaka tilvísun fyrir okkur hindúa, því hún er tala Veda og eru hinir fjórir þættir Bramhic sviðsins, og táknar Norður, Austur, Suður og Vestur, og vísar í fjóra flokka Deva sem þekktir eru sem Viswa devas, Vasus, Rudras og Audityas. Hugleiðum nú alla birtinguna sem fjóra, sá fyrsta er hið Algera, annað er hugsun, þriðja er lífið, og fjórða sem formið, og þessir þættir svara til hinna fjögurra meginregla fjórðungsskiptingar sem eru að baki stéttarskiptingu manna, Bramhins, Kshatriyas Vaisyas og Sudras. Það er einnig skipting á hinum fjórum meginreglum kosmíska sviðsins, sem vinna gegnum hringstreymi tímans sem mynda hinar fjórar aldir Krita, Treta, Dwapara og Kali, eða aldir gulls, silfurs, bronz og járns. Þessi fjögur tímabil, eins og þið vitið, skiptist í hlutföllunum talnanna 4, 3, 2 og 1, en veruleikin skiptist í talnaröðinni 1, 2, 3, 4. Samræmi tilverunnar er því samkvæmt 4, 3, 2, 1, og meðalævi manna er samkvæmt því 400, 300, 200 og 100 ár, (vide 1st. Kafli Manu).


14. Snúum aftur að fjórum, sem er mikilvæg sem einn að viðbættum þremur. Þrír er tala möntrunar OM og yfirfærslan er því í þremur þrepum, sem byrja frá einum punkti í landi þöguls sannleika, sem færir okkur aftur til sama lands. Sannleikurinn hefur sent geisla sinn gegnum tvö svið, líf anda og sálar inn í fjórða sviðið, svið hlutlægs lífs, eða, föðurnum er fæddur sonur. Af sömu ástæðu eru 7unda og 10unda mjög mikilvægar og allar tölurnar frá einum til tíu er hægt að rita þannig.



Í Purana setningarfræði er tölusvið talna séð sem upphaf allra hlutlægrar birtinga, sem fjallið Kailas og þar er hólfið Manasa, þar sem allri orku algildra hugsana er komið fyrir. Það hleðst upp á Kailas og byggir birtingu heimsins, og norður af því er hvíldarlandið, eða land Mukti eins og Bheeshmain sagði í Mahabharata. Það er sama upphleðsla sem birtir sig sem Akas á sviði 4 og Akas myndar líkama drottins Bramha. Hlutlægur þáttur hlutlægs eðlis og sýndur sem $4=2 \times 2$. Ég mun ekki dvelja meira við þessa tölu, og bið ykkur að skoða vel hvernig þessar mikilvægu tölur, þrír og fjórir eru í sanskrít og guðspekiritunum.

15. Til að takast á við töluna 5, þarf varla að segja ykkur að hún er mjög mikilvæg og H. P. B. kallar hana fullkomnustu töluna. Þessi tala er miðlína talnaraðarinnar að tíu, sem byrjar í núlli og endar á núlli. Hún er því tala orku Parabramham — hin órekjanlegi straumur. Viðbót við hinn mikla straum þar sem fjórar tölur eru til hvorrar hliðar. Þeir sem lesið hafa greinina "Signs of the zodiac" eftir Mr. T. Subba Row, minnst kannski

túlkun hans á orðinu Makara. Hann leit á það sem pentagon, og fimmfaldan uppruna birtingarinnar sem form straumsins, sem kallað er Makaravahana í Sanskrit. Þessi Parabramham er hvorki Sat né Asat, hvorki hlutur né efni, hvorki Purusha né Prakriti, en þessi fimmstjörnu straumur á upptök sín í, og setur allstaðar mark sitt á neðar í birtingunni. Heimsspekingarnir sem litu á alheiminn sem sjöskiptan urðu að viðurkenna að hærri þrenningin væri á sérstakan hátt, ein í þrennu. Það að auki er hver sjöskipting sem hægt er að nefna þróun frá upphaflegri þrenningu svo hinir tveir samanlagðir mynduðu tíu, eða tvöfalda fimmu. Einnig að samtengdir tveir þríhyrningar með miðju í, sjáum við töluna 5 koma sér fyrir eins og sést á myndinni.




Það er því ekki mikill munur á milli fornu kenninganna um upphaflegu þrenninguna og afleiddrar sjö, og vedaísku kenninguna um fimm Kosas (þynnur), Annamaya, Pranamaya, Manomaya, Vignyanamaya, og Anandamaya. Ég þarf varla að benda ykkur á mikilvægi tölunnar fimm í Sanskrit ritum. Hin fimm líffæri, fimm skynjunarfæri, hin fimm tilvistarefni (bhootas), fimm finni skynfærin (tanmatras), fimm líkamir (Kosas), fimm orkustöðvar) pranas, fimm eldar, fimm fórnir (yagnas), eru nokkur dæmi. Í

grundvallaratriðum er mannsmynd svipuð fimmstjörnu, og því þurfum við ekki að vera hissa á tölunni 5, þar sem það eru sjáanleg fimm í hverri sjöskiptingu í náttúrunni.

16. Það að mannsmynd er lík fimmstjörnu, hefur djúpa merkingu. Myndin




sýnir tákn um mannveru eða hugsuð í mannlegu hjarta. Á þeirri stundu þegar maður glatar þeim einkennum sínum að vera kallaður hugsuður, er hann ekki lengur mannleg vera, þó það sé engil af hárri gráður. Sú staðreynd að við erum á fimmta sviði af tíu, talið ofan frá og ofar fimm lægri formsviðanna, gefur til kynna að það sé svið sem maðurinn geti náð. Jafnvel hér geti hugsuðurinn beitt allri hugarorku sinni og beint henni upp á við, eða að vera í Samadhi. Hann getur því verið laus við form og er ekki í beinum tengslum við heima formana. Ef hugsuðurinn samsvarar sér í tilvist á fjórða sviði er hann ekki lengur hugsuðurinn, heldur hugsunin sjálf. Þetta fimmta svið má skoða sem nokkurskonar Nara-Narayana athvarf þar sem drottinn allra sviða gefur hinum andlega hugsuði persónulega sýn. Þannig getur tilvistareðlið endurspeglað það.



Hringurinn táknar hin endalausa hring, eða sannleikann að baki rými alheimsins, og hringmiðjan er ein með honum í andlegri hugsun. Þríhyrningurinn táknar efnið sem vera hjúpar sig með, eða takmarkaða aflinu sem gerir hugsuðinn að einstaklingi. Fimmta sviðið, eða annað sviðið í sjöskiptingunni, frá 4 til 10, er vera takmörkuð af tilveru við eitt sólkerfi. Það er neðan við svið drottins Bramha, sonar óendanleikans. Það er svið Bramha-Rishees, eða hugarvera sem eru undir drottni sínum, Soma, hinu gullna eðli sem fyllir hveli óendanleikans. Þeir eru Budhi verur, algjörlega lausar við smámuni Kama. Höfum í huga hið kunna máltæki; að Bramhins eru þjónar drottins Soma (Yfirdrottins).

17. Atma, Budhi, Manas, hjólin þrjú, gefur sérhverjum meiri ferð og kemur á ákafa athafnanna í hugsun, Manas, sem er bundinn innan eins sólkerfis og færir okkur til töluna 6, eða sjötta svið, svið Raja-Rishees. Þið vitið allir kæru félagar að þessi tvö hugtök, Raja- Rishee og Bramha-Rishee, koma oft fyrir í sanskrit verkunum, og ég hugsa að hugtökin hafi tilvísun í lífseðli þeirra beggja. Í hina forna samfélagi, var konungur, raja, sá sem stýrði athöfnum fólksins og var einnig upphaf sálarlífs þess, meðan Bramhin var andlegur drottinn. Konungur var því beint undir þessum Bramhinum og hann hafði ekkert afl til að ráða vilja þeirra. Ef við færum þetta á aðgreininguna milli Bramha-Rishee og Raja Rishee, eru hinir fyrrnefndu

Íbúar andlegs sviðs sem hefur ekkert samband við jarðsviðið. En Raja-Rishee eru áfram innan formsviðsins, er í annarri stöðu. Þeir hafa sýn á atburði á neðri sviðum og getur brugðið á sig jarðneskt efni ef þörf er á. Ef athöfnum hugans er beint upp á við, hefur hann alla yfirburði Bramha-Rishee. Þetta svið svarar til Jano-sviðsins, eða 5ta sviðsins neðan frá á hinum sjö sviðum, eins og við eru vön að telja þau. Ef við vísum í Vishnu Purana í Adhyaya, er það svið hugarsona Bramha þ.e. Sanaka, Sanat kumara og fleiri. Þetta var kallað Kumara stigið af H. P. B, og er það stig sem ég hef kallað svið Raja-Rishees. Einfaldasta rúmfræðimyndin er keila fjögurra jafnhliða þríhyrninga



Og þið sjáið mikla líkingu með þessari mynd og þríhyrningi með punkti í miðju sem gaf til kynna 5 sviðið. Þið sjáið að þessi keila er mynduð frá þríhyrningi sem dregin er upp frá miðjunni í ákveðna fjarlægð og tengdur hornapunti grunnþríhyrningsins. Jiva hvers bhoota verður að vera í hjarta þess bhoota, jiva þessarar keilu er í hjarta hennar, eða þyngdarafmiðju hennar. Jiva hefur punkti í toppi og annan í grunni, miðju grunn þríhyrnings. Vinnan í grunninum, athafnir manna hið neðra er hægt að leiðbeina og beina upp á við að krúnunni, mannvera getur staðsett sig á himni og neytt einhvers somasafa með Bramhina bræðrum sínum. Þetta svið er sjötta sviðið, við sjáum að myndin er byggð af sex beinum línun, þremur sem

ganga upp í krónuna og hinar þrjár eru grunnlínur benda á það sem viljinn segir. Það eru aðrar vangaveltur sem tengjast þessari mynd sem ég læt ykkur um að hugleiða. Skoðun á öðrum rúmfræðimyndum er verkefni sem ég geymi til síðari tækifæri.